

SKATTUR Á FYRIRTÆKI

fyrirtækjaskattaréttur

Ásmundur G. Vilhjálmsson

Frádráttur í rekstri

Glærupakki 7

Vægi 8 til 9

Mög pýðingarmikill glærupakki

Efnisyfirlit

- Í síðasta tíma ræddum við um tekjur í atvinnurekstri og komumst að því að þær gætu bæði verið reglulegar og óreglulegar
- Ekki má heldur gleyma hliðartekjunum. Töluvert gagn er af þeim líka
- Í þessum glærupakka munum við hins vegar beina kastljósunum að frádrætti á móti tekjum og skiptist hann í eftirfarandi þætti

Um hvað verður fjallað

1. Vörunotkun
2. Almennan frádrátt og þá einkum:
 - ✓ Rekstrarkostnað. Regluleg útgjöld í rekstri
 - ✓ Mörk rekstrarkostnaðar og eignakostnaðar
 - ✓ Mörk rekstrarkostnaðar og einkakostnaðar
3. Rekstrartjón. Óvenjulegur gagnstætt venjulegur kostnaður
4. Hvað ekki má draga frá tekjum sem rekstrarkostnað?
5. Niðurfærslu og Fyrningu eigna ef tími vinnst til

Gjaldfærslusjónarmið

Jöfnunarreglan

- Við skráningu á tekjum og gjöldum mælir reikningshaldið svo fyrir um að við útreikning á afkomu, það er hagnaði í rekstri, skuli leitast við **að jafna gjöldum út á móti tekjum**
- Þetta er tiltölulega auðvelt þegar gjöldin eyðast, ganga til þurrðar á árinu svo að segja. Standi hins vegar eitthvað eftir óeytt af gjöldunum í árslok getur þurft að gera þau upp með **skipulegri** hætti
- Vörunotkun og fyrning varanlegra rekstrarfjármuna eru einmitt dæmi um það

Um vörunotkun almennt

- Við uppgjör hagnaðar af rekstri tróna reglulegar tekjur gjarnan efst
- Frá þeim er svo dregin vörunotkun til að finna brúttóhagnað og reikna út

FRAMLEGÐ

- Vörunotkun er því gríðarlega þýðingarmikill frádráttarliður við skattskil
- Samt sem áður eru sáralitlar upplýsingar að finna í skattalögum um það hvað teljist vara og hvernig gera skuli upp vörunotkun

Endursölu
vörur

4. tölul. 73. gr. TSL,

Sjá einnig 4. tölul. 31. gr. TSL

Eyðslu
vörur

- Við mat framtalsskyldra eigna (vara) gildir eftirfarandi:

- Vörubirgðir verslana og framleiðsluaðila, þar með taldar rekstrarvörubirgðir, svo sem hráefni, eldsneyti, **veiðarfæri** og vörur á framleiðslustigi, **skal telja til eignar á kostnaðar- eða framleiðslu-verði eða dagverði í lok reikningsárs, að frádregnum afföllum á gölluðum og úreltum vörum**

Skrifstofu
vörur,
ræstingar
vörur

Lína
önglar
flotvarpa

- Þó skal heimilt að draga allt að 5% frá þannig reiknuðu matsverði, sbr. 4. tölul. 31. gr. TSL

Ákvörðun vörunotkunar

- Vörunotkun er gjarnan ákvörðuð skv. formúlunni:
 $\text{Birgðir í ársbyrjun} + \text{innkaup} - \text{birgðir í árslok}$
- Af þessum stærðum skipta birgðir í árslok mestu máli. Helgast það m.a. af því að birgðir í ársbyrjun eru jafnt og birgðir í árslok og innkaupin orka sjaldnast tvímælis
- Hins vegar er galli að reglan segir okkur ekkert um það hvernig **ákveða beri fjölda** vörueininga á lager í árslok og **hvaða innkaupaverð** beri að leggja til grundvallar mati þeirra
- Þaðan af síður verður neitt af henni ráðið um vöru-hugtakið

Vara, hvað er það?

- Með vörum er almennt átt við lausafé sem ætlað er til endursölu í atvinnuskyni
- Hér til teljast m.a. flugvélar og skip en ekki fasteignir. Þá tíðkast ekki heldur að skilgreina **ÞJÓNUSTU** sem vöru
- Fasteign telst því ekki vara. Hugsanlega má víkja frá þessu þegar um framleiðslu á hluta í fasteignir er að ræða

Einingahús

ásælni eftir 5% niðurfærslu

- Með fasteign er átt við afmarkaðan hluta lands ásamt hlutum (byggingum, mannvirkjum o. fl.) sem varanlega eru við landið skeyttir
- Þegar um er að ræða framleiðslu eininga í hús er þessu skilyrði auðvitað ekki fullnægt
- Hlutaðeigandi ætti því að geta nýtt sér 5% niðurfærslu heimild, sbr. 4. tölul. 31. gr. TSL
- Sama gildir um aðila sem byggja sumarhús til flutnings. Þar til þau hafa verið fasttengd við land er nefnilega litið á þau sem vörur

Búfénaður, kýr, kyndur, o. fl.

- Uppgjör á kostnaði vegna búfénaðar lýtur sömu reglum og vörunotkun
- Þannig reiknum við út bústofnsaukningu og bústofnslækkun á grundvelli reglunnar:
 - Bústofn í ársbyrjun + aukning á árinu – bústofn í árslok.
- Í eðli sínu teljast gripirnir því vörur. Sama sjónarmið ber að leggja til grundvallar uppgjöri hagnaðar t.d. í Dýraríkinu o. fl.
- En dýr geta auðvitað líka verið varanlegir rekstrarfjármunir. Sem dæmi um það má t.d. nefna vakthunda

Einstakir flokkar vara

Hvað get ég niðurfært. Afmörkun

- Vara. Lausafé sem ætlað er til endursölu
- Veiðarfæri teljast vörur. Gjaldfærsla á þeim lýtur því sama lögmáli og vörunotkun
- Rekstrarvörubirgðir. Eignir, sem ekki eru ætlaðar til endursölu, heldur notkunar í fyrirtækinu sem slíku
 - Hjálparmunir. Eyðslueignir. Kostnaðarvörur. Olía og bensín, hvers konar smurningsvörur. Kynningarvörur. Gjafavarningur. Auglýsingamunir
- Varahlutir í vörur teljast vörur. Varahlutir í fyrnanlegar eignir teljast hins vegar hvorki vara né fyrnanleg eign

Heyforði slegið gras og keypt hey

- Slegið gras eða hey telst hluti af virði gripa og er það því ekki metið sérstaklega til skatts
- Keypt hey t.d. í formi böggla eða rúlla telst hins vegar hver önnur hjálparvara
- Í rekstri gjaldfærist það því eins og vara

Umbreyting

- Eign telst venjulega vara uns hún er seld
- Stundum kemur þó fyrir að hún sé tekin af lager og nýtt í eigin þágu atvinnustarfseminnar sem varanlegur rekstrarfjármunur
- Eðli eignarinnar breytist þá úr því að vera vara í það að vera varanlegur rekstrarfjármunur
- Þetta veldur úttektarskattsskyldu og það sem við tekjufærum er **kostnaðarverð** vörunnar á lager

Hvaða eignir eru á lager í árslok

- Ekkert mál er að ákveða í hvaða röð seldar eignir hafa verið keyptar og gera upp vörunotkunina þegar fáar **dýrar eignir** eiga í hlut
- Sé hins vegar um margar sams konar eignir að ræða, kostnaðarverð þeirra er til þess að gera lágt, eignirnar stafa frá safni sams konar eigna sem blandast hafa saman á lagernum er það ógerningur
- Þegar svo stendur á þurfum við semsé að búa okkur til ákveðnar forsendur um það í ákvaða röð keyptar eignir eru seldar

Fyrst þarf þó að telja vörurnar

Nánar, sjá 16. gr. BÓK

- Í lok hvers reikningsárs skal telja vörubirgðir og reikna út verðmæti þeirra
- Á vörutalningarlistum eða í vörutalningarbókum skal koma fram heiti, magn, **EININGARVERÐ** og útreiknað verðmæti hverrar einstakrar vörutegundar ásamt samtölu
- Vörutalningarlista og vörutalningarbækur skulu talningarmenn undirrita
- Þeir sem nota **stöðugt birgðabókhald** eru ekki bundnir af ákvæðum 1. mgr. enda er þá gert ráð fyrir skipulegum talningum og að birgðaskrár séu leiðréttar með reglubundnum hætti
- Ef birgðir eru verðlagðar á **SÖLUVERÐI** skal á skýran og aðgengilegan hátt koma fram hvernig kostnaðarverð er reiknað

Eignamat skv. BÓK

3. mgr. 28. gr

Berið saman við skattverð skv. VSL

Eru skattalög
háð lægsta
verðs reglunni

Dagverð
=söluverð
Hvaða söluverð
heildsöluverð
eða
smásöluverð

- Birgðir skal meta á kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist → **lægstaverðreglan**
- Ef birgðir eru metnar við dagverði og það er verulega lægra en kostnaðarverð **skal** gera grein fyrir því í skýringum
- **Kostnaðarverð birgða tekur til alls kostnaðar við kaup á birgðum eða áfallins kostnaðar við framleiðslu þeirra**
- **Auk þess telst til kostnaðarverðs birgða allur kostnaður við að koma þeim á núverandi stað og í það ástand sem þær eru**
- Dreifingarkostnað má **EKKI** telja til kostnaðarverðs birgða. Skv. því má draga hann strax frá tekjum sem rekstrarkostnað

Eignamat skv. ÁRS, sbr. 33. gr.

Hliðstæð ákvæði

- Birgðir skal meta á kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist → **lægstaverðreglan**
- Ef birgðir eru metnar við dagverði og það er verulega lægra en kostnaðarverð skal gera grein fyrir því í skýringum
- Kostnaðarverð birgða tekur til alls kostnaðar við kaup á birgðum eða áfallins kostnaðar við framleiðslu þeirra, sbr. 3. mgr. 29. gr.
- Auk þess telst til kostnaðarverðs birgða allur kostnaður við að koma þeim á núverandi stað og í það ástand sem þær eru
- Dreifingarkostnað má ekki telja til kostnaðarverðs birgða

Sjá reglugerð nr. 483/1994

um frádrátt frá tekjum í atv

Kostnaðarverð vöru.

2. gr.

1. Til rekstrarkostnaðar telst **kostnaðarverð vöru sem seld hefur verið á árinu og skal það ákvarðað þannig:**

- ✓ Vörubirgðir í ársbyrjun að viðbættu kostnaðarverði aðkeyptrar vöru á árinu og/eða framleiðslukostnaði vöru á árinu, að frádregnum vörubirgðum í árslok

2. Vörubirgðir í ársbyrjun og árslok skal telja á því verði sem þær eru metnar til EIGNARSKATTS

- ✓ Þú ert semsé ekki skyldur nota lágstaverðsregluna


YFIRLIT

- Ekkert af þessum ákvæðum segir okkur neitt um það **HVAÐA** vörur eru á lager í árslok
- Við ákvörðun á lagerstöðunni verðum við því að byggja á góðri reikningsskilavenju
- Útgangspunkturinn er því varúðarsjónarmið bókhaldsins. Hin almenna varkárnisregla
- Í rekstrarhagfræðinni eru til þrjú viðmið til að ákveða lagerstöðu. FIFO, LIFO og meðaltal þessa
- Athugum nú hvernig þessar reglur fullnægja því skilyrði

LIFO, FIFO o. fl.

- Þegar svo stendur á verðum við því að búa okkur til ákveðnar forsendur um söluna
 - **LIFO**: Síðast keyptu vörurnar skulu teljast vera fyrst seldar. Á lager eru því umfram allt fyrst (eldstu) innkeyptu vörurnar, 500 kr.
 - **FIFO**: Fyrst keyptu vörurnar skulu teljast vera fyrst seldar. Á lager eru því umfram allt síðast innkeyptu (yngstu) vörurnar (600 og 400 eða 550)

				LiFo	FiFo
Tekjur	Fj. eininga	Einingaverð	Kostnaðarverð	Sala	Sala
Sala á vöru	6,000	1,500		9,000,000	9,000,000
Vörunotkun	Fj. eininga	Einingaverð	Kostnaðarverð		
Staða í ársbyrjun	5,000	500	2,500,000		
Innkaup 1	1,000	650	650,000		
Innkaup 2	500	400	200,000		
Innkaup 3	1,500	600	900,000		
Samtals	8,000		4,250,000		
Staða í árslok	2,000	????			
Vörunotkun LiFo	2,000	500	1,000,000	3,250,000	
Vörunotkun FiFo	2,000	550	1,100,000		3,150,000
BrúttóHagnaður				5,750,000	5,850,000



LiFo
Hærri
vörunotkun

FiFo
Lægri
vörunotk

LÆGSTAVERÐSREGLAN

- Samkvæmt lægstaverðsreglunni ber manni að nota hvort sem lægra reynist kostnaðarverð eða dagverð
- Samkvæmt skattalögunum er maður hins vegar sjálf-ráður hvort maður notar kostnaðarverð eða dagverð
- Maður er semsé ekki bundinn af lægstaverðsreglunni
- Þetta má nota til að fresta tekjufærslu hagnaðar. Ef mikill hagnaður er af starfsemi getur verið gott að vita það

VERÐFALL BIRGÐA

janúarútsölnar

- Kostnaðarverð og framleiðsluverð birgða ákvarðast með hliðsjón af bókhaldinu
- Dagverð er jafnt og söluverð. Með því er þó ekki átt við útsöluverð heldur heildsöluverð
- Eftir lok reikningsárs kemur stundum fyrir að birgðir falla í verði. Ef verð pr. einingu í árslok í dæminu hér að framan stendur t.d. í 100 kr. fer brúttóhagnaðurinn úr 5.750.100 kr. í 4.750.900 kr.
- Hér er um að ræða fyrirframgerða gjaldfærslu og til að hún sé heimil verður verðfallið að vera svo nálægt áramótunum að ekki sé unnt að efast um tilvist þess

VERÐFALL BIRGÐA

janúarútsölnar

- Kostnaðarverð og framleiðsluverð birgða ákvarðast með hliðsjón af bókhaldinu
- Dagverð er jafnt og söluverð. Með því er þó ekki átt við útsöluverð heldur heildsöluverð
- Eftir lok reikningsárs kemur stundum fyrir að birgðir falla í verði. Ef verð pr. einingu í árslok í dæminu hér að framan stendur t.d. í 100 kr. lækkar brúttóhagnaðurinn úr 5.850.100 kr. í 4.950.000 kr.
- Hér er um að ræða fyrirframgerða gjaldfærslu og til að hún sé heimil verður verðfallið að vera svo nálægt áramótunum að ekki sé unnt að efast um tilvist þess

Dagverð í árslok nánar

- Með dagverði í árslok er átt við endurkaupsverð vörunnar 31. desember. Er það ekki útsöluverð í smásöluverslun, heldur heildsöluverð. Í tilvikum, þar sem erfitt er að sýna fram á, hvert heildsöluverð vörunnar er, kann þó að vera heimilt að nota smásöluverðið að frádreginni áætlaðri álagningu vegna brúttó hagnaðar af sölunni
- Ástæða þess, að ekki er heimilt að nota útsöluverð, stafar af því, að þá myndi brúttó hagnaður vera tekjufærður í rekstrinum, áður en atvinnu rekanda hlotnast hann - andstætt varúðarreglunni

Niðurfærsla vörubirgða

- Niðurfærsla vörubirgða hefur tíðkast hér á landi í mörg ár. Tilgangur niðurfærslunnar var upphaflega að tryggja verslunarmenn gegn verðfalli á vörubirgðum
- Hingað kom niðurfærslan frá Danmörku þar sem hún var lögtekin 1945. Seinna stríðinu var þá að ljúka. Vegna þessa var óttast um að vörur sem menn höfðu hamstrað myndu falla í verði
- Niðurfærslan, sem upphaflega nam um 30%, átti að verja menn gegn þessu. Er hún í raun **mismunarfærsla**, sbr. þetta dæmi:
- **Nemi birgðir í árslok árið 1 t.d. 100.000 má gjaldfæra 5.000. Þessi fjárhæð er svo tekjufærð árið 2 um leið og ný gjaldfærsla er gerð. Séu birgðir í árslok þá t.d. 200.000. verður gjaldfærslan 10.000, sem þýðir nettó gjaldfærslu upp á 5.000. Standi birgðirnar hins vegar í 50.000 kemur einungis 2.500 til gjalda þannig að eftir situr tekjufærsla upp á 2.500**

- d
ö
n
S
k
u

v
ö
r
u
l
ö
g
i
n
- § 1. Ved opgørelsen af den skattepligtige indkomst og formue kan næringsdrivende personer, dødsboer samt selskaber og foreninger vælge at opgøre deres varelagre på grundlag af:
 1. dagsprisen ved regnskabsårets slutning eller
 2. indkøbsprisen med tillæg af fragt, told og lignende (fakturaprisen) eller
 3. fremstillingsprisen, såfremt varen er fremstillet i egen virksomhed.
 - Stk. 2. Ved opgørelsen af varelagerets værdi i henhold til stk. 1 kan den skattepligtige **ikke** medregne afgift, der ved opgørelsen af hans afgiftstilsvar efter loven om almindelig omsætningsafgift kan fradrages som indgående afgift
 - Stk. 3. Den skattepligtige kan for hver enkelt varegruppe inden for varelageret vælge frit mellem de i stk. 1 nævnte opgørelses måder
 - Stk. 4. (* 1) I det beløb, der er opgjort efter bestemmelserne i stk. 1-3, kan der i de enkelte indkomstår foretages et nedslag, som højst kan udgøre følgende procentdel af beløbet:

• Indkomstår	pct.
• 1998 og derefter	0.

„... að frádregnum afföllum á gölluðum og úreltum vörum.“

Sönnunarbyrgðin hvílir á atvinnurekanda

- Gallaðar vörur. Skemmdar, ónýtar vörur o. fl.
- Úreltar. Óseljanlegar vörur. Algengast er að vara verði úrelt vegna breytinga á tísku, tækni o.fl. Oftast er þetta þó sp. um verð

Úrskurður nr. 198/2003


Gjaldár 2000

- Í málinu var m.a. deilt um þær ákvarðanir skattstjóra varðandi skattskil kæranda árið 2000 að hafna framlögðum ársreikningi vegna veitingarekstrar og að lækka gjaldfærða vörunotkun í rekstrarreikningi vegna verslunarrekstrar
- Yfirskattanefnd hnektti þessum ákvörðunum skattstjóra þar sem þær þóttu ekki á nægum rökum reistar í ljósi fram kominna skýringa kæranda auk þess sem forsendur skattstjóra voru ekki svo skýrar sem skyldi
- Samkvæmt skýringum kæranda, sem virðast eiga bæði við birgðir í ársbyrjun 1999 og vörur keyptar á árinu, var lager verslunarinnar komið í verð með sölu undir kostnaðarverði á síðari hluta ársins og rekstri verslunarinnar síðan hætt í árslok. Þá hafa kærendur skýrt frá því að ótilgreindur hluti lagersins hafi verið gefinn Rauða krossinum og verður að skilja það svo að um úreltar vörur hafi verið að ræða,

Frádráttur frá reglulegum tekjum

- Fyrstu tekjuskattslögin voru sett 1921. Skv. þeim einskorðaðist skattskyldan fyrst og fremst við **reglulegar tekjur**
- Eðlilega var því eingöngu kostnaður sem gekk til að afla þeirra frádráttarbær
- Þótt hagnaður af sölu eigna hafi síðar orðið skattskyldur hefur þessi grundvallarregla eigi að síður haldist óbreytt
 - og má réttlæta það með því að skattlagningin taki ekki til brúttóteknanna heldur eingöngu nettóteknanna það er mismunar söluverðs og stofnverðs

Tréð og ávextirnir



Hugsaðu þér að ávextirnir séu tekjurnar:

Frá tekjum af sölu þeirra má draga umhirðu ávaxta og bols svo og áburða notkun, tínslu, hreinsun og flutning, þar með talið geymslu epplanna. Kostnaður við kaupin á trénu má hins vegar ekki draga frá tekjum. Hann ber því að eignfæra með trénu. Sama gildir um endur bætur á því eða landinu sem tréð stendur á nema frádráttur þeirra sé sérstaklega heimill skv. lögum sem fyrning

SÖGULEGUR UPPRUNI

- Ákvæði um kostnað sem draga má frá tekjum er að finna í 31. gr. TSL →

REKSTRARKOSTNAÐARHUGTAKIÐ

- Meginákvæðið er í 1. tölul. 1. mgr. greinarinnar. Er það $2016 - 1921 = 95$ ára gamalt og hljóðar svo:
 - Rekstrarkostnað, þ.e. þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við
- Ákvæðið þetta kemur frá Danmörku, sbr. a-lið 6. gr. ríkistekjuskattslaganna frá 1922. Skv. lögum þar í landi er það að próast frá 1800-60 er það fær sína endanlegu mynd.
- Danir fengu það hins vegar frá Þýskalandi eins og tekjuhugtakið. Prússland. Hugtakið er því mjög gamalt

a-liður 6. gr. DSL
dönsku ríkisskattalögin
dönsk réttarframkvæmd getur því skipt máli

- Ved Beregningen af den skattepligtige Indkomst bliver at fradrage:
 - a) Driftsomkostninger, d.v.s. de Udgifter, som i Aarets Løb er anvendt til at erhverve, sikre og vedligeholde Indkomsten, derunder ordinære Afskrivninger;

1. tölul. 1. mgr. 31. gr. TSL

- **Frá tekjum lögaðila og þeim tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi eða eru tengdar slíkum rekstri má draga:**
 - ✓ Rekstrarkostnað, þ.e. þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, **tryggja þær og halda þeim við,**
 - ✓ **þar á meðal** iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda starfsmanna í lífeyrissjóði sem starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða,
 - ✓ **vexti af skuldum, afföll, gengistöp,**
 - ✓ niðurfærslu og fyrningu eigna, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum,
 - ✓ og það sem varið er til **tryggingar og viðhalds á eignum** þeim sem arð bera í rekstrinum

Rekstrarkostnaðarhugtakið

Má draga: Frádráttur er ekki skylda

- ✓ Frá tekjum lögaðila og þeim tekjum manna **sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi** eða **eru TENGÐAR slíkum rekstri** má draga:
 1. Rekstrarkostnað, þ.e. þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, ...
- ✓ Rýnum aðeins í orðin og athugum hvað þau merkja. Fyrst er að nefna hugtakið **rekstrarkostnað**. Þetta er ekki lögfræðilegt hugtak, heldur rekstrarhagfræðilegt/viðskiptafræðilegt
- ✓ Með „**á árinu** .“ er átt við rekstrarárið sem venjulega er almanaksárið. Gjöldin verða semsé að tengjast því. Hins vegar er ekki skilyrði að tekjur falli til á því ári

En „... **.ganga til að afla ...**“

Hvað merkir það?

- **Að ganga til** gerir ráð fyrir að gjöldin eyðist við tekjuöflunina. Skv. því má ekkert standa eftir óeytt í árslok
- Jafnframt er verið að ýja að því að einhvers konar **SAMBAND** þurfi að vera að milli gjalda og tekna svo að kostnaðurinn sé frádráttarbær en um eðli þess ríkir óvissa

1. mgr. 1. tölul. 31. gr. TSL

hugtak og skilgreining

- Með rekstrarkostnaði er átt við gjöld sem efnt hefur verið til á rekstrarárinu í þeim tilgangi að
 - ✓ afla tekna → Eyðslukostnaður. Tekjuöflunarkostnaður.
 - ✓ tryggja tekjur → Tekjuvátrygging gangstætt eignavátryggingum hvers konar. Framtíðarlegur tekjur. Áframhaldandi streymi
 - ✓ halda við tekjum → viðhald tekna gagnstætt viðhaldi eigna. Framtíðarlegur tekjur. Áframhaldandi streymi
- Kostnaðurinn gengur semsé hvorki til að fullnæja persónulegum þörfum atvinnurekanda eða skylduliði hans né er til staðar sem eign í árslok það er vara eða varanlegur rekstrarfjármunur

Sönnunarfærsla

- Frádráttur byggist á heimild, sbr. orðin „**má draga**“ í inngangi 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. TSL
- Véfengi skattstjóri frádrátt verður **skattaðili** því að geta sýnt fram á hann → öfugt við tekjur
- Sönnunarbyrgðin hvílir semsé á honum. Þetta leiðir auðvitað af bókhaldinu, sbr. 8. gr. laga um bókhald er hljóðar svo:
 - „Sérhver færsla í bókhaldi skal byggð á áreiðanlegum og fullnægjandi gögnum sem rekja má til viðskiptanna. Ytri sem innri gögn skulu fela í sér upplýsingar sem nægja til réttmætrar skráningar í bókhaldið“
- Skattlögin byggja á þessu. Jafnvel er til í dæminu að þau geri ríkari kröfur, sbr. 2. mgr. 1. tölul. 31. gr. TSL er hljóðar svo:
 - „Ef eigi hefur verið fullnægt skyldu til að afhenda ríkisskattstjóra upplýsingar um launagreiðslur og/eða verktakasamninga vegna vinnu, sbr. 92. gr., að aðgættum ákvæðum 96. gr., er ríkisskattstjóra heimilt að synja um frádrátt vegna þeirra greiðslna eða hlunninda“

Úrskurður nr. 201/2004

Gjaldár 2001

- Skattstjóri felldi niður gjaldfærð laun og launatengd gjöld í skattskilum kæranda á þeim forsendum að hann hefði ekki orðið við áskorun skattstjóra um að leggja fram upplýsingar um launagreiðslur og greiðslur vegna aðkeyptrar þjónustu
- Yfirskattanefnd hafnaði því sjónarmiði kæranda að með niðurfellingu á gjaldfærðum launum hefði verið brotið gegn meðalhófsreglu og bent á að heimild skattstjóra samkvæmt 2. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981 til þess að synja um frádrátt vegna slíkra greiðslna væri **í eðli sínu úrræði til þess að knýja á um lögboðna upplýsingagjöf**
- Á hinn bóginn fékk ekki staðist að fella niður á þessum grundvelli gjaldfærslur vegna reiknaðs endurgjalds, lífeyrissjóðs og tryggingagjalds í rekstrarreikningi kæranda og var sá þáttur ákvörðunar skattstjóra felldur úr gildi

Orðasambandið „... ganga til að afla ...“

- ... hefur verið túlkað þannig að einhvers konar **samband** þurfi að vera á milli gjalda og tekna svo að heimilt sé að draga gjöldin frá tekjum eins og áður segir
- Hins vegar deila menn um eðli sambandsins. Þannig er spurt hvort **orsakasamband** verði að vera þarna á milli en með því er átt við að gjöldin geti beinlínis af sér tekjur
- **Engu slíku sambandi er til að dreifa. Þá er heldur ekki unnt að krefjast þess að gjöldin séu nauðsynleg**
- Um einhvers konar samband er eigi að síður að ræða. Má ráða það af úrskurðarframkvæmd þegar frádrætti er hafnað að vegna þess að kostnaður tengist tekjunum ekki nægilega náið, beint eða standi ekki í nægilega beinu sambandi við...
→ kostnaðurinn tengist þannig meira manninum en fyrir-tækinu

Rannsóknar- og þróunarkostnaður, markaðsleit o. fl.

- Kostnaður vegna rannsóknar og þróunar er dæmi um gjöld sem telst svo **fjarlægur** tekjuöfluninni að almennt er ekki heimilt að draga hann frá tekjum
- Sama gildir um kostnað vegna markaðsleitar, öflunar einkaleyfa svo nokkuð sé nefnt
- Vegna þessa hefur reynst nauðsynlegt að lögfesta sérstök ákvæði um frádráttarbærnina og er það að finna í 32. gr. TSL er hljóðar svo:

Hér er um að ræða kostnað sem fyrirtæki verður fyrir í atvinnurekstri sínum. Ekki er því verið að kosta Rannsóknar og þróunarvinnu í öðru fyrirtæki

- Eftirtaldar eignir er heimilt að færa niður á því ári sem þær myndast eða með jöfnum fjárhæðum á fimm árum:
 - a) (Amennan) Stofnkostnað, svo sem kostnað við skráningu fyrirtækis og öflun atvinnurekstrarleyfa → Ath. þetta er eignakostnaður
 - b) (Sérstakan) Kostnað við tilraunavinnslu, markaðsleit, rannsóknir og öflun einkaleyfis og vörumerkja → Kostnaður sem er of fjarlægur tekjuöfluninni til að vera frádáttarbær
- Niðurfærsla samkvæmt grein þessari er heimil til frádráttar í fyrsta skipti á því ári þegar eignanna er aflað eða lagt er í kostnað þeirra vegna
- Við sölu eigna skv. a- og b-liðum 2. mgr. telst söluverð þeirra að fullu til tekna á söluári að frádregnum þeim hluta sem ekki hefur verið færður niður

Úrskurður nr. 10/2010

Gjaldár 2005

- Kærandi í máli þessu var hlutafélag sem hafði með höndum framleiðslu, þróun og sölu á lyfjum og lyfjahugviti. Deilt var um þá ákvörðun skattstjóra að skattleggja söluhagnað vegna sölu óefnislegra eigna á árinu 2004 í skattskilum kæranda þar sem skattstjóri féllst ekki á að um væri að ræða hagnað af sölu fyrnanlegra eigna sem heimilt væri að fresta skattlagningu á um tvenn áramót heldur væri um að tefla þróunarkostnað sem félli undir ákvæði um niðurfærslu eigna í 32. gr. laga nr. 90/2003
- Í úrskurði yfirskattanefndar kom fram að um væri að ræða sölu verðmæta sem fólgin væru í uppskriftum að lyfjum og skráningarlýsingum o.fl. sem sköpuð hefðu verið með þróunarvinnu á vegum kæranda á árunum 2002, 2003 og 2004
- Í skattskilum kæranda hefði umræddur kostnaður vegna lyfjaþróunar verið færður niður með þeim hætti sem greindi í 2. mgr. 32. gr. laga nr. 90/2003 og væri ekki deilt um að sú tilhögun hefði verið heimil
- Að því athuguðu var talið að söluhagnaður eigna, sem orðið hefðu til með þróunarvinnu kæranda, færi eftir 3. mgr. 32. gr. laga nr. 90/2003 og að söluverð eignanna teldist því að fullu til til tekna á söluári að frádregnum þeim hluta sem ekki hefði verið færður niður. Var kröfu kæranda hafnað

Ath. tímafærsluna
Getur skipt máli þegar
viðvarandi tap er af rekstri
en hefur kannski minni þýðingu núna

- Eftirtaldar eignir er heimilt að færa niður á því ári sem þær myndast eða með jöfnum fjárhæðum á fimm árum:
- Hvað fimm ár eru þetta. Má ég velja þau þe. árin
- Upphaf gjaldfærslu, sjá: Niðurfærsla samkvæmt grein þessari er heimil til frádráttar í fyrsta skipti á því ári þegar eignanna er aflað eða lagt er í kostnað þeirra vegna. HVAÐ ÞÝÐIR ÞETTA

Pr. verkefni -ekki
pr. fyrirtæki nema
um sé að ræða
samstarfs verkefni

Nýsköpunarfyrirtæki sjá lög nr. 152/2009

Er þetta
leiðin úr
kreppunni

- Nýsköpunarfyrirtæki sem hlotið hefur staðfestingu Rannís á tekjuárinu skv. 5. gr. á rétt á **sérstökum frádrætti** frá **álögðum tekjuskatti** sem nemur 20 hundraðshlutum af útlögðum kostnaði **vegna rannsóknar- og þróunarverkefna sinna**, enda sé um að ræða frádráttarbæran rekstrarkostnað í skilningi 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt → **kannski hefði verið réttara að vísa í 32. gr., sbr. b-lið 2. mgr. 32. gr. TSL hér að framan**
- **Ekki er semsé um að ræða tekjufrádrátt heldur skattafrádrátt**

Hvað getur skattfrádrátturinn orðið hár

- Hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti skal vera 300.000.000 kr. á rekstrarári ($0,20 \times 300.000.000$) = 60.000.000 kr. Sjá nánar 10. gr. laganna
- Ef um er að ræða **aðkeypta þjónustu** frá viðurkenndum aðila, sbr. 2. mgr. 5. gr., skal hámark kostnaðar samtals vera 450.000.000 kr. ($0,2 \times 450.000.000$) = 90.000.000 kr
- Sé um að ræða **samstarfsverkefni**, sbr. 7. gr., skal sama hámark gilda fyrir **verkefnið í heild** en frádrætti skipt hlutfallslega milli nýsköpunarfyrirtækjanna sem taka þátt í samstarfsverkefninu

Framkvæmd greiðslu

- Skattfrádráttur vegna rannsóknar og þróunar kemur til lækkunar á álögðum tekjuskatti við álagningu opinberra gjalda **lögaðila**, sbr. 71. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt
- Sé álagður tekjuskattur lægri en ákvarðaður frádráttur eða sé lögaðila ekki ákvarðaður tekjuskattur vegna skattalegs taps **skal frádrátturinn greiddur út**, að teknu tilliti til 112. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt
- Við ákvörðun á skattalegu tapi í þessu sambandi skal einungis líta til rekstrartaps viðkomandi nýsköpunar-fyrirtækis frá og með því rekstrarári sem það hlýtur staðfestingu

Fjárhæð gjalda

skipta þau máli

- Skattyfirvöld geta ekki heldur synjað frádrætti af þeirri einu ástæðu að kostnaðurinn sé óhóflegur
- Atvinnurekandi ræður semsé hvort hann tekur leigubíl eða strætó
- Stundum er kostnaður þó svo óhóflegur að óhjákvæmilegt er að líta á hluta hans sem einkakostnað
- Kostnaðurinn gengur þannig ekki fullkomlega til að afla tekna heldur til að fullnægja persónulegum þörfum skattaðila – þetta er þó undantekningartilvik

Gangur rekstrar

- Til að öðlast yfirsýn yfir frádrátt rekstrarkostnaðar það er þeirra gjalda sem ...
 - **Er gott að skipta æviskeiði fyrirtækis í 1) stofnun, 2) rekstur í gangi og 3) lokun**
- Kostnaður sem efnt er til vegna stofnunar og lokunar tengist almennt ekki tekjunum. Þar að auki er hann oft með eignablæ
- Þegar fyrirtæki er í fullum rekstri er kostnaðurinn hins vegar með ýmsum hætti. SKOÐUM ÞETTA NÁNAR

STOFNUN FYRIRTÆKIS

útvíkkun

- Kostnaður sem efnt er til í sambandi við stofnun fyrirtækis kallast stofnkostnaður
 - Hér til teljast lögmannspóknun vegna skjalagerðar, stofnunar- og skráningargjöld, öflun ýmissra leyfa o. fl.
- Þar sem þessi kostnaður tengist yfirleitt meira eigninni – fyrirtækinu – sem slíku er almennt óheimilt að draga hann frá tekjum
- Almennt hlutafjárútboð ...

a-liður 2. mgr. 32. gr. TSL

- Eftirtalдар eignir er heimilt að færa niður á því ári sem þær myndast eða með jöfnum fjárhæðum á fimm árum:
 - a) (Almennur) Stofnkostnað, svo sem kostnað við skráningu fyrirtækis og öflun atvinnurekstrarleyfa → Ath. þetta er eignakostnaður
 - b) (Sérstakur) Kostnað við tilraunavinnslu, markaðsleit, rannsóknir og öflun einkaleyfis og vörumerkja → Kostnaður sem er of fjarlægur til að vera frádáttarbær
- Niðurfærsla samkvæmt grein þessari er heimil til frádráttar í fyrsta skipti á því ári þegar eignanna er aflað eða lagt er í kostnað þeirra vegna
- Við sölu eigna skv. a- og b-liðum 2. mgr. telst söluverð þeirra að fullu til tekna á söluári að frádregnum þeim hluta sem ekki hefur verið færður niður

Tengingarvandamál

stofnkostnaður eða einkakostnaður

- A er að hefja sjálfstæðan atvinnurekstur sem sendibílastjóri. Til þess þarf hann meirapróf. Það kostar 250.000 kr. Hvers konar kostnaður er það?
- B starfar sem lögmaður. Nýlega sótti hann námskeið til að vera héraðsdóms lögmaður. Kostnaðurinn við námskeiðið var 500.000 kr. Hvers konar kostnaður er það?

Úrskurður nr. 385/2003

Gjaldár 2002

- Kröfu kæranda, sem var sjálfstætt starfandi húsa-smiður, um gjaldfærslu kostnaðar vegna námskeiðs, sem kærandi sótti til að hljóta löggildingu sem iðnmeistari, var hafnað þar **sem talið var að um persónulegan kostnað kæranda** væri að ræða en ekki frádráttarbæran námskeiðskostnað
- Á hinn bóginn var fallist á að kæranda væri heimilt að færa kostnað vegna gjalds til umhverfisráðuneytisins fyrir **löggildingarleyfið til frádráttar tekjum sem frádráttarbæran stofnkostnað**

Upphaf rekstrar undirbúningstímabil

- Frádráttur gjalda er auðvitað ekki heimill nema þau gangi til að afla tekna. Tekjuöflunin er semsé forsenda frádráttarins
- Atvinnurekstur telst byrja þegar aðili hefur tekið ákvörðun um að hefja hann og lýst þeirri ákvörðun í verki með opnun starfsstöðvar og sölu á vöru/þjónustu
- Ekki má því líða of langur tími á milli fyrsta Kostnaðarins og fyrstu Krónunnar í kassann. Gerist það skapast hætta á að frádrætti verði synjað

Úrskurður nr. 131/2008

Gjaldár 2001

- Kærendur, sem fluttu til Íslands frá Svíþjóð á árinu 2001, færðu til gjalda í skattskilum sínum gjaldárið 2001 ýmsan kostnað sem þau stofnuðu til á árinu 2000 vegna rekstrar lækna- og tannlæknastofu sem kærendur komu á fót hér á landi á árinu 2001
- Var deilt um það hvort umrædd útgjöld féllu undir frádráttarbæran rekstrarkostnað, sem heimilt væri að færa til gjalda í skattskilum kæranda tekjuárið 2000 þótt reksturinn hefði ekki byrjað að skila tekjum fyrr en á tekjuárinu 2001, eða eftir atvikum niðurfæranlegar eignir í skilningi 31. gr. A laga nr. 75/1981
- Að virtum atvikum málsins og þegar litið var til eðlis starfsemi kæranda, þ.e. sölu á þjónustu, var fallist á með skattstjóra að upphaf atvinnurekstrar kæranda yrði í skattalegu tilliti ekki miðað við tekjuárið 2000, enda hefði starfsemi kæranda ekki hafist fyrr en á tekjuárinu 2001. Þá þóttu engin efni til annars en að leggja til grundvallar að um væri að ræða upphaf nýs atvinnurekstrar hér á landi á árinu 2001 en ekki tímabundið rekstrarhlé, svo sem kærendur héldu fram
- Var því talið að gjaldfærsla hinna umdeildu útgjalda tekjuárið 2000 væri ekki að neinu leyti heimil í skattskilum kæranda gjaldárið 2001, hvorki á þeim grundvelli að um væri að ræða frádráttarbæran rekstrarkostnað né á þeim grundvelli að um væri að tefla kostnað sem heimilt væri að færa niður samkvæmt b-lið 2. mgr. 31. gr. A laga nr. 75/1981, enda hefðu kærendur ekki haft með höndum neinn atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi á tekjuárinu 2000

Úrskurður nr. 173/2002

Gjaldár 2000

- Kærandi, hugbúnaðarfyrtæki sem starfaði aðallega að gerð tölvuleiks, hafði engar tekjur haft frá stofnun félagsins. Í málinu krafðist félagið þess að rekstrargjöld ársins 1999, sem færð höfðu verið til eignar í efnahagsreikningi sem stofnkostnaður, yrðu viðurkennd sem yfirfæranlegt rekstrartap, enda væri um að ræða frádráttarbæran rekstrarkostnað
- Talið var að kæranda hefði verið rétt að eignfæra áfallinn framleiðslukostnað í árslok samkvæmt verklokaaðferð í reikningsskilum, enda hefði framleiðslu tölvuleiks ekki verið lokið á árinu 1999. Var ekki fallist á með kæranda að í skattskilum giltu að þessu leyti aðrar uppgjörsaðferðir en í reikningsskilum, enda byggðu skattalög á hliðstæðum meginreglum um **lotun** tekna og gjalda og lagðar væru til grundvallar í reikningsskilum. Kæru félagsins var vísað frá yfirskattanefnd

Nýsköpunarstarfsemi

Fyrirfram skráning o.fl. skv. reglugerð nr. 515/1996. Ekki samræmi milli VSL og TSL

4. gr.

1. Aðilar er stunda starfsemi á **PRÓUNAR- EÐA UNDIRBÚNINGSSTIGI** eiga rétt á skráningu, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., standi kaup þeirra á fjárfestingarvörum í beinu sambandi við sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu í atvinnuskyni á síðari rekstrartímabilum.
2. Skilyrði skráningar samkvæmt þessu ákvæði eru eftirfarandi:
 - a) Um sé að ræða atvinnustarfsemi, þ.e. starfsemi sem miði að rekstrarhagnaði eftir eðlilegan uppbyggingartíma
 - b) Fjárfesting aðila í varanlegum rekstrarfjármunum, þar með talið fasteignum og ræktun, eða vörubirgðum sé veruleg á sama tíma og eðlilegt sé vegna eðlis starfseminnar að hún skili ekki rekstrartekjum; ekki er nægilegt að aðili hafi verulegan kostnað af virðisaukaskatti vegna almenns rekstrarkostnaðar
 - c) Fyrirsjáanlegt sé að starfsemin muni skila tekjum
3. Skráning samkvæmt þessu ákvæði gildir í tólf mánuði. Aðili sem hefur verið skráður fyrirfram skráningu getur fengið skráningu í tólf mánuði til viðbótar hjá skattstjóra, þyki staðfest að forsendur skráningar séu óbreyttar frá því að aðili var skráður í upphafi. Þyki eðlilegt að starfsemin hafi ekki skilað tekjum innan þess tíma getur skattstjóri veitt aðila áframhaldandi skráningu **til allt að tíu ára**, mest tvö ár í senn. Að öðrum kosti ber skattstjóra að úrskurða aðila af skrá nema lögð sé fram trygging skv. 6. gr.1) *Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 215/2006*

Útvíkkun - stækkun

- A ehf. hefur stundað atvinnurekstur í Reykjavík um árabíl. Nú hyggst það setja sig niður á Akureyri. Í því skyni tekur fyrirtækið á leigu atvinnuhúsnæði í miðbæ Akureyrar
- Kostnaður vegna þessa er kominn í 5 millj. í árslok 2019. Vegna kreppunar hefur A ehf. nú ákveðið að hætta við þessar fyrirætlanir og því spyr ég ...
- Getur fyrirtækið gjaldfært þennan kostnað við skattskil 2020?

Kostnaður leiðir ekki til tekna

- Actavis hf. eyddi á sínum tíma X milljörðum króna vegna tilrauna til að eignast serbneska lyfjafyrirtækið Pliva
- Það bauð og bauð en fékk ekki og því spyr ég: Mátti draga kostnaðinn frá tekjum?
- Sjá g-lið 6. gr. reglugerðar nr. 483/1994
 - Kostnaður vegna sérfræðiaðstoðar við kaup og sölu eigna telst eigi til rekstrarkostnaðar. Við kaup teljast þessi útgjöld hluti af kostnaðarverði eignar og við sölu til lækkunar á söluverði

Fyrirtæki í rekstri

Launakostnaður

- Bein laun í peningum eru frádráttarbær rekstrarkostnaður
- Í þjónustu fyrirtæki er launakostnaður yfirleitt gjaldfærður strax. Sé um að ræða framleiðslu fyrirtæki getur hins vegar þurft að eignafæra hann um stund
- Til gjaldfærslu kemur þá ekki fyrr en hinar framleiddu eignir eru seldir/afhentar
- Með launum er átt við hvers konar endurgjald fyrir vinnu, sbr. 1. tölul. A-liðar 7. gr.TSL. Hér til telst m.a. mótframlag og tryggingagjald

Frá tekjum má draga rekstrarkostnað

- ... þar á meðal **IÐGJÖLD** til öflunar lífeyrisréttinda **STARFSMANNA** í lífeyrissjóði **sem starfa á grundvelli laga um** skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða
- Þau iðgjöld sem hér um ræðir eru fyrst og fremst **MÓTFRAMLAG LAUNAGREIÐANDA**
- Um skylduna, sjá 2. og 3. gr. laga nr. 129/1997

Um frádráttarrétt manna, sjá 4. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. TSL. Frá launatekjum má draga:

- Iðgjöld **launþega** til öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða að hámarki 4% af iðgjaldsstofni
- Að auki allt að 4% af iðgjaldsstofni samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga vegna iðgjalda sem greidd eru til lífeyrissjóða til aukningar lífeyrisréttinda, til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, eða til starfstengdra eftirlaunasjóða samkvæmt lögum um starfstengda eftirlaunasjóði
- Skilyrði frádráttar samkvæmt þessum lið er að iðgjöld séu greidd **reglulega** → **FRÁDRÁTTARSKILYRÐI**

Reiknað endurgjald,

Um frádrátt, sjá 5. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. TSL

- Iðgjöld manna **sem vinna við eigin atvinnurekstur** eða sjálfstæða starfsemi vegna öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða að hámarki 4% af iðgjaldsstofni
- Að auki allt að 4% af iðgjaldsstofni samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga vegna iðgjalda sem greidd eru til lífeyrissjóða til aukningar lífeyrisréttinda, til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, eða til starfstengdra eftirlaunasjóða samkvæmt lögum um starfstengda eftirlaunasjóði
- Skilyrði frádráttar samkvæmt þessum lið er að iðgjöld séu greidd **reglulega → FRÁDRÁTTARSKILYRÐI**

Úrskurður nr. 2/2009

Gjaldár 2007

- Í máli þessu reyndi á lagaskilyrði fyrir frádrætti lífeyrissjóðsgjalda þess efnis að iðgjöld **LAUNÞEGA** væru **greidd reglulega**. Yfirskattanefnd gerði grein fyrir aðdraganda að lögfestingu þessa skilyrðis og taldi ekki unnt að fara strangar í sakirnar við túlkun á því en svo að gera þá lágmarkskröfu að staðin væru reglubundin skil á greiðslum lífeyrisciðgjalda fyrir hvert tekjuár er lokið væri í síðasta lagi fyrir lok framtalsfrests vegna viðkomandi árs
- Kröfu kæranda um frádrátt lífeyrisciðgjalda vegna tekjuársins 2006 sem hann innti af hendi hinn **6. júlí 2007, þ.e. að liðnum framtalsfresti** vegna viðkomandi tekjuárs, var því hafnað
- Þá var þrautavarakröfu kæranda, sem laut að því að hin umdeildu lífeyrisciðgjöld yrðu færð til gjalda í atvinnurekstri kæranda sem mótframlag atvinnurekanda, hafnað, enda þótti ekkert haldbært komið fram sem gæfi tilefni til að víkja frá skiptingu iðgjalds milli launamanns og launagreiðanda samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum viðkomandi lífeyrissjóðs

Gjaldstofn iðgjalds

Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi
lífeyrissjóða 1997 nr. 129 23. desember

- Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skv. 2. gr. skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir **hvers konar vinnu, starf og þjónustu**. Stofn til iðgjalds skal vera **allar tegundir launa eða þóknana** fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt
- Til gjaldstofns **skal þó ekki telja hlunnindi** sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrki, dagpeninga og fæðispeninga

Hvað með mótframlagið?

- Mótframlag launagreiðanda má ekki vera **LÆGRA** en 8%. Hins vegar er ekkert til fyrirstöðu að það sé hærra
- Jafnvel er til í dæminum að það geti verið 12% af greiddum launum + 2.000.000 kr. En hvort það borgar sig er hins vegar annað mál?
- **Einu máli gildir líka hvort það hafi verið greitt**

En skattskylda mannsins?

TIL TEKNA TELST EKKI ...

Sjá 5 tölul. 28. gr. TSL

- Framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum um starfstengda eftirlaunasjóði
- Þó skal telja framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda til skattskyldra tekna ef iðgjaldagreiðslur frá launagreiðanda eða sjálfstætt starfandi manni fara fram úr 12% af iðgjaldsstofni auk 2.000.000 kr. á ári

Fyrirtæki í rekstri

Reiknuð laun eða hlunnindi

- Almennt er óheimilt að draga reiknuð laun (gjöld) frá tekjum, **nema það sé leyft skv. lögum**
 - þau eru nefnilega ekki raunveruleg
- Sama gildir um húsnæðishlunnindi sem nemur (5%) af fasteignamatsverði íbúðar, bílskúrs og lóðar, bifreiðahlunnindi o. fl.
- **Hins vegar ber að telja þessar greiðslur með við ákvörðun tryggingagjaldsins**

3. mgr. 1. tölul. 31. gr. TSL

Á tímabilinu 1921 til 1978 var mönnum sem ráku fyrirtæki á eigin kt. bannað reikna sér laun. Launin töldust nefnilega hluti af hagnaði af rekstri.

- Til rekstrarkostnaðar telst enn fremur það endurgjald sem manni ber að reikna sér fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu sem telja ber til tekna skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr.
- **Eigi skiptir máli hvort endurgjaldið hefur verið greitt**
 - Ef það er ógreitt ber þá ekki að skuldfæra það og ef það er skuldfært má ég þá reikna vexti af því. **RÆÐA**
- Hafi það verið greitt skiptir ekki heldur máli hvort það hefur verið greitt í reiðufé, fært á einkareikning, greitt í fríðu eða í hlunnindum eða með vinnuskiptum

3. gr.

reglugerðar nr. 483/1994

1. Til rekstrarkostnaðar telst launakostnaður til öflunar tekna í atvinnurekstri. Til þessa kostnaðar teljast hvers konar launagreiðslur, hverju nafni sem nefnast, hvort sem greitt er með reiðufé, hlunnindum eða með öðrum hætti. Sama gildir um annan starfsmannakostnað, með þeim takmörkunum sem af ákvæðum laga og reglugerðar þessarar leiðir
2. Til rekstrarkostnaðar telst endurgjald sem manni er vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi ber að reikna sér við öflun tekna í rekstri sínum skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðs 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt^{*1)}, sbr. og 59. gr.^{*2)} sömu laga. Sama gildir um reiknað endurgjald fyrir störf sem maki hans og barn inna af hendi fyrir atvinnureksturinn eða hina sjálfstæðu starfsemi
3. Séu laun greidd í hlunnindum, svo sem fatnaði, síma, húsnæði eða fæði, má ekki draga frá hærri fjárhæð en sem kostnaðarverði nemur. Vinnu framteljanda og skylduliðs hans má ekki reikna með í kostnaðarverði fæðisins, nema talið sé til tekna á móti
4. Ekki má telja gjafir til starfsmanna til rekstrarkostnaðar, nema um sé að ræða kaupauka sem þá telst til endurgjalds fyrir vinnu eða starf – **ER ÞETTA RÉTT ATH 1. TÖLUL. 50. GR. TSL**
5. Skilyrði fyrir frádrætti þess kostnaðar sem um ræðir í 1., 3. og 4. mgr. er að hann komi fram á launamiðum, sem skilað er til skattstjóra skv. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt^{*1)}.

REIKNAD ENDURGJALD

- Allir þeir sem vinna við **eigin atvinnurekstur** eru skyldir að reikna sér endurgjald eða laun, sbr. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. og 58. gr. TSL
- Ákvörðun „eigin atvinnurekstrar“ veldur ekki erfiðleikum þegar maður gerir út á eigin kennitölu
- **EN HVAÐ MEÐ FÉLÖG.** Hversu mikið verður maður að eiga í félaginu svo að skilyrði um **eigin atvinnurekstur** teljist fullnægt
- Sjá verklagsreglur RSK/fjármálaráðherra um reiknað endurgjald

YSÚ 89/2011

- Deilt var um ákvörðun reiknaðs endurgjalds A vegna vinnu á vegum X ehf. sem hann átti að hálfu. Starfsemi X ehf. var fólgin í framleiðslu og uppsetningu á húshlutum. A var skráður framkvæmdastjóri X ehf., en einnig sinnti sameigandi hans að einkahlutafélaginu stjórnunarstörfum hjá því. A taldi að ákvarða bæri reiknað endurgjald samkvæmt viðmiðunarflokki D(2) í matsreglum fjármálaráðherra um reiknað endurgjald, enda væru eigendur X ehf. báðir iðnaðarmenn og hvor um sig yfirleitt haft tveggja manna mannaforráð
- Með hliðsjón af fyrirbyggjandi upplýsingum um starfsmannafjölda X ehf. og greiðslur vegna aðkeyptrar þjónustu á árinu 2004, svo og þar sem óumdeilt væri að tveir menn hefðu skipt með sér stjórnun á rekstri félagsins, taldi yfirskattanefnd ekki liggja fyrir að stjórnun hefði verið aðalþáttur í starfi A á því ári. Var reiknað endurgjald A umrætt ár ákvarðað samkvæmt viðmiðunarflokki D(1) í matsreglum fjármálaráðherra fyrir tekjuárið 2004
- Að því er varðaði árin 2005, 2006 og 2007 kom fram að veruleg aukning hefði orðið í umsvifum X ehf. þau ár og starfsmönnum fjölgað. Þótti einsýnt að rekstur X ehf. á þeim árum hafi útheimt talsvert vinnuframlag við stjórnun og önnur störf sem jafnan féllu undir verksemi framkvæmdastjóra í einkahlutafélögum. Miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar um starfsemi X ehf. og umfang hennar og með skírskotun til þess að A hefði gegnt starfi framkvæmdastjóra ásamt sameiganda sínum þótti bera að miða reiknað endurgjald A við viðmiðunarflokk B í matsreglum ráðherra fyrir þessu ár, enda yrði að telja að það bæri undir A að sýna fram á að stjórnun hefði ekki verið aðalþáttur starfsins, sbr. skilsmun viðmiðunarflokka B og D

YSÚ 50/2011

- Skattstjóri hækkaði reiknað endurgjald kæranda vegna vinnu hans á vegum X ehf., en starfsemi félagsins fólst í rekstri teiknistofu og útleigu atvinnuhúsnæðis. Yfirskattanefnd taldi ljóst að vinnuframlag og sérþekking kæranda sjálfs, sem var löggiltur hönnuður að mennt og eini starfsmaður X ehf. ásamt maka, hefði fyrst og fremst legið til grundvallar tekjuöflun félagsins
- Var kærandi ekki talinn hafa sýnt fram á að miða bæri við lægra **starfshlutfall** en skattstjóri hafði byggt á. Á hinn bóginn var fallist á með kæranda að virða bæri störf hans sem stjórnarmanns hjá öðru félagi, Y ehf., sem störf í þágu þess félags sem ekki gætu talist til vinnu við atvinnurekstur X ehf. Var því fallist á að lækka reiknað endurgjald kæranda frá því sem skattstjóri ákvað. **Þá var fallist á varakröfu kæranda um niðurfellingu 25% álags**

YSÚ 98/2011

- Í máli þessu var fjallað um ákvörðun reiknaðs endurgjalds vegna starfa á vegum sameignarfélags sem rak bílasölu. Yfirséttanefnd hafnaði kröfum kæranda um að miða endurgjald við viðmiðunarflokk D eða E í reglum um reiknað endurgjald. Sérhæfð sölustarfsemi félli undir flokk C í reglunum og væri bifreiðasala sérstaklega tilgreind í því sambandi. Var því fallist á með skattstjóra að kærandi félli undir viðmiðunarflokk C í reglunum vegna umræddra starfa
- Fram kom að ákvæði 3. mgr. 58. gr. laga nr. 90/2003, sem setti skorður við tapsmyndun við ákvörðun reiknaðs endurgjalds, **ætti ekki við í þeim tilvikum þegar um væri að ræða ákvörðun reiknaðs endurgjalds manns vegna vinnu við atvinnurekstur lögaðila**. Var **ekki** fallist á það með kæranda að annað gildi þegar í hlut ætti sameignarfélag eða annars konar lögaðili með ótakmarkaðri ábyrgð eigenda

YSÚ 9/2001

- Í máli þessu var deilt um hækkun skattstjóra á reiknuðu endurgjaldi kæranda, sem var snyrtifræðingur og starfaði sjálfstætt að rekstri snyrtistofu, vegna vinnu við þann atvinnurekstur
- Yfirskattanefnd féllst á að taka mið af flokki D-2 í viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra við ákvörðun á fjárhæð reiknaðs endurgjalds kæranda
- **Þá var fallist á gjaldfærslu kostnaðar vegna þátttöku starfsmanna kæranda í Íslands-meistarakeppni í förðun og kostnaðar vegna sængurgjafar til starfsmanns**

Úrskurður nr. 93/2005

Gjaldár 2003

- Kæruefni í máli þessu var ákvörðun skattstjóra á reiknuðu endurgjaldi kæranda, sem var tannlæknir, vegna vinnu á vegum X ehf., en kærandi var ásamt maka sínum eigandi alls hlutafjár í félaginu
- Kærandi leit svo á að ákvarða bæri reiknað endurgjald **með tilliti til vinnuframlags** sem verið hefði **60%** miðað við fullt starf. Skattstjóri taldi hins vegar að eftir breytingar á lagareglum um reiknað endurgjald samkvæmt lögum nr. **133/2001** yrði ekki með sama hætti og áður horft til **vinnutíma og vinnuframlags** við ákvörðun reiknaðs endurgjalds
- Yfirskattanefnd hafnaði því sjónarmiði skattstjóra og taldi ljóst samkvæmt lagaákvæðum um reiknað endurgjald, sem gerð var grein fyrir í úrskurðinum, að **umfang starfs, þ.e. vinnumagn, hefði grundvallarþýðingu við ákvörðun reiknaðs endurgjalds, eins og ávallt hefði verið**
- Yrði ekki séð að með breytingum samkvæmt lögum nr. 133/2001 hefði á neinn hátt verið hróflað við þessu. Var skattstjóri talinn hafa byggt ákvörðun sína á röngum lagaforsendum auk þess sem annmarkar voru á málsmeðferð skattstjóra. Var hin kærða breyting skattstjóra á reiknuðu endurgjaldi kæranda felld úr gildi

2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. TSL og 1. mgr. 58. gr. TSL

Ath. hvernig
þetta hefur verið
víkkað

- Vinni maður við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi **skal hann telja sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt og hefði hann innt það af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila**
- Sama gildir um vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum og einnig um vinnu manns við atvinnurekstur lögaðila **þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar**. Á sama hátt skal reikna endurgjald fyrir starf sem innt er af hendi af maka manns eða barni hans sé starfið innt af hendi fyrir framangreinda aðila
- Endurgjald fyrir vinnu manns, sem reikna skal sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., skal eigi vera lægra en launatekjur hans hefðu orðið ef unnið hefði verið fyrir ótengdan eða óskyldan aðila. Sama gildir um endurgjald fyrir starf maka manns, barns hans innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, venslamanns hans eða nákomins ættingja
- Ríkisskattstjóri setur árlega við upphaf tekjuárs reglur um reiknað endurgjald og birtir þær að fenginni staðfestingu fjármálaráðherra. **Við ákvörðun lágmarksendurgjalds skal höfð hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf að viðbættum hvers konar hlunnindum og skiptir ekki máli hvernig þau eru greidd eða í hvaða formi þau eru → ATH HVAÐA MÖGULEIKA VIÐ HÖFUM Á AÐ FYLGJAST MEÐ ÞESSU**
- Ákvörðun reiknaðs endurgjalds samkvæmt þessari málsgrein er óháð ákvörðun launa skv. 11. gr.1 → EKKI ÞARF ÞVÍ AÐ LÆKKA RE VEGNA TEKJUFÆRSLU ÓHÚ

Ráðandi aðili???

- Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda um starf á vegum lögaðila eftir því sem við getur átt, enda vinni maður við atvinnurekstur lögaðila **þar sem hann, maki hans, barn eða nákomnir ættingjar eða venslamenn hafa ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar** þó ekki ef um er að ræða starf á vegum lögaðila sem skráður er á opinberum verðbréfamarkaði
- Maður telst **hafa ráðandi stöðu** í þessu sambandi ef hann einn eða ásamt maka, börnum, foreldrum, systkinum eða öðrum nákomnum ættingjum á samtals 50% hlut eða meira í lögaðila enda eigi hver um sig a.m.k. 5% hlut í þeim lögaðila. Ákvæði 1. og 2. másl. gilda einnig um starfandi hluthafa sem ekki eru tengdir fjölskylduböndum

Nýtt

- Viðmiðunarfjárhæðir samkvæmt reglum þessum taka mið af almennum taxtalaunum þannig að ef greidd eru einhvers konar hlunnindi til viðbótar, t.d. bifreiðahlunnindi,
- **þá skulu þau metin samkvæmt skattmatsreglum og** bætast við fjárhæðir samkvæmt viðkomandi viðmiðunar-flokki

Ákvörðun
verður að
byggjast á
málefnalegum
sjónarmiðum

Reiknað endurgjald viðmiðunargrundvöllur

Verður ekki að
gæta and-
mælaréttar

- Færi **maður** sér til tekna **á framtali lægra endurgjald** en áskilið er í reglum ríkisskattstjóra, sbr. 1. mgr., skal ríkisskattstjóri **hækka endurgjaldið**, óháð ákvörðun á staðgreiðsluári, enda hafi framteljandi ekki lagt fram fullnægjandi gögn og rökstuðning með skattframtali sem honum ber að gera ótilkvaddur
- Ríkisskattstjóra er heimilt að fallast á lægra endurgjald en viðmiðunarreglur þessar kveða á um, enda liggi fyrir viðhlítandi gögn og rökstuðningur framteljanda og eftir atvikum launa-greiðanda sem réttlætt getur slíka ákvörðun
- Framteljandi skal m.a. láta í té upplýsingar um 1) umfang og eðli starfs og starfsemi, 2) afkomu rekstrarins, 3) fjármagn bundið í rekstri og 4) upplýsingar um útselda vinnu eftir því sem það á við

MANNS
EN Hvað
með
ehf./sf./slf

Skiptir afkoma máli?

má reiknað endurgjald mynda tap
lágmark og hámark

- Ákvörðun ríkisskattstjóra um hækkun á reiknuðu endurgjaldi **manns** með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi **má ekki mynda tap** umfram það sem nemur **samanlögðum almennum fyrningum** skv. 37. gr.
- Ríkisskattstjóri skal við ákvörðun reiknaðs endurgjalds elli- og örorkulífeyrisþega við eigin atvinnurekstur gæta þess að tap myndist ekki við það í rekstrinum → **ÞETTA ER FORTAKS LAUSARA**

Úrskurður nr. 10/2004

Gjaldár 2002

- Kæruefni í máli þessu var ákvörðun skattstjóra á reiknuðu endurgjaldi kæranda vegna vinnu hans við leigubifreiðaakstur. Kærandi krafðist niðurfellingar á ákvörðun skattstjóra á þeim grundvelli **að tap** hefði verið af rekstrinum
- Skattstjóri og ríkisskattstjóri litu á hinn bóginn svo á að skorður við tapsmyndun vegna ákvörðunar á reiknuðu endurgjaldi samkvæmt 1. mgr. 59. gr. laga nr. 75/1981 stæðu ekki í vegi fyrir hinni kærðu ákvörðun vegna gjaldfærslu á **fastri afskrift** bifreiðar sem liðar í gjaldfærðum bifreiðakostnaði
- Í úrskurði yfirskattanefndar kom fram að umrætt ákvæði vísaði sérstaklega til gjaldfærslu almennra fyrninga og gjaldfærslu vegna verðbreytinga. Aðrar tegundir fyrninga eða ígildi þeirra, svo sem **föst afskrift** samkvæmt reglum ríkisskattstjóra, kæmu því ekki til álita í þessu sambandi. Var breyting skattstjóra felld niður

Úrskurður nr. 131/2003

Gjaldár 2001

- Skattstjóri hækkaði reiknað endurgjald kæranda, sem var tæknifræðingur, vegna vinnu á vegum X ehf., en kærandi var framkvæmdastjóri og aðaleigandi hlutafjár í félaginu
- Ekki voru talin efni til annars en að byggja á viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra til ákvörðunar á reiknuðu endurgjaldi í tilviki kæranda og var hafnað því sjónarmiði kæranda að taka bæri mið af niðurstöðum **kjarakönnunar** í því sambandi
- Við ákvörðun reiknaðs endurgjalds kæranda tók skattstjóri tillit til **eftirvinnu** og var ekki við því hróflað, enda talið sýnt að um eftirvinnu hefði verið að ræða. Við mat á yfirvinnuhlutfalli var byggt á 40 stunda dagvinnutímabili á viku. Var kröfu kæranda um lækkun reiknaðs endurgjalds hafnað

YSÚ 316/2007

- X ehf. hafði með höndum lækniþjónustu og var kærandi eigandi alls hlutafjár í félaginu. Í málinu var deilt um þá ákvörðun skattstjóra að hækka reiknað endurgjald kæranda vegna vinnu í þágu X ehf. og að færa kæranda til tekna sem duldar arðgreiðslur ýmsan kostnað sem gjaldfærður hafði verið í rekstrarreikningum félagsins fyrir árin 2000, 2001 og 2002
- Yfirskattanefnd féllst á með skattstjóra að tilgreind útgjöld sem m.a. lutu að heimilishaldi kæranda, þ.e. kostnaður vegna síma og kaupa á öryggisþjónustu á heimili kæranda, og útgjöld vegna utanlandsferða kæranda og eiginkonu hans teldust persónulegur kostnaður kæranda og tekjur af hlutareign hans í X ehf.
- Á hinn bóginn var skattstjóri ekki talinn hafa sýnt fram á að gjaldfærður kostnaður X ehf. vegna komu erlends lækni hingað til lands og kaupa á bók teldust persónulegur kostnaður kæranda þótt niðurstaða yfirskattanefndar í kærumáli X ehf. hefði orðið sú að heimila ekki gjaldfærslu umrædds kostnaðar sem rekstrarkostnaðar í skattskilum félagsins. Var tekjufærsla skattstjóra á duldum arði því lækkuð. Sjá einnig úrskurð yfirskattanefndar nr. 317/2007

YSÚ 317/2007

- Skattstjóri lækkaði gjaldfærðan rekstrarkostnað í skattskilum X ehf., sem hafði með höndum læknisþjónustu, og hækkaði reiknað endurgjald A, aðaleiganda félagsins, vegna vinnu hans í þágu þess á árunum 2000, 2001 og 2002
- Í úrskurði yfirskattaneftndar kom fram að ganga yrði út frá því að gjaldfærður kostnaður X ehf. vegna farsímanotkunar A, internettengingar á heimili hans og símanotkunar í sumarbústað hans væri að mestu leyti vegna persónulegra nota A. Þó var fallist á að hækka áætlun skattstjóra á frádráttarbærum hluta símakostnaðar, enda var ekki dregið í efa að starfsemi X ehf. hefði fylgt nokkur símakostnaður
- Þá var synjun skattstjóra um gjaldfærslu kostnaðar vegna kaupa X ehf. á **farsíma** felld úr gildi þar sem hann þótti ekki hafa rökstutt þá ákvörðun með fullnægjandi hætti. Að öðru leyti var kröfum kæranda, sem m.a. lutu að gjaldfærslu kostnaðar vegna kaupa á öryggisþjónustu á heimili A og kostnaðar vegna þátttöku **maka** A í ferð hans á lækna ráðstefnu erlendis, hafnað. Sjá einnig úrskurð yfirskattaneftndar nr. 316/2007

Maka og barnalaun

- Telji skattyfirvöld að endurgjald fyrir starf maka manns eða barns hans innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sbr. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., **sé hærra** en makinn eða barnið hefði aflað hjá óskyldum eða ótengdum aðila skulu þau ákvarða tekjur makans eða barnsins af starfinu



ÁgV

Skv. því má ég ekki láta 13 ára dóttur mína hafa ótakmörkuð laun

Skoðaða dóma

- **Lóvísu málið.** Lögmæti þeirrar reglu að skylda þá sem gerðu út á bátum undir 12 brúttórúmlestum að reikna sér eigi lægri laun en 40% af heildaraflaverðmæti
- **Mál Sveins Andra ...**

Starfstengdar greiðslur, sbr.

3. gr. reglugerðar nr. 483/1994

Sumarferðir o. fl. Ath ekki skiptir máli hvort ferðast er innanlands eða erlendis

7. Til rekstrarkostnaðar telst kostnaður við 1) árshátíð, 2) jólagleði og 3) sambærilegar samkomur svo og starfsmannaferðir, **enda séu samkomur þessar og ferðir fyrir starfsfólk almennt og kostnaður hæfilegur miðað við einstök tilefni og heildstætt á rekstrarárinu**

Ath. Vinni maður á eigin kt. nýtur hann ekki þessa réttar

8. Til rekstrarkostnaðar telst kostnaður við **almenna fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu og almenna heilsubótaraðstöðu**, kostnaður við kaffiveitingar í vinnutíma og kostnaður við námskeið sem **tengjast starfinu beint – auknar kröfur til tengsla**
9. Til rekstrarkostnaðar teljast enn fremur framlög til starfsmannafélaga vegna þeirra liða er greinir í 6. og 7. mgr. þessarar greinar

Lítið sem Ekkert eftirlit er með þessu

YSÚ 327/1997

Those were the days ...

- Í málinu var deilt um frádráttarbærni kostnaðar vegna aðalfundar kæranda, sem var einkahlutafélag, gjafa til starfsfólks hans og viðskiptavina og þátttöku maka stjórnarformanns kæranda í viðskiptaferð á vegum félagsins. Yfirskattanefnd féllst á að kostnaður við aðalfund, þ.m.t. veitingar á aðalfundi, væri frádráttarbær rekstrarkostnaður, enda væri kostnaðurinn eðlilegur miðað við tilefni
- Þar sem kærandi hafði ekki upplýst hvar aðalfundur félagsins var haldinn og hvaða kostnaður tengdist fundinum hafnaði yfirskattanefnd gjaldfærslu kostnaðarins. Einnig hafnaði yfirskattanefnd frádráttarbærni gjafa til starfsfólks kæranda með vísan til 1. tölul. 52. gr. laga nr. 75/1981, **svo sem það ákvæði hljóðaði á þeim tíma sem málið varðaði**
- Um gjafir til viðskiptavina tók yfirskattanefnd fram að slík verðmæti yrðu ekki í öllum tilvikum felld undir nefnt lagaákvæði, enda væri sýnt fram á að þau hafi verið afhent í risnu- eða kynningarskyni eftir almennum og efnislegum mælikvarða og gerð grein fyrir tengslum kostnaðarins við tekjuöflun að öðru leyti. Þar sem engin grein hafði verið gerð fyrir þiggjendum eða tengslum þeirra við rekstur var kröfu hans um gjaldfærslu hafnað
- Þá var kærandi ekki talinn hafa sýnt fram á rekstrarlegan tilgang með þátttöku **maka stjórnarformanns** í ferðum hans og var því hafnað að um hefði verið að ræða frádráttarbæran kostnað

YSÚ 1186/1998

- Kaup kæranda á kertastjökum, kertum og blómum til skreytinga á kaffistofu starfsfólks og kaup hans á sælgæti til að afhenda börnum á öskudag voru talin frádráttarbær rekstrarkostnaður, enda var um **hófleg útgjöld** að ræða
- Fallist var á gjaldfærslu kostnaðar vegna þáttökugjalds í firmakeppni sem starfsmenn kæranda tóku þátt í og kaupa á íþróttafatnaði fyrir starfsmenn vegna sama tilefnis, enda var tekið undir með kæranda að þátttakan gæti sem slík haft **auglýsingagildi** fyrir kæranda
- Á hinn bóginn var synjað um frádrátt kostnaðar vegna íþróttaiðkunar starfsfólks, þ.e. leigu á íþróttasal.

Afmörkun frádráttar starfstengdar greiðslur framhald

- ✓ samkomur þessar og ferðir fyrir starfsfólk almennt
 - Kostnaður sem beinist á fáum t.d. yfirstjórn er því ekki frádráttarbær
- ✓ kostnaður verður að vera hæfilegur miðað við einstök tilefni og heildstætt á rekstrarárinu
 - Betra að gjaldfæra minna en meira
- ✓ almenna fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu og
 - innflúensuprautan, almennt eftirlit
- ✓ almenna heilsubótaraðstöðu
 - Ath. styrki til íþróttapjálfunar. World Class o. fl.

REGLUR nr. 1141/2018

um skattmat vegna tekna manna

tekjuárið 2019

- Ekki skal telja til tekna hlunnindi og fríðindi sem felast í árshátíð starfsmanna, starfsmannaferðum, jólagleði og sambærilegum samkomum og viðburðum, enda sé að jafnaði um að ræða viðburði sem standi öllum starfsmönnum launagreiðandans til boða og árlegur kostnaður af þeim nemi ekki hærri fjárhæð en 130.000 kr. á hvern starfsmann
- Hlunnindi og fríðindi af umræddum toga umfram 130.000 kr. skulu teljast starfsmanni til tekna, hvernig sem fyrirkomulagi á greiðslum launagreiðanda er háttað.

Skattmatið 2018

stöðug þróun, starfsmenn

- Árið 2018 skal ekki telja til tekna hjá starfsmanni greiðslu frá launagreiðanda, eða eftir atvikum stéttarfélagi, sem ætlað er að standa straum af kostnaði við íþróttaiðkun og aðra heilsurækt að því marki sem slík greiðsla fer ekki yfir í 60.000 kr. árið 2019
- Skilyrði er að starfsmaður leggi fram fullgilda og óvefengjanlega reikninga fyrir greiðslu á viðkomandi kostnaði. Með kostnaði við íþróttaiðkun og heilsurækt er átt við greiðslu á aðgangi að líkamsræktarstöðvum, sundlaugum og skíðasvæðum, greiðslu á æfingagjöldum í íþróttasali og félagsgjöldum í golfklúbba **sem og þátttökugjöld vegna annarrar hreyfingar sem stunduð er með reglubundnum hætti**
- **Einnig fellur hér undir kostnaður við aðra heilsurækt eins og t.d. jóga og annar sambærilegur kostnaður, þ.m.t. kostnaður vegna endurhæfingar**

... kostnaður við námskeið gagnstætt menntun

- Frá tekjum af atvinnurekstri má draga kostnað vegna námskeiða. Hins vegar er menntun ekki frádráttarbær
- Með menntun er átt við nám sem stendur heila önn ca 13 vikur eða jafnvel tvær annir eða 26 vikur. Þetta er semsé ekki sérlega stuttur tími
- Menntun er yfirleitt hluti af skólakerfinu og gengur út á að veita mönnum (konum og körlum) ákveðin réttindi
- Námskeiðið er hins vegar stutt. Venjulega tekur það því aðeins einn dag, hugsanlega viku tíma
- Tilgangur þess er líka umfram allt að halda mönnum við, kynna þeim nýngar í starfi og þess háttar

YSÚ 258/2005

- Kröfu kæranda, sem var sjálfstætt starfandi sjúkráþjálfari, um gjaldfærslu kostnaðar vegna náms á sviði höfuðbeina- og spjaldhryggjameðferðar var hafnað, enda var talið að um viðbótarnám væri að ræða sem nýttist kæranda sjálfri fyrst og fremst. Var talið að um persónuleg útgjöld kæranda væri að ræða vegna öflunar sérhæfðrar menntunar

...sem tengjast starfinu beint ...

Frá hinu almenna til hins sérstaka

- D rekur hágreiðslustofu. Nýlega fór D á námskeið hjá endurmenntun er hét „Sögu-slóðir Njálu“
 - Getur D dregið kostnaðinn frá tekjum hjá sér
- E er sjálfstætt starfandi leiðsögumaður með Fjótshlíð sem sérsvið. Nýlega fór D á námskeið hjá endurmenntun er hét „Söguslóðir Njálu“
 - Getur D dregið kostnaðinn frá tekjum hjá sér

IBIZA, MÆJORKA O.FL.

Ath. ekki skiptir máli
hvar námskeið er
haldið.

SkattaNámskeið á
IBIZA, Mæjorka o. fl.
er því jafnt
frádráttarbært og
námskeið á Grand
Hótel

Revisor måtte kæmpe 10 år med Skat om 5.516 kr.
Af KRISTOFFER BRAHM / JESPER HØBERG
Offentliggjort 29.01.11 kl. 08:40

...samtidig fortsætter Skat med at holde hånden over sine egne chefer.

Den 62-årige revisor Bent Vestergaard er forundret. Mens Skat holder hånden over sine egne chefer, måtte han kæmpe i 10 år med Skat, fordi han deltog i et kursus om skatteret på Kreta i 1988.

Selv om kurset var proppet med faglige indlæg, krævede Skat ham beskattet af hele rejsens værdi, 5.516 kroner, alene fordi den foregik på Kreta.

"Kurset blev uden nogen faglig begrundelse herfor afholdt på et populært feriested i udlandet," argumenterede Skat under sagen.

Weekend i Sydafrika

Skat gik hele vejen til Højesteret for at få Bent Vestergaard dømt, og først da Bent Vestergaard ved EU-domstolen havde fået kendt skattevæsenets argumentation kendt ugyldig, gav myndighederne op.

Jyllands-Posten har afsløret, hvor fem topchefer i Skat fik foræret et weekendophold med safari og golf i Sydafrika af it-leverandøren Accenture i 2004.

Cheferne nægter at fortælle, om de har selvangivet weekendopholdet, og Skat vil heller ikke undersøge det.

Kræver minister på banen

Flere politikere kræver nu skatteminister Troels Lund Poulsen på banen, men også han afviser at foretage sig noget.

"Jeg kan som skatteminister ikke oplyse om enkeltpersons skatteforhold. Disse oplysninger er omfattet af vores særlige ubetingede tavshedspligt efter skatteforvaltningslovens § 17," siger han og fortsætter:

"Tavshedspligts bestemmelser gælder alle skatteydere, uanset om det er Jesper Petersen, Ole Sohn, Helle Thorning Schmidt eller medarbejdere i Skatteministeriet man ønsker oplysninger om. Hvad enkelte personer angiver i skat er et mellemværende mellem den enkelte og SKAT, og det skal vi som arbejdsgiver også respektere, og det synes jeg også er det rigtige princip."

Læs mere om sagen i Morgenavisen Jyllands-Posten i dag

DELTAG I DEBATTEN: Topchefer i Skat på betalt safari

Tilmeld dig overvågning af Samfund

Indtast e-mail adresse

Tilmeld

Félagsgjöld

Í eðli sínu einkakostnaður

- Í gegnum tíðina hefur mikið verið deilt um frádráttarbærni félagsgjalda
- Frá tekjum mátti þó draga gjöld lögmanna til LMFÍ, byggðist það á skylduaðildinni
- Ekki var heldur ágreiningur um frádráttarbærni gjalda atvinnurekenda til hinna ýmsu stéttarfélaga. Þau voru talin greiðsla fyrir þjónustu
- Hins vegar var frádrætti á gjöldum löggiltra endurskoðenda á félagsgjaldi til FLE skilyrðislaust hafnað. Á þau var nefnilega litið sem einkakostnað eins og reyndar greiðslur til ...
- Fyrir vikið voru þeir allt annað en ánægðir. Í raun var það ekki fyrr en árið 1994 sem þeir fengu loksins úrslausn sinna mála

b-liður 6. gr. rg. nr. 483/1994

Hvað þýir þetta? Í raun staðfesting á réttarframkvæmd

Gjöld vegna aðildar að fræðslufélögum eru því ekki frádráttarbær

Sama gildir um alm. hagsmunafélög

Jökla félagið
Félag leikara
myndlistarmanna
leikstjóra o. fl.
Samband ísl.
myndlistarmanna

- Félagsgjöld sem atvinnurekendur greiða og ganga til greiðslu kostnaðar vegna öflunar, viðhalds og tryggingar atvinnurekstrartekna þeirra
- Eigi mega gjöld þessi vera til eignamyndunar, en rekstrarafgangur viðkomandi félags telst þó eigi til eignamyndunar sé honum varið til rekstrarkostnaðar á næstu árum. Ekki telst til eignamyndunar í þessu sambandi þótt félag kaupi húsnæði undir starfsemi sína
- Sé verulegum hluta félagsgjalda ekki ráðstafað í samræmi við 1. málsl. þessa staflíðar takmarkast frádráttarbærni þeirra að sama marki. Félagsgjöld til stéttarfélags samkvæmt lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, er óheimilt að draga frá tekjum
- Ríkisskattstjóri heldur lista fyrir þau félagsgjöld sem frádráttabær eru sem rekstrarkostnaður. Ef þú ert í vafa borgar sig því að hringja í hann í síma 563-1100

Ferðakostnaður launþega

- Fari launþegi til vinnu fjarri starfsstað sínum er vinnuveitandinn skyldur að borga gistingu og uppihald hans
- Þessi kostnaður er almennt frádráttarbær í rekstrinum og gildir einu hvort vinnuveitandinn greiðir kostnaðinn beint eða lætur starfsmanninn fá dagpeninga svo hann geti greitt kostnaðinn sjálfur
- Kostnaðurinn er semsé gjaldfærður sem laun. Skattlagning starfsmannsins fer hins vegar eftir 1. tölul. A-liðar 7. gr. TSL, sbr. 1. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. TSL

30% regla.
Ferðakostnaður,
leigbílar, strætó

Ferðakostnaður atvinnurekanda

- Menn sem stunda atvinnurekstur á **eigin kennitölu** sinni teljast ekki eiginlegir launþegar
- Almennt geta þeir því ekki reiknað sér dagpeninga. Af þeim sökum kemur aðeins útlagður ferðakostnaður (gisting og uppihald) til frádráttar tekjum hjá þeim
- Þessu er hins vegar öðruvísi farið ef maður stundar atvinnurekstur sinn í félagi (ehf., sf. eða slf.). **Slíkir aðilar geta því reiknað sér dagpeninga með venjulegum hætti**
- Eins og annar kostnaður verður ferðakostnaðurinn þó að tengjast tekjuöfluninni. Sumarfrí er því ekki frádráttar-bært

Dagpeningareglur - árétting

[2015](#)[2014](#)[2013](#)

Reglur um dagpeninga og frádráttarbærni þeirra

[Hlusta](#)

14.6.2015

Í aðsendri grein sem birtist í Morgunblaðinu 10. júní 2015 er fjallað um greiðslur dagpeninga og frádráttarbærni þeirra. Í grein þessari er ekki farið rétt með reglur um dagpeningagreiðslur og forsendur þeirra. Af því tilefni eru nokkrar meginreglur hvað þetta efni varðar áréttaðar:

Til skattskyldra tekna samkvæmt 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, teljast m.a. ökutækjastyrkir, flutningspeningar og aðrar hliðstæðar starfstengdar greiðslur, þ.m.t. dagpeningar. Í 1. tölul. 1. mgr. A-liðar 30. gr. laganna er kveðið á um að frá tekjum manna sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, megi draga útgjöld að hámarki móttækinni fjárhæð dagpeninga eða hliðstæðra endurgreiðslna á kostnaði sem sannað sé að séu ferða- og dvalarkostnaður vegna atvinnurekanda og séu í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra. Í 118. gr. laganna er síðan kveðið á um að ríkisskattstjóri skuli, að fenginni staðfestingu fjármála- og efnahagsráðherra, gefa út reglur um mat á hlunnindum, sbr. 7. gr., og öðrum tekjum og frádrætti sem meta þurfi til verðs samkvæmt lögunum. Ríkisskattstjóri getur þannig ekki gefið út skattmatsreglur einhliða.

Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði 118. gr. og að fenginni staðfestingu fjármála- og efnahagsráðherra hefur verið gefið út skattmat fyrir tekjuárið 2015, sbr. auglýsingu nr. 1173/2014 í B-deild Stjórnartíðinda. Í kafla 3.2 er fjallað um reglur sem gilda um frádrátt á móti fengnum dagpeningum. Þar kemur m.a. fram að frádráttur á móti dagpeningum sé heimill, enda hafi dagpeningarnir verið greiddir vegna tilfallandi ferða í þágu starfsemi launagreiðandans utan venjulegs vinnustaðar og launþeginn sannanlega nýtt móttekna dagpeninga til greiðslu gistingar samkvæmt reikningi og fæði og annan ferðatengdan kostnað, svo sem fargjöld að og frá flugvöllum. Frádrátturinn er jafnframt háður því skilyrði að fyrir liggi í bókhaldi launagreiðanda, sem og hjá launþega, gögn um tilefni ferðar og fjölda dvalardaga ásamt fleiri tilheyrandi upplýsingum. Ef launþegi á hinn bóginn fær greidda dagpeninga frá lögaðila þar sem hann, maki hans, barn eða nákomnir ættingjar hafa ráðandi stöðu þurfa jafnframt ætíð að liggja fyrir reikningar um kostnað vegna ferðalaga í þágu launagreiðandans. Frádráttur á móti dagpeningum í þeim tilvikum getur ekki orðið hærri en þeim útlagða kostnaði nemur og sem rúmast innan hámarksfrádráttar dagpeninga á dag og sem sannað er að sé ferðakostnaður í þágu launagreiðandans.

Bréf 14. júní 2015

Samkvæmt framansögðu er frádráttur á móti dagpeningum í öllum tilvikum háður því að sannanlega sé um að ræða greiðslu launagreiðanda til að mæta útlögðum kostnaði launþega vegna ferðalaga sem eru í þágu atvinnustarfsemi launagreiðanda. Launþegi þarf því ætíð auk annarra skilyrða, að hafa greitt fyrir gistingu ásamt öðrum ferðatengdum kostnaði, þannig að skilyrði frádráttar séu til staðar. Séu skilyrðin uppfyllt þarf almennt ekki að leggja fram gögn um kostnað heldur er heimilt að byggja frádrátt á þeim fjárhæðum sem ákvarðaðar eru árlega í skattmati. Engu að síður þarf launþegi að geta sýnt fram á, sé þess óskað, að til hafi fallið kostnaður sem er frádráttarbær.

Grundvöllur skattmats um frádrátt vegna dagpeninga er ákvörðun ferðakostnaðarnefndar hverju sinni. Í framtalsleiðbeiningum vegna skattframtals einstaklinga hefur verið tekið fram að á móti fengnum dagpeningum sé heimilt að færa til frádráttar ferða- og dvalarkostnað sem launþegi hafi sannanlega greitt vegna ferða á vegum launagreiðanda. Er þannig gert ráð fyrir því að launþegi geti lagt fram gögn til sönnunar á ferðakostnaði í þágu launagreiðanda og að öðrum kosti gilda ekki frádráttarreglur á móti fengnum dagpeningum.

Skattmatsreglur þær sem um ræðir eru settar í samræmi við 1. tölul. 1. mgr. A-liðar 30. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt með áorðnum breytingum. Eru þær einfaldar, hlutlægar og gagnsæjar, settar með heildstæðum hætti og er ætlað að taka til mats á tekjum og frádráttarliðum þeirra sem eins er ástatt hjá. Þannig er eðlilega gerður greinarmunur á milli þess hvort um sé að ræða almenna launþega eða sjálfstætt starfandi menn, sem sanna verða frádrátt umfram 30% af öðrum kostnaði en gistingu með fylgiskjöllum vegna útgjalda á ferðalögum í þágu starfsemi sinnar eins og gildir um allan almennan rekstrarkostnað, sbr. c. lið 6. gr. reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Áðurgreind reglugerð frá árinu 1994 skerpti mjög á þeim hlutlægu reglum sem um mál þessi gilda. Með hliðsjón af því að ráðandi einstaklingar í rekstri sem rekinn er í félagaformi hafa almennt möguleika á því að hafa áhrif á það hvernig fjármunum rekstrarins er ráðstafað eru ríkari kröfur settar um sönnun fyrir frádrætti á móti dagpeningagreiðslum sem ætlað er að mæta sannanlega útlögðum kostnaði. Reglur þessar um aukna sönnunarbyrði taka þannig til allra ráðandi aðila, þótt einkum megi færa rök fyrir því að slíkt eigi fremur við um fámennis einkahlutafélög, þar sem eigandinn vinnur einn eða eftir atvikum með einum eða fáum aðstoðarmönnum. Í þessu samhengi verður jafnframt að horfa til þess að sú regla hefur gilt svo árum og áratugum skiptir að hægt sé að sanna að fallið hafi til ferðakostnaður á móti fengnum dagpeningum.

Reykjavík 12. júní 2015

Ríkisskattstjóri

4/19/2020

Agv

103

Tengsl ferðakostnaðar og tekna vinnuferð eða sumarfrí

- K er arkitekt. Vegna kreppunnar er lítið um verkefni í atvinnurekstri hans. Einhvern tímann hlýtur ástandið þó að banta
- Til að bæta atvinnumöguleika sína er hann að velta fyrir sér að fara til Flórída og kynna sér hönnun gólfvalla
- Getur hann dregið þennan kostnað frá tekjum? Hvaða áhrif myndi það hafa á frádráttarbærnina ef hann getur tengt ferðina 7 daga námskeiði á vegum Florida State University í gólfvalla hönnun?

Tengsl ferðakostnaðar og tekna maki og börn

- Frú R á og rekur skóbúð við Laugavegin. Fyrir dyrum stendur að fara í innkaupaferð til Parísar
- Því miður talar frú R ekki ensku og því síður frönsku. Vegna þessa biður hún eigin mann sinn, sem er ágætur enskumaður, að koma með sér
- Telur þú að frú R sé heimilt að draga ferðakostnað og uppihald eiginmannsins frá tekjum og ef ekki hvaða skilyrðum þarf hún að fullnægja svo að kostnaðurinn sé frádráttarbær?

Húsaleiga

viðhald leigumunar

- Atvinnurekandi ræður því auðvitað sjálfur hvort hann á eða leigir sér atvinnuhúsnæði. Sama gildir um aðra rekstrarfjármuni
- Kostnaður við leiguna er því almennt frádráttarbær
- Bein leiga veldur yfirleitt ekki vandamálum við skattskil en hvað með fyrirbæri eins og kaupleigu, rekstrarleigu eða fjármögnunarleigu
- Meðferð þessa við skattskil fer eftir því hvort atvinnurekandi telst eigandi hlutaðeigandi munar eða ekki

Kaupleiga

rekstraleiga og fjármögnunarleiga

- Skattskil kaupleigu lúta sömu lögmálum og kaup með eignarréttarfyrirvara
- Kaupleigða muni má því eignfæra og fyrna eins og venjulega rekstrarfjármuni
- Leigan skiptist hins vegar í afborgunarhluta og vaxtahluta. Færist afborgunarhlutinn til lækkunar á skuldinni en vextirnir eru dregnir frá tekjum eins og hefðbundin vaxtagjöld
- Um rekstrarleigu gilda aftur móti sömu reglur og venjulega leigu. Færist greiðslan því til frádráttar tekjum með hefðbundnum hætti. Þessu er eins farið um fjármögnunarleigu

Skattar og gjöld

- Ekki er heimilt að draga innlendan tekjuskatt frá tekjum. Þegar um erlendan tekjuskatt er að ræða er það meira vafamál
- Eignarskattur lýtur sömu lögmálum og tekjuskatturinn. Ekki er því heimilt að draga hann frá tekjum
- Í skattframkvæmd er ekki litið á Fasteignagjöld sem eignarskatt heldur kostnað vegna þjónustu sveitarfélags við fasteigna-eigendur. Gjöldin má því draga frá tekjum eins og reyndar einnig sorphiðurgjald o. fl.
- Hliðstæðar reglur gilda um bifreiðagjald og þungaskatt. Litið er á þá sem gjöld vegna afnota af þjóðvegum
- Tollar og aðflutningsgjöld teljast til stofnverðs eignar. Skv. því er unnt að gjaldfæra þau sem fyrningu eða vörunotkun. Sama gildir um gatnagerðagjald o.fl.
- Tryggingagjald telst launakostnaður og lýtur frádráttur þess því sömu reglum og sjálf launin

FJÁRSÝSLUSKATTUR

náðar, sjá lög nr.165/2011

Athugið sérstaklega

- Fjársýsluskattur telst rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekju skatt, að því leyti sem hann er ákvarðaður af launum sem teljast rekstrarkostnaður samkvæmt sömu grein
- Skattskil hans eru því að öllu leyti eins og tryggingagjalds

Tryggingagjald

Gjaldstofn : Ekki gleyma mótframlaginu

- Stofn til tryggingagjalds eru allar tegundir launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem þær nefnast, sem skattskyld eru samkvæmt 1. tölulið A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt
- Ekki skiptir máli í hvaða gjaldmiðli galdið er, hvort sem það er í reiðufé, hlunnindum, vöruúttekt, vinnuskiptum o.s.frv. Til tryggingagjaldsskyldra hlunninda telst m.a. fæði, húsnæði, fatnaður, bifreiðaafnot og þess háttar. Þau skulu reiknuð á sama verði og þau eru metin til tekna samkvæmt skattmati, sem fjármálaráðherra gefur út. Önnur hlunnindi skulu metin til tekna eftir gangverði á hverjum stað og tíma
- Til stofns telst enn fremur endurgjald sem ber að reikna manni sem vinnur við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar

Til gjaldstofns teljast meðal annars

1. Hvers konar laun og þóknanir, þar með talið ákvæðislaun, biðlaun, nefndarlaun, stjórnarlaun, launauppbætur, staðaruppbætur, orlofsfé og greiðslur fyrir ónotað orlof og framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð
2. Verkfærapeningar, flutningspeningar, fæðispeningar og þess háttar greiðslur.
3. Ökutækjastyrkir og dagpeningar. Þó skal ekki telja til gjaldstofns greiðslur dagpeninga sem heimilt er að halda utan staðgreiðslu samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, og reglugerðum og starfsreglum sem settar eru með stoð í þeim lögum
4. Gjafir og risnufé sem teljast kaupuppbót og eftirgjöf lána sem telja má að komi í launa stað
5. Laun eða þóknanir fyrir störf unnin erlendis, greidd af íslenskum aðilum til manna sem eru heimilisfastir hér á landi

- Tryggingagjaldið verður 6,85% frá 1. júlí 2016
- Samtök atvinnu lífsins vilja lækka það enn frekar
- Vegna þessa fór það í 6,60% frá 1. jan. 2017.
- Er núna 6,35%

4/19/2020

MARKAÐUR
FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VÍÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 24. ágúst 2016

**Stjórnar-
maðurinn**

1,5%
LÆKKUN

villia Samtök atvinnulífsins fá á tryggingagjald. Það myndi samsvara því að gjaldið lækkaði um samtals 18 milljarða króna. Samtök atvinnulífsins segja að þrátt fyrir lækkun gjaldsins dygðu tekjur af því til þess að standa undir hækkun fæðingarorlofs í allt að 600 þúsund krónur á mánuði eins og félagsmálaráðherra hefur lagt til. Samtök atvinnulífsins styðja það.

@stjornarmadur

**Bylur hæst í
tómri tunnu**

Fróðlegt hefur verið að fylgjast með þingmanninum Ögmundi Jónassyni í opinberri umræðu undanfarna daga. Hafi framganga hans verið hönnuð til þess að vekja athygli má segja að ætlunarverkið hafi lukkast. Í leiðinni varð hann hins vegar uppvis að hræsni á háu stigi eins og ofsatrúarmönnum af öllum gerðum og flokkum er svo tamt.

**STEF
HILN
HARPA**

ÁgV

112

Tryggingagjald

Breytingarlög eru nr. 164/2011, 128/2009 og 146/2012
Lækkun rökstudd með fækkun atvinnulausra

Sundurliðun	Frá 1. jan. 2011	Frá 1. jan. 2012	Frá 1. jan. 2013	Frá 1. jan. 2014	Frá 1. jan. 2015	Frá 1. jan. 2016
Almennt tryggingagjald	4,54%	4,99%	5,29%	6,04%	6,04%	5,90%
Atvinnutryggingagjald	3,81%	2,45%	2,05%	1,45%	1,35%	1,35%
Gjald í Ábyrgðasjóð launa v/gjaldþrota	0,25%	0,30%	0,30%	0,05%	0,05%	0,05%
Markaðsgjald	0,05%	0,05%	0,05%	0,05%	0,05%	0,05%
Samtals til staðgreiðslu	8,65%	7,79%	7,69%	7,59%	7,49%	7,35%
Handhafar erlends A1/E101	0,632%	0,675%	0,425	0,425%	0,4250%	0,425%

Tryggingagjald

frá 1. jan. 2017 til 31. des. 2020

Tryggingagjald o.fl.										
	Tekjuár 2016 - 1.7.-31.12.		Tekjuár 2017		Tekjuár 2018		Tekjuár 2019		Tekjuár 2020	
	Alm. launþegar	Launþ. m. A1	Alm. launþegar	Launþ. m. A1	Alm. launþegar	Launþ. m. A1	Alm. launþegar	Launþ. m. A1	Alm. launþegar	Launþ. m. A1
Atvinnutryggingargjald	1,350%		1,350%		1,350%		1,350%		1,350%	
Almennt tryggingagjald	5,400%	0,325%	5,400%	0,325%	5,400%	0,325%	5,150%	0,325%	4,900%	0,325%
Vinnueftirlit										
Staðlaráð										
Icepro										
Fæðingarorlofssjóður	0,650%		0,650%		0,650%		0,650%		1,100%	
Framlag til jöfnunar örorkubyrði										
lífeyrissjóða	0,325%	0,325%	0,325%	0,325%	0,325%	0,325%	0,325%	0,325%	0,325%	0,325%
Tryggingastofnun	4,425%		4,425%		4,425%		4,175%		3,475%	
Tryggingagjald alls (alm. + atv.trgj.)	6,750%	0,325%	6,750%	0,325%	6,750%	0,325%	6,500%	0,325%	6,250%	0,325%
Markaðsgjald	0,050%	0,050%	0,050%	0,050%	0,050%	0,050%	0,050%	0,050%	0,050%	0,050%
Gjald í ábyrgðasjóð launa	0,050%	0,050%	0,050%	0,050%	0,050%	0,050%	0,050%	0,050%	0,050%	0,050%
Tryggingagjald og önnur gjöld alls	6,850%	0,425%	6,850%	0,425%	6,850%	0,425%	6,600%	0,425%	6,350%	0,425%
Viðbót vegna slysatryggingar sjómanna	0,65%		0,65%		0,65%		0,65%		0,65%	

Virðisaukaskattur

- Útskattur við sölu telst ekki til tekna. Á sama hátt má ekki heldur draga innskatt við kaup á aðföngum frá tekjum
- Þetta gildir þó aðeins ef maður getur dregið innskattinn frá útskatti við uppgjör vsk
- Sé það ekki heimilt ber auðvitað að líta á kostnaðinn eins og hver önnur útgjöld í rekstri

Útvarpsgjald

má draga það frá tekjum?

- Frá og með álagningu 2009 leggja skattstjórar á útvarpsgjald. Hér er um að ræða sérstakt gjald sem skattstjórar leggja á samhliða álagningu opinberra gjalda
- Gjaldskylda hvílir á þeim einstaklingum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og þeim lögaðilum sem skattskyldir eru og bera sjálfstæða skattaðild skv. 2. gr. laga nr. 90/2003, öðrum en dánarbúum, protabúum og þeim lögaðilum sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 4. gr. sömu laga
- Skal gjaldið nema **16.400** kr. (2016) ár hvert á hvern einstakling og lögaðila
- Undanþegnir gjaldinu eru þeir einstaklingar sem ekki skulu sæta álagningu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra eða skulu fá það gjald felld niður skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra

126. löggjafarþing 2000–2001

Þskj. 648 — 340. mál

- Svar menntamálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndal um útvarpsgjald. Fyrirspurnin hljóðar svo:
 1. Lítur ráðherra á útvarpsgjald, afnotagjald Ríkisútvarpsins, sem skatt eða þjónustugjald? Flokkist það sem þjónustugjald, hvernig er þá þjónustan sem er keypt skilgreind?
 2. Hverjir njóta undanþágu frá greiðslu útvarpsgjalds eða fá afslátt af því og á grundvelli hvaða laga?
 3. Telst undanþága frá greiðslu útvarpsgjalds til skattskyldra hlunninda?
- ✓ Svar menntamálaráðherra er byggt á upplýsingum sem óskað var frá Ríkisútvarpinu í til efni af fyrirspurninni
- ✓ Svo sem reglum um útvarpsgjald er skipað með ákvæðum laga nr. 122/2000, um **Ríkisút varpið, er ekki með öllu einhlítt hvort telja beri það þjónustugjald eða skatt. Það hefur nokkur einkenni hvors tveggja.** Ef einvörðungu er horft til þeirra grunnþátta sem liggja innheimtu þess að baki ber vísast að telja það þjónustugjald
- ✓ **Sú staðreynd að mönnum er gert að greiða gjaldið án tillits til þess hvort þeir þiggja eða vilja þiggja þá þjónustu sem því er ætlað að standa undir, og í því sambandi það látið ráða úrslitum hvort menn eiga viðtæki sem nýta má til móttöku á útsendingum Ríkisútvarpsins, hefur óneitanlega á sér viss einkenni skattheimtu**
- ✓ Frá og með álagningu 2009 hafa þessi einkenni útvarpsgjaldsins aukist. Almennt verður því að telja að óheimilt sé að draga það frá tekjum

Ákvarðandi bréf nr. 007/2010

- Að gefnu tilefni vill ríkisskattstjóri benda á að útvarpsgjald sem einstaklingum og lögaðilum er gert að greiða samkvæmt 11. gr. laga nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., telst **ekki vera frádráttarbær rekstrarkostnaður** í skilningi 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, enda ekki ætlað til að afla rekstrartekna, tryggja þær eða halda þeim við
- Almennt gildir að álagðir skattar samkvæmt lögum nr. 90/2003 og gjöld álögð samkvæmt sérstökum lögum þar um teljast ekki frádráttarbær rekstrarkostnaður. Er gjaldfærsla því óheimil nema sérstaklega sé kveðið svo á um í viðkomandi lögum. Þannig er t.d. sérstaklega tekið fram í lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, og í lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, að álagt gjald samkvæmt lögunum teljist til rekstrarkostnaðar
- Ekkert sambærilegt ákvæði er í lögum nr. 6/2007 sem álagning útvarpsgjalds er byggð á né er þess getið í lögum nr. 90/2003 að útvarpsgjald sé frádráttarbært frá tekjum. Útvarpsgjald er skattur sem lagður er á óháð notkun útvarps og sjónvarps og er því ekki afnotagjald. Gjaldið rennur í ríkissjóð og er því t.d. ekki með öllu sambærilegt við sum önnur gjöld sem álögð eru og renna t.d. til félagasamtaka sem starfa í þágu viðkomandi starfsgreina
- **Samkvæmt þessu telur ríkisskattstjóri að ekki sé heimilt að færa útvarpsgjald til frádráttar á móti rekstrartekjum**

Ýmis kostnaður

- Gerð skattframtals og ársreikningsskil. Hvers konar kostnaður er það? **Eignakostnaður**
- Innheimta útistandandi krafna. Hvers konar kostnaður er það? **Tekjukostnaður**
- Málskostnaður vegna vangreiðslu kaupverðs vöru, varanlegra rekstrarfjármuna o. fl. Hvers konar kostnaður er það? **Eignakostnaður**
 - En Málskostnaður í landamerkjamáli/deilu um einkaleyfi o.fl. o.fl. **Eignakostnaður**
- Vörn í skattamáli/skattarefsimáli o.fl. Hvers konar kostnaður er það? **Einkakostnaður ...**

Fjármagnskostnaður

muna sérstöðu þessa kostnaðar

- Frá tekjum af atvinnurekstir má draga: rekstrarkostnað það er þau gjöld sem á árinu ganga til að afla ...
- ... þar með talið, vexti af skuldum, afföll, gengistöp,
Um skilgreiningu þessa, sjá tekjukaflann hér að framan
- Eins og áður segir má **ekki** draga gjöld sem tengjast **eignum** frá tekjum. Skv. því ættum við að gera mun á fjármagnskostnaði eftir því hvort hann tengist vörum eða varanlegum rekstrarfjármunum
- Skattlögin gera þó engan slíkan mun. Frá tekjum má því draga fjármagnskostnað óháð eðli hans
- MUNIÐ TÍMAFÆRSLUNA. Vextir og afföll gjaldfærast eftir áfellingar/greiðslutíma en gengismuni SKAL dreifa

Hvað þýðir þetta: Fastar og lausar skuldir

49. gr. TSL

- Til gjalda sem vextir, afföll og gengistöp af **skuldum**, sbr. 1. tölul. 31. gr., teljast:

1. Vextir af skuldum, **föstum og lausum**, þar með taldir dráttarvextir. Til vaxtagjalda má og telja lántökukostnað, árlegan eða tímabundinn fastakostnað, þóknanir, stimpilgjöld og þinglýsingarkostnað af lánum. Með vaxtagjöldum í þessu sambandi teljast og áfallnar verðbætur á höfuðstól og vexti

Þetta er frádráttar skilyrði
Ath. undantekningar. Muna aðstæðurnar sem þetta er samið í kringum

2. Afföll af seldum verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum skuldaviðurkenningum, **enda sé kaupandi bréfanna nafngreindur**. Afföllin skulu reiknuð til frádráttar með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir afborgunartíma. **Sé skuld yfirtekin af öðrum eða falli greiðsluskylda niður áður en afborgunartíma er lokið teljast eftirstöðvar affalla ekki til frádráttar tekjum. Hafi skuld verið yfirtekin í sambandi við eignasölu er seljanda þó heimilt að **lækka söluverð eignarinnar** um fjárhæð sem nemur eftirstöðvum affallanna, enda hafi hann verið upphaflegur skuldari hinnar yfirteknu skuldar**

3. Vextir af stofnsjóðsinnstæðum í félögum sem um ræðir í 2. tölul. 1. mgr. 2. gr.

Hvað með eignir spyr ég fáfróður maðurinn

4. Gengistöp **af hvers konar skuldum** í erlendum verðmæli á því ári sem gengisbreyting á sér stað og miðast þau við sölugengi viðkomandi erlends gjaldeysis í árslok

- Frá gengistapi ársins skal draga gengishagnað, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 8. gr., og færa mismuninn til gjalda sem gengistap með jafnri fjárhæð á þrjú ár frá og með því reikningsári sem gengistap fellur til

- Gjöld samkvæmt þessari grein eru aðeins frádráttarbær að fullu séu þau **TENGÐ** atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi

YSÚ 135/2011

- Kærandi var einkahlutafélag sem hafði að tilgangi sínum m.a. viðskipti með verðbréf og hvers kyns önnur fjárhagsleg verðmæti. Var starfsemi félagsins flokkuð sem eignarhaldsfélag samkvæmt ÍSAT2008
- Deiluefnið í málinu var gjaldfærsla taps af framvirkum samningi að fjárhæð 953.724.400 kr. í skattskilum félagsins. Í úrskurði yfirskattanefndar var rakið að hið umdeilda tap hefði stafað af skiptasamningum, sem kærandi hefði fengið framselda frá öðru einkahlutafélagi, þess efnis að viðskiptamaður skuldbatt sig til þess að greiða tilgreinda vexti af viðmiðunarfjárhæð hvers samnings á meðan mótaðili (viðskiptabanki) skuldbatt sig til að greiða viðskiptamanni þær hækkánir sem kynnu að verða á markaðsvirði viðmiðunarbréfa frá samningsdegi miðað við markaðsgengi viðmiðunarbréfanna á gjalddaga
- Taldi yfirskattanefnd ljóst að viðskipti með fjármálagerninga af þessu tagi yrðu talin til reglulegrar starfsemi kæranda. Samkvæmt ársreikningi kæranda fyrir umrætt ár hefðu einu tekjur kæranda verið vaxtatekjur að fjárhæð 1.171.161.528 kr. Þættu ekki efni til að draga í efa að óumdeilt tap kæranda af umræddum skiptasamningum hefði verið tilkomið í beinu samhengi við reglulega og eðlilega starfsemi félagsins. Með vísan til þess var fallist á kröfu kæranda

Skuldaraskipti

- Árið 2010 gaf P út skuldabréf að fjárhæð 20 millj. með veði í atvinnuhúsnæði sem hann var að byggja
- Bréf þetta sem var til 10 ára seldi P fyrir 15 millj. Skv. því nema afföllin 500 þús. á ári.
- Nú hefur P borist tilboð í eignina að fjárhæð 60 millj. Skv. tilboðinu býðst kaupandinn til að yfirtaka skuldina
- Bókfært verð atvinnuhúsnæðisins er 50 millj. Að öllu óbreyttu verður því 10 millj. hagnaður af sölunni
- Hvaða þýðingu hafa eftirstöðvar affallafrádráttarins við uppgjör hagnaðarins í þessu máli? P er búinn að gjaldf. 2. millj. Eftir standa því 3. millj. óbættar

Álag vegna vangreiðslu vsk. o.fl.

- Skv. vsl má gera atvinnurekanda álag ef hann greiðir ekki vsk. á tilsettum tíma
- Hliðstæð heimild er í tekjuskattslögum vegna vantalningar tekjuskattsstofns, síðbúins framtals o. fl.
- Þótt álagið sé í eðli sínu refsikennt viðurlag eins og það er kallað er samt litið á það sem vexti sem þýðir að gjaldfæra má það eins og venjuleg vaxtagjöld

Álag vegna síðbúinnar staðgreiðslu reiknaðs endurgjalds hvaða ári tilheyrir kostnaðurinn

- J er múrari að atvinnu. Skv. því ber honum að reikna sér 350.000 kr. í laun á mánuði
- Fyrir liggur að J greiddi ekki staðgreiðslu sína vegna des. sl. að fjárhæð 71.211 kr. fyrr en 25. jan. 2020
- Vegna þessa þarf hann að greiða 7.121 kr. í álag. Má J draga álagið frá tekjum í atvinnurekstri sínum? Já – hann má gera það

... ógreiddir vextir

- Hægt er að draga vexti þar með talið dráttarvexti frá tekjum svo að segja óendanlega
- Skv. því skiptir engu máli hversu langur greiðsludrátturinn er og má auðvitað deila um réttmæti þessa
- Hugsanlega ætti að takmarka frádráttarbærni dráttarvaxta við vanskil í 6 mánuði
- **HVAÐ FINNST ÞÉR UM ÞAÐ?**

Vaxtafrádráttur

Mál í uppnámi

- Sundagarðsmálið
 - Frádrætti synjað þar sem vextir tengdust ekki öflun tekna í atvinnurekstri
- Öfugur samruni – Toyota málið
 - Frádrætti synjað þar sem vextir tengdust ekki öflun tekna í atvinnurekstri

Eignakostnaður

frádráttur ekki heimill nema skv. lögum

- Frá tekjum af atvinnurekstri má aðeins draga kostnað sem gengur til að afla reglubundinna tekna
- **Kostnaður sem efnt er til að afla eigna er því almennt ófrádráttarbær**
- Sama gildir um kostnað sem hefur ríkari tengsl við eignir en tekjur, sbr. ýmsan kostnað hér að framan

Frádráttarbær eignakostnaður

hvað segja lögin

- ✓ Frá tekjum af atvinnurekstir má draga rekstarkotnaðar það er þau gjöld sem á árinu ganga til að afla ... þar með talið,
 1. það sem varið er til tryggingar og viðhalds á eignum þeim sem arð bera í rekstrinum svo og
 2. niðurfærslu og fyrningu eigna, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum. Sjá nánar 32. gr. og 33. gr., sbr. 37. gr. TSL

Tryggingar – viðhald eigna

ekki tekna. Skoðum orðin, sbr.

niðurlagsákvæði 1. mgr. 1. tölu. 31. gr. TSL

- Með eignum **sem arð bera** í rekstrinum er t. d. átt við fyrnanlegar eignir, ófyrnanlegar eignir?? sem notaðar eru við öflun tekna o. fl.
- Ákvæðið heimilar tvenns konar frádrátt. Annars vegar
 - **kostnað vegna trygginga eigna**. Hér til telst m.a. bruna-trygging, innbústrygging o. fl. Almennt er ekki erfiðleikum bundið að ákveða þennan kostnað
- og hins vegar
 - **kostnað vegna viðhalds eigna**. Ákvörðun þessa kostnaðar er hins vegar erfiðari og helgast það af því að mörkin milli viðhalds og endurbóta eru svo óskýr

Viðhald - endurbætur

- **Með viðhaldi** er átt við kostnað sem efnt er til í því skyni að halda eign í sama eða svipuðu ástandi og hún var þegar eignin var keypt. Markmiðið er því að tryggja að eign haldist óbreytt
- **Endurbætur**, þar með talin endurbygging eignar eftir tjón, er kostnaður sem auk þess að viðhalda eign í sama eða svipuðu ástandi bætir ástand hennar frá því sem það er

Matið

- Kanna verður í hverju framkvæmd felst. Er verið að mála í fyrsta sinn eða endurmála það sem málað hafði verið áður, skipta um glugga/hurð eða búa til nýtt gluggaop/hurðaop, taka upp vél í bát eða setja nýja vél í hann, er sú vél kraft meiri en sú sem var fyrir o. s. frv.
 - sjá úrskurð yfirskattanefndar nr. 294/2013
- Í sumum tilvikum getur jafnvel þurft að skipta kostnaði í viðhald og endurbætur

YSÚ 352/2002

- Ágreiningur í máli þessu laut að því hvort kostnaður kæranda vegna endurnýjunar á þremur hurðum á verkstæðishúsi hans skyldi teljast til endurbóta eða viðhalds, en fyrir lá að ein hurðin hefði skemmst þegar ekið var á hana
- Yfirskattanefnd taldi að í umræddum kostnaði hefði bæði falist viðhald og endurbætur. Var fallist á að þriðjungur kostnaðar við hurðirnar félli undir frádráttarbæran viðhaldskostnað auk þess sem krafa kæranda um gjaldfærslu kostnaðar vegna breytinga á raflögnum vegna hurðaskiptanna var tekin til greina

YSÚ 335/2003

- Skattstjóri hafnaði því að gjaldfærður viðhaldskostnaður fasteignar í skattskilum kæranda, sem var hlutafélag, gæti að öllu leyti talist vera vegna viðhalds húsnæðis, heldur hefði að hluta til verið um að ræða endurbætur á húsnæðinu. Af hálfu kæranda var bent á að þar sem um **leiguhúsnæði** væri að ræða hlytu umrædd útgjöld að teljast til viðhalds. Því sjónarmiði kæranda var hafnað í úrskurði yfirskattanefndar og tekið fram að breytingar og endurbætur á leiguhúsnæði gætu eftir atvikum fallið undir ákvæði um fyrnanlegar eignir í 32. gr. laga nr. 75/1981
- Var fallist á með skattstjóra að í gjaldfærðum viðhaldskostnaði hefði falist kostnaður vegna endurbóta á umræddri fasteign sem borið hefði að eignfæra og fyrna í skattskilum kæranda. Hins vegar var fallist á varakröfu kæranda þess efnis að **helmingur kostnaðar vegna endurnýjunar á raflögnum, gluggum og þaki og pípulögnum** teldist til viðhaldskostnaðar, þ.m.t. efniskostnaður. Ekki var talið heimilt að miða við hærra fyrningar hlutfall en 6% vegna umræddra endurbóta

Maður kaupir
ekki nýtt fyrir
gamalt

Viðhald eigna, sjá 4. gr. reglugerð nr. 483/1994

- (1) Til rekstrarkostnaðar telst viðhald á eignum, sem notaðar eru við atvinnurekstur. Viðhald telst það sem gera þarf til þess að halda eignunum eða einstökum hlutum þeirra í svipuðu ástandi og þær voru í, þegar rekstraraðili eignaðist þær, hvort heldur þær voru þá gamlar eða nýjar
- (2) Þó að eign gangi úr sér fyrir aldurs sakir, þ.e. fyrnist, þá skal hún samt talin í svipuðu ástandi að því er viðhald varðar. Fyrning hennar kemur hins vegar til frádráttar skv. 7. gr.
- (3) **Endurbætur á eign, sem hefur verið keypt, eða er orðin úr sér gengin fyrir aldurs sakir, stækkun eða breyting hennar, skal ekki talin til viðhalds. Til viðhalds skal aftur á móti telja að halda eigninni í svipuðu ástandi og hún varð að stækkun, breytingu eða endurbót lokinni**
- (4) Sé annars vegar viðhald og hins vegar breytingar, endurbætur og/eða stækkun framkvæmd í einu lagi, verður að meta hvað telst til hvors um sig
- (5) Ef eigendaskipti verða að húsi eða öðrum eignum, má eigi leyfa til frádráttar hærri fjárhæðir til viðhalds en teljast mega eðlilegar og venjulegar, hvorki hjá seljanda né kaupanda. Það sem í slíkum tilfellum er umfram venjulegt viðhald, skal talið endurgoldið með söluverði eignarinnar eða hluti af kaupverði, þ.e. kostnaðarverði hennar
- (6) Ef endurnýjuð er eign, sem eyðst hefur vegna slysa eða af öðrum ástæðum, t.d. skip farist, bryggja ónýst, hús brunnið eða fokið o.s.frv., þá telst það ekki til viðhalds
- (7) Þegar um er að ræða flokkunarviðgerðir skipa og hliðstæðar viðgerðir flugvéla, er útgerðar- og flugrekstrarfyrirtækjum heimilt að dreifa greiddum kostnaði af slíkum viðgerðum til frádráttar **tekjum það ár sem viðgerðin var framkvæmd og næstu ár þar á eftir, þó ekki á lengri tíma en viðurkennt flokkunartímabil**

Þetta er svoldið sérstök heimild

Annar eignakostnaður

undantekning frá meginreglu

- Í 31. gr. tekjuskattslaga er að finna nokkur ákvæði sem heimila frádrátt eignakostnaðar. Þessi ákvæði eru tvenns konar:
- Annars vegar: taps/tjónsfrádráttur
 - 3. tölul. 31. gr. TSL. Skv. þessu ákvæði má draga **tap** á útistandandi viðskiptakröfum, ábyrgðum og lánveitingum frá tekjum
 - 5. tölul. 31. gr. TSL. Skv. þessu ákvæði má draga sannanlega **tapað** hlutafé frá tekjum
 - 8. tölul. 31. gr. TSL. Skv. þessu ákvæði má draga **tap** af atvinnurekstri frá tekjum í ákveðinn árafjölda eftir að það myndast
- Hins vegar: niðurfærsluréttur
 - 3. tölul. 31. gr. TSL. Skv. þessu ákvæði má færa útistandandi viðskiptakröfur og lánveitingar í árslok niður um 5%
 - 4. tölul. 31. gr. TSL. Skv. þessu ákvæði má færa vörubirgðir í árslok niður um 5%

3. tölul. 31. gr. TSL hljóðar svo:

- Tap á útistandandi viðskiptakröfum, ábyrgðum og lánveitingum,
 - sem beint tengjast atvinnurekstrinum,
- Heimilt er að draga tapið frá tekjum
 - á því tekjuári sem eignir þessar **sannanlega eru tapaðar**
 - SÖNNUNARBYRGÐIN HVÍLIR Á SKATT-
AÐILA, ÞAÐ ER FYRIRTÆKINU

YSÚ 135/2011

aðalstarfsemi, kaup og sala

- Kærandi var einkahlutafélag sem hafði að tilgangi sínum m.a. **viðskipti með verðbréf og hvers kyns önnur fjárhagsleg verðmæti**. Var starfsemi félagsins flokkuð sem eignarhaldsfélag samkvæmt ÍSAT2008. Deiluefnið í málinu var gjaldfærsla taps af framvirkum samningi að fjárhæð 953.724.400 kr. í skattskilum félagsins
- Í úrskurði yfirskattanefndar var rakið að hið umdeilda tap hefði stafað af skiptasamningum, sem kærandi hefði fengið framselda frá öðru einkahlutafélagi, þess efnis að viðskiptamaður skuldbatt sig til þess að greiða tilgreinda vexti af viðmiðunarfjárhæð hvers samnings á meðan mótaðili (viðskiptabanki) skuldbatt sig til að greiða viðskiptamanni þær hækkanir sem kynnu að verða á markaðsvirði viðmiðunarbréfa frá samningsdegi miðað við markaðsgengi viðmiðunarbréfanna á gjalddaga
- Taldi yfirskattanefnd ljóst að viðskipti með fjármálagerninga af þessu tagi yrðu talin til **reglulegrar starfsemi kæranda**. Samkvæmt ársreikningi kæranda fyrir umrætt ár hefðu einu tekjur kæranda verið vaxtatekjur að fjárhæð 1.171.161.528 kr. Þættu ekki efni til að draga í efa að óumdeilt tap kæranda af umræddum skiptasamningum hefði verið tilkomið í beinu samhengi við reglulega og eðlilega starfsemi félagsins. Með vísan til þess var fallist á kröfu kæranda

YSÚ 147/2011

- Deilt var um heimild kæranda, sem var eignarhaldsfélag, til að færa 5% niðurfærslu af skuldabréfaeign sinni í árslok 2008
- Í úrskurði yfirskattanefndar var vísað til þess að hin umþætta gjaldfærsla fæli í sér niðurfærslu á verði framseljanlegra verðbréfa, einkum skuldabréfa og víxla, sem almennt gengju kaupum og sölum á verðbréfamarkaði og væri starfsemi félagsins gagngert fólgin í eignarhaldi slíkra fjármálaafurða og viðskiptum með þær
- Var ekki talið að í tilviki kæranda væri um að ræða „lánveitingar sem beint tengjast atvinnurekstrinum“ í skilningi 3. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 8. og 9. másl. 5. tölul. 73. gr. sömu laga. Var kröfu kæranda um gjaldfærslu því hafnað. Jafnframt var kröfu kæranda um niðurfellingu álags hafnað

Viðskiptakröfur

- Kröfur sem eiga rót að rekja til sölu á vöru og þjónustu svo og varanlegum rekstrarfjármunum
- Skorti lán/skuld þessi tengsl orkar frádrátturinn meira tvímælis. Svo er t.d. um lán sem veitt eru vegna stofnunar félaga, vinargreiða og þess háttar

Tapaðar kröfur

sbr. 3. tölul. 31. gr. TSL

- Þetta ákvæði er hannað í kringum þær aðstæður sem algengar voru hér á landi fyrir um 50 árum
- Kaupmaður selur vöru eða þjónustu gegn greiðslu með víxli. Skv. því orkar ekki tvímælis að krafan tengist atvinnurekstrinum beint
- Kaupmaðurinn fer svo með víxilinn í banka og selur hann með afföllum og með persónulegri ábyrgð sinni. Hin beinu tengsl rofna því ekki
- Ákvörðun frádráttar í þessum tilvikum er því ekki erfið. Meira mál er hins vegar að ákveða frádráttinn vegna lánveitinga

Sjá 14. gr.

reglugerðar nr. 483/1994

- (1) Tap á kröfu sbr. 13. gr. telst **sannanlegt**:
 - a. Ef krafan er fyrnd eða það sannast á **fullnægjandi hátt** að eignir séu eigi til fyrir henni eða hún verði eigi greidd, svo sem við gjaldprot, nauðasamninga, árangurslaust fjárnám o.þ.h.
 - b. Ef telja má fullvíst að krafan fáiist eigi greidd, enda þótt atvik þau sem um ræðir í a-lið séu eigi fyrir hendi. Líkur einar eru þó eigi nægar, heldur verða **öll rök að liggja til þess að hún sé að fullu töpuð**. Að það hafi sýnt sig við ítrekaðar innheimtutilraunir, þ.m.t. annarra kröfuhafa, að skuldari sé ófær til greiðslu, að hvorki fáiist af kröfunni afborganir og vextir né veð fyrir henni og efnahagur skuldara og afkoma sé þannig að greiðslu verði ekki að vænta, enda sé eigi um gagnkröfu að ræða af hans hendi
- (2) Ef hluti af kröfu tapast, t.d. við gjaldprot eða samninga um eftirgjöf, eða veð fæst aðeins fyrir hluta hennar, eða á annan hátt er fengin víska fyrir því að hluti hennar fáiist eigi greiddur, er leyfilegt að afskrifa hann, enda hafi skuldareigandi fullnægjandi reikningshald
- (3) Sé krafa, sem afskrifuð hefur verið, greidd að fullu eða hluta telst það til tekna á því ári er greiðsla átti sér stað

Úrskurður nr. 619/1997

Virðisaukaskattur 1992

- Í málinu var fjallað um heimild kæranda til að draga tapaðar viðskiptakröfur frá skattskyldri veltu við uppgjör hennar, en kærandi hafði ranglega fært skattfjárhæð vegna krafanna til hækkunar á innskatti í skattskilum sínum
- Fallist var á að krafa á hendur einum tilgreindum skuldara hefði verið töpuð á því tímabili sem málið varðaði, en fyrir lá að **árangurslaust fjárnám** hafði þá farið fram í eignum hans
- Að öðru leyti var kærandi ekki talinn hafa lagt fram gögn til stuðnings því að kröfur hefðu verið tapaðar á umræddu tímabili

Úrskurður nr. 558/1998

Gjaldár 1995 og 1996

- Kærandi, sem var einkahlutafélag, færði til gjalda í skattskilum sínum ábyrgðir sem féllu á félagið vegna gjaldþrots A, **en kærandi og A höfðu tekist á hendur ábyrgð á ýmsum skuldbindingum hvors um sig**
- Fram komnar skýringar báru frekast með sér að um hefði verið að ræða **gagnkvæma aðstoð** aðila vegna rekstrar hvors þeirra um sig - vinargreiði
- Yfirskattanefnd taldi lagaskilyrði ekki uppfyllt fyrir frádrætti umræddra ábyrgðartapa frá tekjum og synjaði kröfu kærandi

Úrskurður nr. 111/2004

Gjaldár 2002

- Að virtum fyrirbyggjandi upplýsingum um árangurslaust fjárnám í eignum Z ehf. í nóvember 2001, **sem gert var að kröfu lífeyrissjóðs og var grundvöllur að úrskurði um gjaldprotaskipti Z ehf. á árinu 2002**, var fallist á kröfu kæranda, sem var einkahlutafélag, um gjaldfærslu tapaðra krafna á hendur Z ehf. í skattskilum kæranda árið 2002
- Vegna samsköttunar kæranda sem dótturfélags með móðurfélagi, A ehf., leiddi sú niðurstaða til gjaldabreytinga hjá A ehf.

Úrskurður nr. 199/2005

Gjaldár 2003

- Kröfum kæranda um gjaldfærslu tapaðra útistandandi krafna á hendur X ehf. vegna vinnu kæranda sem undirverktaka í þágu þess félags var hafnað með úrskurði yfirskattanefndar
- Í úrskurðinum var bent á að gjaldfærsla krafnanna í skattskilum kæranda hefði engan veginn svarað til krafnanna sjálfra, enda hefði kærandi ekki tekið mið af upphaflegum kröfum án virðisaukaskatts heldur horft til skuldaskjala (viðskiptavíxla) vegna krafnanna og uppgjörs þeirra ásamt margvíslegum og verulegum vanskilakostnaði. Hefði gjaldfærð fjárhæð því engan veginn staðist. Þá lá ekkert fyrir um skiptalok vegna gjaldþrotaskipta X ehf. á árinu 2002. Var kærandi ekki talinn hafa sýnt fram á að umræddar kröfur hefðu verið sannanlega tapaðar á tekjuárinu 2002
- Í úrskurðinum var einnig fjallað um lækkun skattstjóra á gjaldfærðum vaxtagjöldum kæranda, **sem byggði á því að kærandi hefði tekið fé út úr rekstri einkafirma síns, umfram hagnað ársins þrátt fyrir neikvæða stöðu eigin fjár rekstrarins.** Talið var að skattstjóra hefði borið við útreikninga sína í þessu sambandi að taka tillit til reiknaðs endurgjalds kæranda vegna starfseminnar þrátt fyrir að kærandi hefði í skattskilum sínum felld hið reiknaða endurgjald niður vegna taps, sbr. 3. mgr. 58. gr. laga nr. 90/2003. Var lækkun skattstjóra á gjaldfærðum vaxtagjöldum felld úr gildi

Úrskurður nr. 208/2006

Gjaldárið 2003

- Kærandi krafðist þess að honum yrði heimilað að færa til gjalda í rekstrarreikningi **töpuð fjárframlög** (lánveitingar) og áfallnar ábyrgðarskuldbindingar vegna X ehf., en félag þetta var gjaldþrota
- Kærandi var meðal stofnenda X ehf. og eigandi að hlutafé í félaginu. Í úrskurði yfirskattanefndar var talið ljóst að tilgangur með þátttöku kæranda í stofnun og rekstri X ehf. hefði verið að hasla sér völl á nýju sviði í atvinnurekstri, sem verið hefði alls óskyldur þeim rekstri sem kærandi hefði haft með höndum um árabíl, **og að umrædd fjárframlög kæranda og ábyrgðarskuldbindingar hefðu bersýnilega verið til að ýta starfsemi X ehf. úr vör og tryggja áframhald rekstrar félagsins**
- Var talið að lagaskilyrði um **bein tengsl** tapaðra krafna og ábyrgðar-skuldbindinga við atvinnurekstur kæranda væri ekki fullnægt og var kröfum kæranda hafnað

YSÚ 252/2014

- Kærandi var hlutafélag sem hafði með höndum eignaumsýslu og kaup og sölu hlutabréfa. Á árinu 2004 stóð kærandi ásamt Z-banka að stofnun félags í Lúxemborg, X S.A., sem keypti í kjölfarið hlutabréf af kæranda. Voru viðskiptin fjármögnuð af Z-banka og í tengslum við þau gekkst kærandi í ábyrgð fyrir X S.A. Síðar féll ábyrgðin á kæranda
- Ríkisskattstjóri taldi að ábyrgðin hefði verið veitt í **greiðaskyni** eða sem aðstoð við stofnun eða rekstur X S.A. og felldi niður gjaldfærslu hennar í skattskilum kæranda
- Yfirskattanefnd taldi að ekki yrði litið framhjá því að veiting ábyrgðarinnar hefði með beinum hætti tengst sölu kæranda á hlutabréfum til X S.A. og verið forsenda þess að af sölunni gæti orðið vegna kröfu lánveitanda, Z-banka
- Voru ekki talin efni til að draga í efa að tilgangur kæranda með ráðstöfunum þessum hefði verið að takmarka áhættu félagsins af eignarhaldi að hlutum í tilgreindum félögum, sem verið hefðu verulegur hluti af eignasafni kæranda á þeim tíma, og innleysa hagnað vegna sölu hlutabréfanna. Var hinni kærðu ákvörðun ríkisskattstjóra því hnekt

Berið saman við 24.
gr. TSL
Hverju munar?

Tapað hlutafé

EINUNGIS ATVINNUREKENDUR HAFA FRÁDRÁTTARRÉTT

Niðurfærsla
er sama og
lækkun

- Frá tekjum af atvinnurekstri má draga
 - Sannanlega tapað hlutafé í félögum sem orðið hafa **gjaldþrota**. Sama gildir um hlutafé sem tapast hefur vegna þess að það hefur verið fært niður í kjölfar **nauðasamninga** samkvæmt lögum nr. 21/1991
- Athugið að félagið, sem hlutabréfin eru í, verður að vera orðið gjaldþrota svo að frádráttur sé heimill
- Ákvæðið veitir einnig rétt til að draga niðurfærslu eða lækkun hlutafjár frá tekjum. Skilyrði er þó að lækkunin sé framkvæmd í kjölfar nauðasamninga skv. lögum nr. 21/1991

Tilgangur ákvæðisins

- Hlutverk ákvæðisins er að koma til móts við kröfuhafa vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja
- Umbreytingu krafna í hlutafé á semsé ekki að skerða frádráttarrétt þess

Úrskurður nr. 30/2009

einstaklingar sitja ekki við sama borð og ...

- Talið var að virða bæri ráðstöfun kæranda á hlutabréfum í X ehf. til bróður síns á árinu 2006 fyrir 1 kr. sem málamyndagerning sem horfa bæri framhjá í skattalegu tilliti, enda var óumdeilt að hlutabréfin voru verðlaus eða því sem næst verðlaus í hendi kæranda á greindum tíma
- Var byggt á því að frádráttur sölutaps hlutabréfanna í skattframtali kæranda árið 2007 hefði í raun verið afskrift hlutabréfanna þar sem hlutaféð í X ehf. taldist tapað. Þar sem skilyrði fyrir frádrætti sölutaps voru þannig ekki uppfyllt og frádráttur kom ekki til álita á öðrum grundvelli var kröfum kæranda hafnað

Rekstrartap, 8. tölul. 31. gr. TSL

skattasniðgöngusjónarmið

Eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu **tíu árum** á undan tekjuári, enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrartapinu og eftirstöðvum þess á því tekjuári þegar tapið myndaðist

Skoðum þetta síðar

Þó er ekki heimilt að nýta rekstrartap til frádráttar tekjum ef veruleg breyting hefur orðið á þeim rekstri eða starfsemi sem í hlut á, svo sem með breytingu á eignaraðild að lögaðila eða á tilgangi rekstrar, nema sýnt þyki að umræddar breytingar hafi verið gerðar í eðlilegum og venjulegum rekstrartilgangi

Rekstrarkostnaður og einkakostnaður

Í Guðsbænum verið íhaldssöm

ekki skiptir máli þótt kostnaðurinn sé nauðsynlegur

- Með einkakostnaði er átt við þau gjöld sem notuð eru til að fullnæja persónulegum þörfum skattaðila. Kostnaðurinn gengur því ekki til að afla tekna og þess vegna er frádráttur hans óheimill
- **AF HVERJU MÁ EKKI DRAGA EINKAKOSTNAÐ FRÁ TEKJUM?**
- Tekjur eru mælikvarði á greiðslugetu manna, þar á meðal getu þeirra til að fullnægja persónulegum þörfum sínum. Ef heimilt væri að draga einkakostnað frá tekjum myndi skattskyldan einfaldlega takmarkast við eignaaukningu, það er sparnaðinn sem slíkan, sem varla getur talist eðlilegt
- Mest um vert er þó að slíkur frádráttur myndi valda stórkostlegu ójafnræði milli launþega og atvinnurekenda. Hinir fyrrnefndu væru einfaldlega látnir kosta framfærslu hinna síðar töldu

Persónulegar þarfir atvinnurekanda

Vegna eðlis kostnaðarins er tengslakrafan kannski ríkari en annars

- **fyrir mat.** Matarkaup má því ekki draga frá tekjum nema þau ...
- **fyrir drykki.** Drykkjarföng má því ekki draga frá tekjum nema þau ...
- **fyrir föt.** Fatakaup má því ekki draga frá tekjum nema um sé að ræða ...
- **fyrir útlitsbreytingar.** Klippingu, hárgreiðslu, föðrun o. fl. má því ekki draga frá tekjum ...
- **fyrir flutning.** Aksturskostnað má því ekki draga frá tekjum ...
- **fyrir húsaskjól, barnapössun, skemmtan, blöð og tímarit, sjónvarp ...**

YSÚ 881/1997

- Fjallað um frádráttarbærni kostnaðar í skattskilum kæranda, sem m.a. höfðu með höndum kjötvinnslu og eignaleigu, þ. á m. um frádráttarbærni ferða- og bifreiðakostnaðar. Þá var deilt um gjaldfærslu kæranda á framlagi til sjóðs sem þau stofnuðu sjálf. Markmið sjóðsins samkvæmt skipulagsskrá var að stuðla að endurmenntun og símenntun manna, einkum á sviði matvælaframleiðslu, verslunar- og skrifstofustarfa, svo og að styðja við vísindalega rannsóknarstarfsemi, sérstaklega á sviði matvælaframleiðslu, og styrkja slysavarnir, byggingu hvíldar- og heilsuheimila og þá er slösuðust og ættu við veikindi að stríða
- Yfirsattanefnd benti á að eins og skipulagsskrá fyrir sjóðinn væri úr garði gerð hvíldi engin skylda á stjórn sjóðsins til að úthluta úr honum til þeirra málaflokka sem að framan er getið að því leyti sem þau markmið féllu undir viðkomandi frádráttarheimildir skattalaga. Fram kom í málinu að aldrei hafði verið úthlutað úr sjóðnum á þeim tíma sem málið varðaði. Að þessu athuguðu og með vísan til H 1995:435 hafnaði yfirsattanefnd kröfu kæranda um frádrátt tillaga í umræddan sjóð. Álagsbeiting skattstjóra var staðfest

YSÚ 217/1997

- Í málinu var deilt um fatakostnað, kostnað vegna árshátíðar og jólagjafa, kaffi- og matarkostnað og bifreiðakostnað til frádráttar í skattskilum kæranda (hlutafélag sem hafði með höndum löndunarþjónustu)
- Yfirskattanefnd féllst á gjaldfærslu **flotvinnusamfestings**, enda væri hann í eigu félagsins sjálfs og ætlaður til notkunar við tiltekið starf, án tillits til þess hver innti það af hendi í hvert skipti. Kærandi þótti ekki hafa gert þá grein fyrir notkun **fóðraðra stígvéla og loðfóðraðra samfestinga** að fallast mætti á gjaldfærslu þeirra
- Fallist var á frádrátt kostnaðar vegna árshátíðar og jólagjafa til starfsfólks. Síðarnefndur liður var áætlaður til frádráttar miðað við fjölda starfsmanna og með hliðsjón af verðmæti tækifærisgjafa almennt
- Þá var áætlun skattstjóra á frádráttarbærum kostnaði vegna kaffiveitinga á vinnustað staðfest. Talið var að skattstjóri hefði ekki rökstutt nægilega niðurstöðu sína um lækkun bifreiðakostnaðar. Sá þáttur í úrskurði skattstjóra var því felldur úr gildi

YSÚ 372/1997

- Í málinu var fjallað um gjaldfærslu kostnaðar sjálfstætt starfandi manns vegna kaupa á vinnufatnaði (hlífðarfötum) til eigin nota. Í úrskurði yfirskattanefndar var gerð almenn grein fyrir sjónarmiðum sem talið var að leggja bæri til grundvallar við úrlausn um slík ágreiningsefni
- Í tilviki kæranda, sem var sjálfstætt starfandi læknir, var fallist á að útgjöld vegna **hlífðarsloppa** teldust til rekstrar kostnaðar. Hins vegar var kærandi ekki talinn hafa sýnt fram á frádráttarbærni kostnaðar vegna kaupa á klossum
- Þá var kærandi ekki talinn hafa sýnt fram á að **félagsgjöld til Læknafélags Íslands** stæðu í þeim tengslum við sjálfstæða starfsemi hans eða væru honum nauðsynleg við tekju öflunina á þann hátt að þau gætu talist frádráttarbær rekstrarkostnaður

BÓNUS Nýtt kortatímabil í Bónus **BÓNUS** Nýtt kor

Veröld/Fólk | mbl | 20.2.2014 | 14:10 | Uppfært 14:38

Búningar tilkomnir vegna skattalaga



Hljómsveitin ABBA. Skjáskot af Youtube.com

Hinir skrautlegu búningar sem meðlimir sænsku hljómsveitarinnar Abba klæddust á sínum tíma voru ekki aðeins tilkomnir vegna tískunnar á 8. og 9. áratugnum, heldur einnig vegna skattalöggjafarinnar í Svíþjóð.

The Guardian greinir frá því að hljómsveitin hafi reynt að forðast háa skattlagningu sænskra stjórnvalda með því að beita ákvæði í skattalöggjöfinni. Þar var kveðið á um að kostnað vegna búninga mætti draga frá skatti ef ljóst þætti að þeir væru það skrautlegir að ekki væri hægt að nota búningana úti á götum.

Haft er eftir einum meðlima sveitarinnar, Birni Ulvaues, að þau hafi litið út eins og vitleysingar í þessum búningum. „Enginn var eins illa klæddur á sviði og við,” segir hann.

[Frétt The Guardian](#)



Camilla Läckberg og andre forfattere kan trekke fra utgifter for enkelte reiser på skatten, men ikke for alt. Sjekk reglene her.

HENRIKSSON, JANERIK / CHRISTOPHE SIMON

Forfattere og reiser:

Slik får forfattere godkjent eksotiske reiser

Krimforfatter Camilla Läckberg fikk skattesmell på en halv million kroner fordi hun førte bryllupsreisen til Italia som «jobbreise». Sjekk hva forfattere og andre næringsdrivende kan trekke fra på skatten.

Skattesmell. Den svenske forfatteren Camilla Läckberg ble etterlignet og må betale over en halv million kroner i skatt og straffeskatt. Skatteverket mente hun hadde [utgiftsført en rekke private utgifter](#) som arbeidsutgifter.

Nylig skrev også [VG om at ABBA](#) opptrådte i svært utspjåket kostymer for å være sikre på å få skattefradrag. Ifølge popgruppen fikk de ikke fradrag for klær som de også kunne bruke på fritiden.

Les også: [Så mye må du vinne for å ta ferie resten av livet](#)

Ikke utbredt problem. Den norske Forfatterforeningen kjenner ikke til at noe lignende har skjedd med norske forfattere, opplyser lederen Sigmund Løvåsen. Forfatterforeningen har 600 medlemmer, og har inntrykk av at det norske regelverket er oversiktlig.

– Det er jo utgifter til inntekters ervervelse som skal føres. Men det vil være skjønnsmessig vurderinger for forfatteren i mange tilfeller, fordi noen av utgiftene omfatter varer eller tjenester som mange forbinder med privat forbruk, innrømmer han.

Les også: [Nå vil «alle» bytte jobb](#)

♦ annonse



Need a Car in Reykjavik?

www.bluecarrental.is/Reykjavik

Great Car Selection - Great Prices. Hotel drop offs. Save online!



Eget hefte. Dette er et tema som norske forfattere trenger veiledning i, bekrefter Sigmund Løvåsen.

– Vi har fått utarbeidet heftet «Skribenter og skatt» av økonomiskribenten Otto Risanger som vi tilbyr våre medlemmer, om hvilke utgifter som kan godkjennes av skattemyndighetene, sier han.

Dette heftet oppdateres hvert år.

Les også: [Har du store fradrag? Du kan få høyere skatt](#)

«Arbeidsro» og «inspirasjon.

Økonomiskribent Risanger forteller at grensene er nærmere satt gjennom en rekke dommer.

– Kunstneres utgifter til å trekke seg tilbake til en skrivestue, ut fra behov for å isolere seg for å konsentrere seg, vil i utgangspunktet ikke kunne gi fradrag, sier han.

Utgifter bare til inspirasjon godkjennes heller ikke, understreker eksperten.

Men i næringsoppgaven kan man i utgangspunktet føre opp all verdens utgifter, og svært ofte går dette glatt igjennom, sier Otto Risanger.

Men så hender det at noen blir plukket ut og gått etter i sømmene, og da kan det



KJENT PROBLEM: – Utgifter av rent privat karakter er en kjent problemstilling som vi har et blikk for i vår kontrollvirksomhet, sier seksjonssjef Astrid Margrethe Dugstad Tveter i skatteetaten. Foto: Scanpix

Jobb Og Pensjon

AV: ANNE LISE STRANDEN

Publisert: 23.02.2014 09:38, Oppdatert: 23.02.2014 09:38



2



0



Anbefal

6



Skattesmell. Den svenske forfatteren Camilla Läckberg ble etterlignet og må betale over en halv million kroner i skatt og straffeskatt. Skatteverket mente hun hadde [utgiftsført en rekke private utgifter](#) som arbeidsutgifter.

Nylig skrev også [VG om at ABBA](#) opptrådte i svært utspjåket kostymer for å være sikre på å få skattefradrag. Ifølge popgruppen fikk de ikke fradrag for klær som de også kunne bruke på fritiden.

Les også: [Så mye må du vinne for å ta ferie resten av livet](#)

Ikke utbredt problem. Den norske Forfatterforeningen kjenner ikke til at noe lignende har skjedd med norske forfattere, opplyser lederen Sigmund Løvåsen. Forfatterforeningen har 600 medlemmer, og har inntrykk av at det norske regelverket er oversiktlig.

– Det er jo utgifter til inntekters ervervelse som skal føres. Men det vil være skjønnsmessig vurderinger for forfatteren i mange tilfeller, fordi noen av utgiftene omfatter varer eller tjenester som mange forbinder med privat forbruk, innrømmer han.

Les også: [Nå vil «alle» bytte jobb](#)

♦ annonse



Need a Car in Reykjavik?

www.bluecarrental.is/Reykjavik

Great Car Selection - Great Prices. Hotel drop offs. Save online!



Studiereiser. Forfattere har derimot krav på utgifter til studiereiser og opphold med tanke på konkret research (bakgrunnsundersøkelser), understreker han. Det har Oslo byrett slått fast.

– Jeg vil tro at utgiftene for Jo Nesbø til bøkene Kakkerlakkene og Flaggermusmannen i henholdsvis Thailand og Australia helt klart er innenfor. Der beskriver han miljøene inngående, og kunne aldri skrevet bøkene uten å ha vært der, sier Risanger.

Jo Nesbø er i Asia for øyeblikket og er ikke tilgjengelig for kommentar, opplyser kommunikasjonssjef Mona Ek i Aschehoug Litteratur.

Les også: [Slik kan praksisplass gi kremjobb](#)

Sjelden et problem. Ifølge Advokat Jan Terje Helmlí i Norsk faglitterær forfatter- og oversetterforening (NFF) tas problemer med utgiftsføring veldig sjelden opp med foreningen.

– Fra mine 16 år i er jeg kun kjent med én sak som har likhetstrekk med Läckbergsaken. Da dreide det seg om grensdragningen mellom innkjøp av faglitteratur for å kunne holde seg à jour i yrket, på den ene siden, og fradragsberettigede innkjøp av faglitteratur i tilknytning til vedkommendes næringsvirksomhet som forfatter, på den andre siden.

Vedkommende var pedagogisk tilsatt, mottok vanlig lønn for dette og benyttet seg av standard minstefradrag for lønnsinntektene. Litteraturkostnadene ble ansett for å inngå i minstefradraget, forteller Helmlí til Dine Penger.

Ikke fradrag for privat forbruk. – Kostnader som gjelder den enkeltes private forbruk er selvsagt ikke noe som inngår i fradragsretten og er ikke noe som skal belastes andre skattebetalere, understreker Astrid Dugstad Tveter i Skattedirektoratet.

For at du skal ha rett til fradrag, må det være en tilknytning mellom kostnaden og en skattepliktig inntekt eller en inntektsgivende aktivitet. Private kostnader, for eksempel kostnader som knytter seg til ikke-skattepliktige fritidsaktiviteter, er ikke fradragsberettiget.

Reiser må vurderes. Han trekker spesielt frem reiser som en utgiftspost som må vurderes i hvert enkelt tilfelle.

– Mange forfattere bruker jo ofte reiser til inspirasjon til sine bøker, og her kan det være tilfeller der skattemyndighetene kanskje har en annen oppfatning, sier han.

– Hvis man reiser på en research-tur der handlingen i boken ligger i det landet, er dette helt innenfor, forklarer han.

For kunstnere og andre næringsdrivende kan det være en glidende overgang hva som er private utgifter og utgifter til inntekts ervervelse.

Les også: [Vi får lønnsøkning på 17.600 kroner i 2014](#)

Private utgifter. Skattedirektoratet har imidlertid eksempler på saker hvor det er krevd fradrag for utgifter som er rent private.

Etaten kan ikke uttale seg om konkrete saker, men det er en kjent problemstilling som de har et blick for i sin kontrollvirksomhet.

– Ikke sjelden handler det om arrangementer av helt privat karakter som bursdager og konfirmasjon, ferieturer og andre aktiviteter som koster en del, sier Astrid Dugstad Tveter, seksjonssjef i Skattedirektoratet.

Eget hefte. Dette er et tema som norske forfattere trenger veiledning i, bekrefter Sigmund Løvåsen.



AVSLÖRT AV BILDER: Ekstra avslørte i nyttårsutgaven at den svenske forfatteren Camilla Läckberg førte opp bryllupsreisen som jobbreise. Nå har hun fått skattesmell.



Risna er dæmigerður einkakostnaður

til að vera frádrattarbær verður kostnaðurinn því

að tengjast starfseminni náíð

fradragsberettiget representasjón

- Risna vegna atvinnurekstrar, þ.e. sá kostnaður sem lagt er í til að ljúka viðskiptum, afla nýrra viðskiptasambanda eða halda þeim við, enda sé kostnaður eðlilegur miðað við tilefni
- Frádráttarbær risna þarf að beinast að aðilum **sem ekki starfa við fyrirtækið** eða tengjast því með öðrum hætti, svo sem stjórnarmenn eða hluthafar
- Til staðfestingar risnukostnaði þurfa upplýsingar m.a. um tilefni risnu, hverjir hennar nutu og **tengsl** þeirra við fyrirtækið að liggja fyrir með aðgengilegum hætti
- Kostnaður vegna funda sem beinlínis **tengjast** atvinnurekstrinum, svo sem kostnaður vegna aðalfunda, hluthafafunda og stjórnarfundar, enda sé kostnaðurinn eðlilegur miðað við tilefni

Lög Heimilaður frádráttur

- Við heyrum stundum af því að þessi eða hinn atvinnurekandinn hafi gefið stórarfúlgur til þessa eða hins málefnsins, ekki persónulega þó heldur í
 - í nafni fyrirtækis síns
- Við fyllumst lotningu og hugsum: **MIKIÐ ER HANN GÓÐUR MAÐUR** og það er einmitt kjarni málsins
- Með gjöfinni er hlutaðeigandi nefnilega að upphefja sjálfan sig, ekki fyrirtækið sem slíkt
- Þess vegna er almennt óheimilt að draga gjafir frá tekjum nema það sé leyft **skv. lögum**

Frádráttarbærar gjafir,

sbr. 2. tölul. 31. TSL

- Einstakar gjafir og framlög til kirkjufélaga, viðurkenndrar líknarstarfsemi (ekki hagsmunasamtaka), menningarmála, [stjórnmalaflokka](#) og vísindalegra rannsóknarstarfa, þó ekki yfir 0,5% af tekjum skv. B-lið 7. gr. á því ári sem gjöf er afhent – **fór í 0,75% 1. jan. 2016**
- Skilyrði fyrir frádrætti er það að framteljandi leggi fram **móttökukvittun** með framtali sínu frá stofnun, sjóði eða félagi
- Viðkomandi stofnun, sjóður eða félag verður þar að auki að hafa sett sér skipulagsskrá, lög eða samþykktir yfir starfsemi sína. [Undanþegin þessu ákvæði er starfsemi á vegum ríkis-sjóðs og stofnana hans eða sveitarsjóða og stofnana þeirra, svo og starfsemi sú er tilgreind er í d-lið 16. gr. reglugerðar þessarar](#)
- **Athugið vel að árstillög félagsmanna og styrktarfélaga teljast ekki til gjafa í þessu sambandi**

Hvaða málaflokkar eru þetta

Sjá reglugerð nr. 483/1994

- Hvers konar menningarmálastarfsemi fyrir almenning, svo sem byggingar skólahúsa og íþróttamannvirkja, rekstur skóla, íþróttastarfsemi, fræðiritauðgáfa, fræðslukvikmyndagerð, bóka-, skjala-, lista og minjasöfnun, bókmennta- og listastarfsemi, verndun fornra mannvirkja og sérstæðra náttúrufyrirbrigða, skógræðsla, sandgræðsla, verndun fiskimiða o.fl. sem til menningarmála heyrir
- Hvers konar vísindaleg rannsóknarstarfsemi, hvort heldur er á sviði hugvísinda eða raunvísinda
- Hvers konar viðurkennd líknarstarfsemi. Hér til telst m.a. bygging og rekstur sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva, elliheimila, vöggustofa, barnaheimila, stofnana fyrir drykkjusjúklinga og lamaða og fatlaða og annarra hliðstæðra stofnana. Hér til teljast enn fremur slysavarnir á landi, sjó og lofti
- Starfsemi Þjóðkirkjunnar og annarra opinberlega viðurkenndra trúfélaga, starfsemi deilda inna^{*1)} slíkra trúfélaga, svo og hver önnur viðurkennd kirkjuleg starfsemi
- Stjórnmalaflokkar

Stjórnmalaflokkar

hvað er það?

- Með stórnmalaflokki er átt við skipuleg samtök fólks sem býður eða ætlar að bjóða fram við bæjarstjórnar og eða alþingiskosningar
- Styrkur til manns vegna prófkjörsbaráttu myndi því ekki vera frádráttarbært skv. þessu ákvæði
- Sama gildir um styrk vegna framboðs til forseta, stúdentaráðs o.fl. svo dæmi sé tekið

Úrskurður nr. 359/2005

Gjaldár 1999-2003


Virðisaukaskattur 1998-2001

- Í máli þessu var deilt um frádráttarbærni gjaldfærðs kostnaðar í skattskilum kæranda, sem var einkahlutafélag um útgerð og fiskvinnslu. Fallist var á með skattstjóra að framlag kæranda til **félags eldri borgara** í tilteknu bæjarfélagi uppfyllti ekki lagaskilyrði fyrir frádráttarbærni frá tekjum, enda yrði að ganga út frá því að umrætt félag gegndi svipuðu hlutverki og önnur **hagsmunafélög aldraðra** í landinu
- Á hinn bóginn var fallist á kröfu kæranda um gjaldfærslu **greiðslu (sektar) til stéttarfélags vegna brota kæranda á ákvæðum kjarasamnings**, enda var ekki talið að um fjársektir eða önnur viðurlög í skilningi 2. tölul. 52. gr. laga nr. 75/1981 væri að ræða heldur greiðslu á einkaréttarlegum grundvelli, þ.e. vegna skuldbindingar samkvæmt kjarasamningi
- Þá var fallist á kröfur kæranda um **gjaldfærslu kostnaðar vegna kaupa á ípróttabúningum** í tengslum við þátttöku starfsmanna félagsins í firmakeppni ípróttafélags, kostnaðar vegna skemmda á gleraugum starfsmanns um borð í skipi kæranda og kostnaðar vegna stöðumælagjalds
- Talið var að í kostnaði vegna malbikunar og vinnu í porti kæranda hefði **bæði falist viðhald og endurbætur** og þótti mega miða við jafna skiptingu milli viðhaldskostnaðar og endurbóta í því sambandi
- Loks var ágreiningur um gjaldfærðan kostnað vegna viðgerða á nýju skipi kæranda sem smíðað var í Kín. Yfirskattanefnd féllst á kröfu kæranda um frádrátt umrædds kostnaðar með vísan til þess m.a. að óvefengt væri að umræddur kostnaður væri alfarið vegna tjóns sem orðið hefði á skipinu á leið hingað til lands frá Kína

Starfsmannagjafir

Gagnkvæmnisreglan

- Ef tekjur eru skattskyldar má draga þær frá tekjum sem kostnað
- Ef tekjur eru skattfrjálsar er frádráttur hins vegar ekki heimill
- Þetta byggist á gagnkvæmnisreglunni sem er grundvallarregla við skattlagningu
- Í tekjuskattslögunum er vikið frá þessu þegar um starfsmannagjafir er að ræða. Af hverju veit ég ekki. Samt dettur mér helst í hug að um sé að ræða Vinsældarkaup stjórnmalaflokka



Fréttablaðið fjallaði nýverið um jólagjafir hjá ríkisstofnunum. Fari verðmæti slíkra gjafa yfir 120 þúsund krónur á að borga af þeim skatt að sögn ríkisskattstjóra. Séu gjafirnar hins vegar peningar ber ávallt að telja þær fram til skatts.

Ríkisskattstjóri segir jölagjafir flokkast sem tækifærisgjafir. „Það er auðvitað mjög mismunandi á milli fyrirtækja, stofnana og einstaklinga hvað þeir líta á sem viðunandi gjöf. Það er auðvitað vandrötuð línan þarna, að vera ekki tikarlegur í gjöfum þannig að það móðgi móttakandann og um leið að hafa það

Skúli Eggert segir að í öllum tilfellum þurfi að vega þetta og meta. „Það þarf að hafa það í huga þegar verið er að gefa einstaklingsbundnar gjafir,“ segir hann og tekur sem dæmi

gjöf sem starfsmenn slá saman í eða fyrirtækið borgar handa starfsmanni sem er að láta af störfum. „Það er einsskipptis athöfn, það er tækifærisgjöf. Jafnvel þó að það væri eitthvað sem kostaði jafnvel hundrad þúsund krónur eða eitthvað þess háttar, þá er ekki hægt að líta á það sem skattskilyrt í þeim skilningi.“ gar@frettabladid.is

4. tölul. A-liðar 7. gr. TSL annars vegar og 1. tölul. 50. gr. TSL hins vegar

- Til tekna teljast m.a.: Beinar gjafir í peningum eða öðrum verðmætum, þar með talin afhending slíkra verðmæta í hendur nákominna ættingja, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða
 - Undanskildar eru þó **tækifærisgjafir**, enda sé verðmæti þeirra ekki meira en almennt gerist um slíkar gjafir svo og verðlitlir vinningar í almennum happdrættum og keppnum
- Til rekstrarkostnaðar telst ekki m.a. Gjafir,
 - þó ekki tækifærisgjafir **í friðu til starfsmanna eða viðskiptavina þegar verðmæti þeirra er ekki meira en gerist um slíkar gjafir almennt** → ÞÆR TELJAST SEMSÉ TIL REKSTRARKOSTNAÐAR

YSÚ 1015/1997

- Deilt um frádráttarbærni ýmissa útgjalda í skattskilum hlutafélags. Var m.a. fjallað um kostnað vegna risnu, aðalfunda, starfsmannafélags, sumarhúsa, líkamsræktar starfsmanna og eftirlaunaskuldbindinga
- Þá var ágreiningur um heimild félagsins til að draga frá tekjum sínum útgjöld vegna kaupa á markaðsheiti. Yfirskattanefnd féllst ekki á það sjónarmið að um væri að ræða útgjöld vegna öflunar á einkaleyfi eða vörumerki í skilningi ákvæðis í 31. gr. A laga nr. 75/1981 og taldi ekki ástæðu til að hrófla við niðurstöðu skattstjóra, sem hafði ákvarðað 20% afskrift til frádráttar
- **Þá var talið að málverk gæti ekki talist til fyrnanlegra eigna, enda rýrnaði það ekki að verðmæti við eðlilega notkun eða aldur**

Hvað er tækifærisgjöf í fríðu

- Með tækifærisgjöf er átt við gjöf sem gefin er við sérstakt tækifæri svo sem stórafmæli, stórstarfs-afmæli, giftingu, fæðingu, starfslok o. fl.
- Gjöfin verður að vera í fríðu sem þýðir að hún má ekki vera í formi peninga eða ígildi þeirra. Vegna þessa er gjafakort svona á mörkunum
- Síðast en ekki síst má verðmæti gjafarinnar ekki vera hærra en almennt gengur og gerist um hliðstæðar gjafir. **Þegar um jólagjöf er að ræða eru menn því að tala um ca. 10 – 15 þús. kr.**

Á þetta reyndi gagngert hjá ...



Innlent | mbl.is | 17.7.2010 | 12:34

Ómar Ragnarsson fær milljónir

Íslendingar eru hvattir til að gefa Ómari Ragnarssyni eitt þúsund krónur í sjötugsafmælisgjöf sem þökk fyrir ómetanleg störf í þágu Íslenskrar náttúru.

Þannig hljóðar lýsingin á nýlegri síðu sem finna má á samskiptavefnum facebook. Þegar þessi frétt er skrifuð hafa 1.375 manns lýst sig viljuga til verksins með því að gerast meðlimir síðunnar.

Samkvæmt því hafa nú þegar safnast tæplega 1,4 milljón króna í afmælisgjöf til þessa ástsæla fjölfræðings.

Það er athafnamaðurinn Friðrik Weissshappel sem stendur fyrir síðunni.

Margir hafa lýst ánægju sinni með verkið í skilaboðum á síðunni. Greina má þar nokkra þjóðþekhta Íslendinga. Þar á meðal má nefna Friðrik Ómar sem upplýsir að hann sé skírður í höfuðið á Ómari Ragnarssyni vegna þess hve mjög faðir hans leit upp til Ómars.

[Hér](#) má skoða facebook síðuna.

[Senda frétt](#)
[Prenta frétt](#)
[Upplestur á frétt](#)
[Deila](#)
[Blogga um frétt](#)

Bloggað um fréttina
16 blogg um fréttina »

... líklega ekki skattskyld

26. júl. 2010 - 11:35 | Vignir Már Lýðsson

Þarf Ómar að borga skatt af gjafa- peningum? Skattskyld þegar maður gefur öðrum 1.000 kall?

Ómar Ragnarsson segist ekki telja það skattskyld þótt maður gefi öðrum manni 1000 kall í afmælisgjöf en fullyrðir að allur skattur sem honum beri að greiða verði greiddur.

Eins og áður hefur verið greint frá stóð Friðrik Weissappel, veitingamaður í Kaupmannahöfn, fyrir söfnun fyrir Ómar vegna 70 ára afmælis hans og afhenti honum ávísun upp á 12,5 milljónir um helgina.

Í samtali við Pressuna sagðist hann ekki vera með á hreinu hversu há gjafaupphæð þyrfti að vera til að hún yrði skattskyld en benti á að fyrir utan þessar 1000 króna gjafir hefðu sum fyrirtæki verið að gefa 100 og 200 þúsund krónur og eitt sem hefði gefið 2 milljónir.

“Það eru ákveðnar reglur um þetta, allar stærri gjafir eru skattskyldar en ég trúi ekki að það sé skattskyld þótt maður gefi manni 1000 kall í afmælisgjöf.

”

Segir hann þessi fjárframlög hafa dugað fyrir öllum hans skuldum og gott betur en það.

“Ég get nú haldið áfram að vinna að þessum kvikmyndaverkefnum og allt sem kemur núna inn á sérreikning sem ég stofnaði fer beint til Grensásdeildarinnar eða í önnur líknarmál. Ég mun afhenda ávísun með þeirri upphæð sem safnast þann 16. september.

”

Aðspurður segist Ómar hafa verið skuldugur víða áður en þessar gjafir bárust:

“Ég skuldaði eitt og annað hér og þar en nú er þetta komið á beinu brautina í stað þess að vera klöngrast í ófærinni.



Friðrik Weissappel stóð fyrir söfnun fyrir Ómar Ragnarsson og afhenti honum ávísun upp á 12,46 milljónir.

Rekstrarkostnaður versus Rekstrartjón

hvað skilur í sundur

- Flest útgjöld í rekstri byggjast á meðvitaðri ákvörðun atvinnurekanda. Fyrir vikið eru þau venjuleg og jafnvel regluleg. Koma semsé fyrir aftur og aftur í starfseminni
- En fyrirtæki getur líka orðið fyrir óvæntum útgjöldum. Gagnstætt hinum almenna rekstrarkostnaði eru slík gjöld því óvenjuleg og óregluleg
- Þessi útgjöld geta auðvitað verið frádráttarbær eins og rekstrarkostnaður. Spurning er aðeins eftir hvaða sjónarmiðum eigi að leyfa frádráttinn

Rekstrartjón; frádráttarsjónarmið

- Á frádrátturinn að fara eftir eðli tjónsins. Skv. því yrði aðeins leyft að draga tekjutjón frá tekjum
 - sem dæmi um tekjutjón má nefna sjóðþurrð, vörurýrnun o. fl.
- Tjón á eignum mætti því ekki draga frá tekjum nema það væri sérstaklega leyft
 - Sjá t.d. 22. gr., 24. gr., 35. gr., 4., 5., og 8. tölul. 31. gr. svo og 41. gr TSL
- **-eða á að heimila frádrátt alls tjóns sem er eðlileg afleiðing af venjulegum og eðlilegum atvinnurekstri**
 - Ath. þetta sjónarmið getur bæði takmarkað og útvíkkað frádráttarréttinn
- Allt slíkt tap (tjón) er semsé frádráttarbært óháð því hvort það verður á veltu eða festu (eign)

Veltutjón

Sjóðpurð og vörurýrnun

- Þjófnaður og sjóðpurð sem ekki fæst bætt er frádráttar-bær, enda sé sýnt fram á þessi atvik með óyggjandi hætti, sbr. a-lið 13. gr. reglugerðar nr. 483/1994
 - Ath. hér er engin greinarmunur gerður á milli fyrirtækja. Ekkert mat er heldur lagt á vörslu fjáris. Þannig virðist ekki skipta máli hvort peningarnir hafi verið geymdir í peningaskáp eða peningakassa eða skókassa
- Sé vara ekki á lager þegar vörutalning fer fram er auðvitað ekki hægt taka tillit til hennar við vörutalninguna. Að óbreyttu verður hún því gjaldfærð sem vörurýrnun
- Með úrehtar og skemmdar vörur er farið eins, sjá nánar 4. tölul. 73. gr. TSL er hljóðar svo:
 - Vörubirgðir verslana skal telja til eignar á kostnaðar- eða framleiðsluverði eða dagverði í lok reikningsárs, **að frádregnum afföllum á gölluðum og úreltum (óseljanlegum) vörum**
 - Athugið að sönnunarbyrðin hvílir á atvinnurekandanum

Sérstök tjón

gáleysi

- Starfsmaður atvinnurekanda verður fyrir tjóni
 - atvinnurekandi verður að greiða honum bætur, tímabundna og varanlega örorku svo og miskabætur. Þessar bætur teljast frádráttarbær rekstrarkostnaður
- Starfsmaður atvinnurekanda veldur öðrum tjóni líkamstjóni, muna eða eignatjóni
 - Atvinnurekandi verður að greiða tjónþola bætur og má draga þær frá tekjum

Sérstök tjón

ásetningsbrot

- Ásetningsbrot starfsmanna. Starfsmaður stelar úr kassa, eyðileggur vörur og eignir. Tjónið er frádráttarbært
- Atvinnurekandi eyðileggur starfsmanna bifreið ölvæður undir stýri. Tjónið telst einkakostnaður starfsmannsins og er því ekki frádráttarbært

Málskostnaður

- Málskostnaður, þar með talið innheimtu-kostnaður
 - Skiptir máli hvort hlutaðeigandi er seljandi eða kaupandi
 - Um hvers konar mál er að ræða? Snertir það tekjurnar eða eignirnar

Fasta(fjármuna)tjón/tap

Fyrnanlegar eignir

- **Altjón.** Alger eyðilegging eignar. Séu bætur ekki greiddar fer gjaldfærsla í gegnum 35. gr. TSL. Fáir eigandi hins vegar bætur er litið á eyðilegginguna sem sölu, sjá 22. gr. TSL
- **Hlutatjón.** Ef ekki er gert við eign helst stofnverð hennar óbreytt. Skv. því er ekki unnt að gjaldfæra tjónið þegar svo stendur á. Fáist bætur hins vegar greiddar fer um skattskilin skv. 41. gr. TSL. Sjá nánar ...

41. gr. TSL

Fyrnanlegar eignir

- Kostnað við viðgerðir eða endurbyggingu fyrnanlegra eigna vegna tjóns má gjaldfæra á því ári þegar viðgerð fer fram,
 - að svo miklu leyti sem kostnaðurinn fer fram úr tjónabótum
- Hér er aðeins átt við kostnað við að koma eign í sama ástand og hún var í áður en tjónið varð
- Þetta ákvæði er ekki nógu skýrt, sbr. það sem kom fram í fyrirlestrinum um tekjur. Í því sambandi var nefnt að atvinnurekandi hefði orðið fyrir tjóni á eign að fjárhæð 1,2 þús. Vegna þessa hefði hann fengið 1 millj. í bætur
- Síðan var spurt hvað mætti gjaldfæra. Væri það 200 þús. eða 1,2 þús. og er því til að svara að heimilt er að gjaldfæra 1,2 þús. Millj. til að þurrka tekjufærsluna út og 200 þús. til að koma eigninni í samt lag. Kostnaður umfram það telst endurbætur

Tjón á ófyrnanlegum eignum

rökstuddu svarið með tilvísun til lagaákvæða

- Þ er atvinnufiðluleikari. Nýlega varð hann fyrir því að fiðlan skemmdist
- Kostnaðurinn við viðgerð hennar nemur 500 þús. Má draga það frá tekjum að þínu mati?
- Bókfært verð fiðlunar er 3,5 millj. Ef fiðlan hefði eyðilagst umrætt skipti myndi þá vera heimilt að gjaldfæra muninn á skrapverðinu og bókfærða verðinu að þínu mati?

Hvað ekki telst til rekstrarkostnaðar?

1. Gjafir, þó ekki tækifærisgjafir í fríðu til starfsmanna eða viðskiptavina þegar verðmæti þeirra er ekki meira en gerist um slíkar gjafir almennt
2. Fjársektir eða önnur viðurlög, hverju nafni sem nefnast, vegna refsiverðs verknaðar skattaðila sjálfs, þar með talið verðmæti upptækra eigna eða greiðslur þess í stað. Enn fremur kostnað, hverju nafni sem nefnist, við öflun ólöglegs upptæks hagnaðar eða tengdan saknæmum brotum
3. **Arð eða vexti af framlögðu fé manns til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi, hvort heldur reksturinn er á eigin ábyrgð eiganda eða með ótakmarkaðri ábyrgð í sameign með öðrum, sbr. og 2. mgr. 2. gr. TSL**
4. Þær greiðslur vegna fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en níu menn, öðrum en leigubifreiðum, sem eru umfram fyrningar reiknaðar samkvæmt ákvæðum þessara laga að viðbættum reiknuðum vöxtum af fyrningargrunni þegar frá hafa verið dregnar reiknaðar fyrningar fyrri ára. Ríkisskattstjóri setur reglur um reikning fyrninga og vaxta í þessum tilvikum.
5. **Kostnað við rekstur fólksbifreiða, sem látnar eru starfsmönnum atvinnurekstrar í té til eigin afnota, nema að því marki sem hlunnindi af notkun viðkomandi fólksbifreiðar hafa verið talin til tekna, samkvæmt matsreglum ríkisskattstjóra, hjá þeim aðila sem heimilt er að hafa hana til umráða í eigin þágu**
6. Kostnað vegna greiðslna, gjafa eða annars sem ólöglegt er skv. 109. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, til manna sem ráðnir eru eða kjörnir til opinberra starfa á sviði löggjafarvalds, dómsvalds eða stjórnsýslu, hvort heldur er á Íslandi eða í öðrum ríkjum eða hjá alþjóðasamtökum og stofnunum sem þjóðríki, ríkisstjórnir eða alþjóðastofnanir eru aðilar að

Fjársektir

Stöðumælasekt, aukaleiga

- Fjársektir eða önnur viðurlög, hverju nafni sem nefnast, vegna refsiverðs verknaðar skattaðila sjálfs,
- Fjársektir er greiðsla, sem manni er gert að greiða, vegna refsiverðrar háttsemi/brota á
 - ✓ hegningarlögum, ýmsum sérrefsilögum o. fl.
 - ✓ samkeppnislögum, lögum um verðbréfavískipti o. fl.
 - ✓ jafnréttislögum. Greiðir maður sekt eða skaðabætur þegar svo stendur á?
 - ✓ samningsvíti. Hvað er það?

Húsmiðjunni gert að greiða stjórnvaldssekt



Neytendastofa hefur lagt stjórnvaldssekt á Húsmiðjuna hf. að fjárhæð 440.000 krónur vegna útsölu félagsins. Taldi Neytendastofa Húsmiðjuna hafa brotið gegn ákvæðum laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og gegn reglum um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði annars vegar með því að hafa vörur á útsölu í meira en sex vikur og hins vegar með því að hafa selt vörur á útsölu án þess að vörurnar hafi verið seldar á því verði sem tilgreint var sem fyrra verð

Dæmi



Hvað er stöðumælasekt? Þú leggur í stæði án þess að setja í stöðumæli. Vegna þessa færðu stöðumælasekt eins og það er kallað. En er það réttnefni. Nei vegna þess að það sem þú ert að greiða kallast **aukaleigugjald**

Fjöldi álagninga og andmæla

Fjöldi álagðra stöðvunarbrotagjalda var 120.648 árið 2008. Þar af var um að ræða 89.952 aukastöðugjöld, þ.e. ekki greitt nægjanlega í gjaldmæli/**aukaleigugjald** og 30.696 stöðubrotagjöld, þ.e. þegar lagt er ólöglega s.s. á gangstétt, stæði hreyfihamlaðrar o.s.frv.

... og þar sem um er að ræða leigu en ekki sekt er kostnaðurinn frádráttarbær frá tekjum

Upptaka eigna

endurgreiðsla hagnaðar

- ... þar með talið verðmæti upptækra eigna eða greiðslur þess í stað
 - Breytir einhverju í þessu sambandi að þínu mati ef hið upptekna hefur verið tekjufært
 - Ef við leyfum ekki frádrátt jafngildir upptakan tvöfaldri refsingu, fyrst sem skatts vegna hinna uppteknu tekna og svo sem tjóns vegna upptökunnar → tvöföld refsing er mannréttindabrot
- Enn fremur kostnað, hverju nafni sem nefnist, við öflun ólöglegs upptæks hagnaðar eða tengdan saknæmum brotum

YSÚ 822/1997

Veiðarfæri – ekki afli

- Kærandi var hlutafélag og gerði út fiskiskip. Með dómi á árinu 1994 voru **veiðarfæri skipsins** gerð upptæk til Landhelgissjóðs vegna brots skipstjóra þess á tilteknum ákvæðum í fiskveiðilöggjöf
- Í dómsorði var matsverð veiðarfæranna tilgreint. Kærandi leysti til sín veiðarfærin með greiðslu á matsverðinu og færði þá greiðslu til gjalda í skattskilum sínum
- Yfirskattanefnd taldi ekki hjá því komist í samræmi við skýlaust orðalag 2. tölul. 52. gr. laga nr. 75/1981 að telja að umrætt matsverð veiðarfæranna, sem kærandi innti af hendi, bæri að skoða sem greiðslu í stað verðmætis upptækrar eignar. Var kröfu kæranda um gjaldfærslu nefndrar greiðslu því synjað

Upptaka ólöglegs sjávarafla

- Fiskveiðiárið er frá 1. sept. til 31. ágúst. Aflaheimildir veita rétt til að veiða ákveðið magn af fiski
- Veiði aðili umfram heimild sína verður hann að kaupa sér aflamark – leigja. Farist það fyrir getur maður þurft að greiða sekt – ígildi aflamarks. Maðurinn á ekki að græða
- Hafi hlutaðeigandi talið hinn ólöglega afla fram og greitt skatt af honum myndirðu þá telja að honum ætti að vera heimilt að draga sektina frá tekjum eða ekki?

Starfsmannabifreiðar

beinn kostnaður við rekstur svo sem ...

- **Kostnað við rekstur** fólksbifreiða, sem látnar eru starfsmönnum atvinnurekstrar í té til eigin afnota, **nema að því marki sem hlunnindi af notkun viðkomandi fólksbifreiðar hafa verið talin til tekna**, samkvæmt matsreglum ríkisskattstjóra, hjá þeim aðila sem heimilt er að hafa hana til umráða í eigin þágu

Arður og vextir af eiginfé

Til rekstrarkostnaðar má ekki telja ...
Ath. reglur um þunna eiginfjármögnun

- Arð eða vexti af framlögðu fé manns til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi, hvort heldur reksturinn er á eigin ábyrgð eiganda eða með ótakmarkaðri ábyrgð í sameign með öðrum, sbr. og 2. mgr. 2. gr. TSL
- Arður og vextir af framlögðu fé er í raun hagnaður fyrirtækisins. Yrði heimilt að draga hann frá tekjum þyrfti maður aldrei að greiða neinn skatt. Bann við frádrætti er því eðlilegt
- Frádráttarbannið tekur bæði til manna sem stunda atvinnurekstur á eigin kennitölu og í félagi með öðrum í sameignarfélagi og samlagsfélagi
- Hlutfélög þar með talið einkahlutfélög standa því þarna fyrir utan. Ákveði hluthafar t.d. að lána félagi peninga í stað þess að leggja því til hlutafé er því ekkert til fyrirstöðu að reikna vexti af því
- Skattyfirvöldum er þó ekki bannað að endurskilgreina lánið bjóði þeim svo við að horfa. Líta á það sem hlutafé í stað lánsfjár og endurskilgeina vextina sem arð ➔ ÞUNN EIGINFJÁRMÖGNUN

Lok atvinnurekstrar

- Atvinnurekstri telst lokið þegar atvinnurekandi hefur tekið ákvörðun um að hætta honum og lýst þeirri ákvörðun í verki með uppsögn starfsmanna, leigu á húsnæðis, lokun virðisaukaskattsnúmers o.fl.
- Þetta er tiltölulega einfalt þegar einstaklingsfyrirtæki eiga í hlut. Þegar um er að ræða hlutafélög o. fl. eru slitin þó ögn formlegri. Þannig þarf að halda aðalfund, kjósa slitastjórn eða nefnd o. fl.

Lokun atvinnurekstrar er í raun yfirlýsing um að tekjuöflun sé hætt

- Kostnaður vegna lokunar starfsemi felst í bókhalds- og endurskoðendapjónustu svo og þóknun til lögmanns vegna skjalagerðar
- Hafi slitastjórn eða nefnd verið kosin þarf að greiða henni laun. Auglýsa getur þurft slitin í dablöðum til að gefa þeim, sem telja sig eiga kröfur á hendur félaginu, kost á að lýsa þeim. Jafnvel er hugsanlegt að slitastjórnin þurfi að fara í mál
- Þar sem þessi kostnaður gengur ekki til að afla tekna er almennt óheimilt að draga hann frá tekju. Eitthvað er þó frádráttarbært. Sem dæmi um það má nefna kostnað vegna sölu eigna, sbr. 20. gr. TSL er hljóðar svo:
- **Söluverð eigna telst heildarandvirði þeirra að frádregnum beinum kostnaði við söluna**

Fyrirspurn um það hvenær atvinnustarfsemi einstaklings telst lokið dags. 24. janúar 2000

T-Ákv. 00-003 is 1998-07-230.0

- Það er álit ríkisskattstjóra að atvinnurekstri einstaklings sé lokið þegar hann lætur af þeirri tekjuöflun sem atvinnureksturinn snérist um. Þannig að einstaklingur með t.d. verslun telst hafa lokið atvinnurekstri sínum þegar hann lokar verslun sinni til frambúðar og hefur gengið í framhaldi af því frá sölu eigna sem tilheyrðu atvinnurekstrinum eða hættir að nota þær til tekjuöflunar. Söluandvirði eigna sem kemur fram á loka rekstrarreikningi hefur áhrif á tekjur eða rekstrartap

Er
þetta
rétt

Ennfremur ber einstaklingi að verðmeta þær eignir sem hann selur ekki eins og um sölu sé að ræða, og færa til tekna söluhagnað sem kann að myndast og gera upp virðisaukaskatt í samræmi við það mat eftir því sem við á

- Þegar rekstri einstaklingsfyrirtækis er hætt skal t.d. skattleggja allar fyrningar sem maður hefur fengið umfram almennar fyrningar samkvæmt 38. gr. laga nr. 75/1981, svo og færa til tekna söluhagnað sem ekki hefur verið skattlagður samkvæmt heimild lögum
- Eigið fé á efnahagsreikningi (höfuðstóll) telst tekið út af eiganda þ.m.t. skuldaviðurkenningar (verðbréf) sem söluandvirðið hefur verið greitt með svo og aðrar eignir sem óseldar eru eða eigandi tekur til eigin nota, t.d. bifreið
- Líta verður á úttekt einstakra eigna og yfirfærslu þeirra á persónuframtal á því verðlagi sem eignirnar fá samkvæmt framangreindu mati í loka rekstrar- og efnahagsreikningi, þ.e.a.s. þær ber að verðmeta eins og um sölu sé að ræða

En
þetta



RÍKISSKATTSTJÓRI

Tilkynning um afskráningu

af launagreiðendaskrá staðgreiðslu
og/eða virðisaukaskattsskrá

Ríkisskattstjóri

A Almennar upplýsingar

Nafn		Kennitala
Lögheimili	Póstnúmer og pósthöð	Virðisaukaskattsnúmer
Sími	Tölvupóstfang	

B Afskráning

☐ Óskað er eftir afskráningu af launagreiðendaskrá	Dagsetning síðustu launagreiðslu (eftir atvikum áætluð)
☐ Óskað er eftir afskráningu af virðisaukaskattsskrá	Dagsetning rekstrarloka (eftir atvikum áætluð)

Rekstrarlok teljast vera þegar uppgjóri virðisaukaskatts vegna starfseminnar er lokið

C Starfsemi seld eða yfirtekin af öðrum aðila, í heild eða hluta

Skv. 4. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, ber seljanda að tilkynna skattyfirvöldum um eigendaskipti og söluandvirði eigna eigi síðar en átta dögum eftir að eignayfirfærsla fór fram. Samningur þarf að fylgja með og jafnframt þinglýst samþykki nýs eiganda hafi hann yfirtekið leiðréttingarkvöð vegna innskatts.

Verðmæti birgða	kr.	Verðmæti rekstrarfjármuna	kr.
Verðmæti fasteigna	kr.	Yfirtekin leiðréttingarkvöð v/innskatts	kr.
Nafn og kennitala rekstraraðila sem yfirtekur starfsemi			

D Rekstri hætt án kaupa eða yfirtöku annars aðila á rekstrinum eða hluta hans

Skv. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, telst sala eða afhending á vélum, tækjum og öðrum rekstrarfjármunum til skattskyldrar veltu. Sama gildir um vörubirgðir, vélar og tæki og aðra rekstrarfjármuni þegar fyrirtæki tilkynnir sig út af virðisaukaskattsskrá, sbr. 1. mgr. 5. gr.

HVAÐ ER FYRNING ?

- Í reikningsskilunum heyrir maður því stundum fleygt að hlutverk fyrningar sé að dreifa kaupverði eignar á ákveðinn notkunartíma
- Þannig skapist svigrúm til endurfjárfestinga
- Frá skattalegu sjónarmiði er fyrning hins vegar eitt form **eyðslu** - rekstrarkostnaðar
- Skv. því er verið að færa til gjalda þá rýrnun sem eign verður fyrir vegna notkunar við tekjuöflun

Fyrningaraðferðir

- **Línuleg fyrning.** Sami fyrningarstofn - sama fyrningarhlutfall. Fyrning nemur ávallt sömu fjárhæðinni
- **Stighækkandi fyrning.** Fyrning eykst eftir því sem skemmra er eftir af líftíma eignar.
Keyptur höfundaréttur
- **Stiglækkandi fyrning.** Andhverfa stighækkandi fyrningar. Fyrning af bókfærðu verði
- **Eyðslufyrning.** Eyðanleg náttúruauðæfi.
Fyrning fer eftir nýtingu eignar

Þessi upptalning er ekki tæmandi

33. gr. TSL

- Fyrnanlegar eignir eru varanlegir rekstrarfjármunir sem notaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri eða í sjálfstæðri starfsemi og rýrna að verðmæti við eðlilega notkun eða aldur. **Helstu flokkar þeirra eru þessir:**

1. Lausafé, þar með talin skip, loftför, bifreiðar, vélar og tæki.
2. Mannvirki, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar.
3. Eyðanleg náttúruauðæfi og keyptur réttur til nýtingar þeirra.
4. **Keyptur** eignarréttur að verðmætum hugverkum og auðkennum, svo sem höfundaréttur, útgáfuréttur, réttur til hagnýtingar upplýsinga, réttur til einkaleyfis og vörumerkis.
5. **Keypt** viðskiptavild. Kaup á ófyrnanlegum réttindum skv. 48. gr. teljast ekki til keyptrar viðskiptavildar.

Ekki er heimilt að fyrna áunna viðskipta vild

Nánar um viðskiptavild

- Með viðskiptavild er átt við óhlutbundin/óefnisleg réttindi í formi ótiltekins fjölda viðskiptamanna o.fl.
- Viðskiptavild tengist oftast en ekki ákveðnum manni, fyrirtæki o. fl. Ekki er því unnt að skilja viðskiptavildina frá þessum aðilum og selja hana sér
- Við sölu á fyrirtæki hlutgerist viðskiptavild oft sem einhvers konar afgangsstærð, það er mismunur á söluverði og markaðsverði hinna seldu eigna
- Þessi afgangsstærð lýtur sömu reglum og hagnaður af sölu á fyrnanlegum eignum, sbr. 13. gr. og 14. gr. TSL
- Ekkert er því til fyrirstöðu að seljandi fresti skattlagningu söluverðs hennar og kaupi hann aðra eigna ...

Verðlagning viðskiptavildar

- Viðskiptavild er mismunurinn á markaðsverðmæti seldra eigna og heildarsöluverðs fyrirtækisins
- Ef heildarmarkaðsverðmæti seldra eigna ákveðins fyrirtæis er 100 en heildarsöluverð fyrirtækisins 120 er verðmæti viðskiptavildarinnar 20

Úrskurður nr. 65/2003

Gjaldár 2000

- Kærandi, sem var einkahlutafélag, seldi á árinu 1999 tiltekinn þátt í rekstri félagsins og var söluverð að öllu leyti vegna sölu viðskiptavildar
- Í skattskilum sínum færði kærandi til gjalda á móti skattskyldum söluhagnaði viðskiptavildar sérstaka fyrningu samkvæmt 1. mgr. 13. gr. laga nr. 75/1981
- Skattstjóri taldi að þar sem um væri að ræða sölu á áunninni viðskiptavild en ekki keyptri væri ekki til staðar heimild til sérstakrar fyrningar fyrnanlegra eigna á móti söluhagnaði viðskiptavildarinnar, enda ætti heimildin einungis við þegar söluhagnaður hefði myndast vegna sölu á fyrnanlegum eignum
- Yfirsattanefnd taldi að **SAMRÆMISRÖK** stæðu til þess að skattaleg meðferð viðskiptavildar færi eftir sömu reglum án tillits til þess hvort um væri að **ræða keypta eða áunna viðskiptavild**. Var túlkun skattstjóra hafnað og krafa kæranda tekin til greina

Skilyrði fyrningar

1. Aðeins má fyrna eign að hún tilheyri/sé eign skattaðila
 - Almennt er því óheimilt að fyrna eignir sem atvinnurekandi hefur á leigu
 - Þótt skattaðili hafi húsnæði á leigu geta innréttingarnar þó eigi að síður verið eign hans
2. Eignin verður auk þess að vera notuð við öflun tekna í atvinnurekstri
 - Skv. því er óheimilt að fyrna einkamuni manna, svo sem íbúðarhús, fólksbifreið o. fl.
3. Eign verður að teljast varanlegur rekstrarfjármunur
 - Eign telst varanlegur rekstrarfjármunur ef hún kostar 1) **meira en (ekki jafnt og)** 250.000 kr. og 2) hægt er að nota hana í tvö eða fleiri ár við tekjuöflunina, sbr. 39. gr. TSL
4. Síðast enn ekki síst verður eignin að rýrna að verðmæti við eðlilega notkun það er slitna eða úreldast

Eignir sem ekki er heimilt að fyrna

- Vörur teljast ekki fyrnanlegar eignir. Notkun þeirra færist til gjalda sem vörunotkun
- Sama gildir um peninga (sjóð) og hvers konar verðbréf
- Lönd og lóðir teljast ekki fyrnanlegar eignir gagnstætt ræktuðu landi, vegarspotta, brú o. fl.
- Hliðstæðu máli gegnir um hlunnindi. Þar sem þessar eignir eru þeirrar náttúru að geta endurnýjað sig er ekki litið svo á að þær rýrni að verðmæti við notkun
- Antikmunir og listaverk eru ekki fyrnanlegar eignir svo og fiðlur öfugt við málmblásturshljóðfæri
- Málverk, nema ...

Aflaheimildir varanlegur réttur

- Áður fyrr var heimilt að fyrna kvóta eða varanlegar aflaheimildir. Fyrningarrétturinn var hins vegar felldur niður árið 1998, sbr. 48. gr. TSL er hljóðar svo:
- Stofnkostnað við kaup á réttindum sem ekki rýrna vegna notkunar er eigi heimilt að fyrna. Til stofnkostnaðar samkvæmt þessari málsgrein telst m.a. keyptur réttur til nýtingar á náttúruauðæfum, svo sem kaup á **varanlegri aflahlutdeild** og sambærilegum réttindum
- Til gjaldfærslu getur þó komið við sérstakar aðstæður, sbr. 2. málsl. 3. mgr. 48. gr. TSL
- Verðmæti keyptra réttinda sem ekki er heimilt að fyrna er eigi heimilt að færa til frádráttar skattskyldum tekjum. **Þó skal heimilt að telja til rekstrarkostnaðar skv. 31. gr. verðmæti þessara réttinda ef þau falla niður eða hlutfallslega ef þau eru skert verulega lögum samkvæmt**

Rýrnun aflaheimilda/aflamarks

- Fiskveiðiréttur báts er út af fyrir sig varanlegur. Hinn árlegi veiðaréttur er hins vegar síbreytilegur
- Í ár á maður t.d. rétt að veiða 50 tonn af þorski. Í fyrra var þessi réttur hins vegar 80 tonn. Skerðingin er semsé 30 tonn
- Hafi engin breyting átt sér stað á aflaheimildum bátsins/mannsins það er hinum varanlega hluta á hann engan frádráttarrétt
- Hafi maður keypt 80 tonn í fyrra og má svo aðeins veiða 30 tonn í ár er hann því allt annað en ánægður

YSÚ 185/2011

- Kærandi stundaði útgerð fiskiskips og var aflahlutdeild skips kæranda í þorski óbreytt milli fiskveiðiaranna 2006/2007 og 2007/2008. Hins vegar var úthlutað aflamark í þorski til skipsins umtalsvert lægra síðara árið en hið fyrra
- Kærandi dró lækkunina frá tekjum sem rekstrar kostnað. Skattstjóri felldi frádráttinn niður og kærði skattaðili ákvörðun hans til Yfirskattanefndar sem synjaði kröfu hans um viðurkenningu á frádrættinum

Eignir – tengsl við rekstur

- Maggi er búinn að stunda atvinnurekstur um árabil
- Fyrir stuttu var Magga tjáð að ef hann setti íbúð sína inn í reksturinn gæti hann sparað sér um verulegar fjárhæðir skattalega
- Það eina sem hann þyrfti að passa sig á væri að reikna sér húsnæðishlunnindi
- Gengur þetta að þínu mati? Athugaðu mál Byggðapjónustunnar og Sveins Andra lögmanns

YSÚ 348/2000

- Kærandi, sem var sjálfstætt **starfandi trésmiður**, var ekki talinn hafa sýnt fram á að keypt fartölva væri tilkomin vegna öflunar tekna í atvinnurekstri þannig að tölvan gæti talist fyrnanleg eign
- Vísaði yfirskattanefnd í því sambandi til umfangs starfa kæranda við trésmíðar og þarfar slíks rekstrar almennt fyrir tölvu. Var talið að kæranda væri ekki að neinu leyti heimil gjaldfærsla á kaupverði tölvunnar
- Þar sem ríkisskattstjóri neytti ekki kæruréttar síns vegna þeirrar ákvörðunar skattstjóra að heimila gjaldfærslu á helmingi kaupverðs tölvunnar var þó ekki hróflað við þeirri gjaldfærslu

Getur bóndi átt Landrover?
Er hann ekki bæði
fólksbíll og atvinnubíll

Fólksbifreiðar

- Á tengsl eigna við starfsemi reynir iðulega þegar bifreiðar eiga í hlut
- Þannig er almennt litið svo á að einstaklingur í rekstri geti ekki látið fyrirtæki sitt eiga einkabifreið sína, fjölskyldubílinn
- Tengslin eru hins vegar ríkari þegar um atvinnubifreið er að ræða. Ekkert er þannig til fyrirstöðu að iðnaðarmaður eigi skutbifreið, sendibílstjóri sendibifreið og leigubifreiðastjóri leigubifreið

YSÚ 251/2003

- Í máli þessu var deilt um hvort bifreið kæranda gæti talist fyrnanleg eign í atvinnurekstri hans. Var því hafnað, m.a. þar sem fyrir lá að bifreiðin var notuð **jöfnum höndum** í þágu rekstrarins og í einkaþágu
- Þá var hafnað kröfu kæranda um að litið yrði á breytingar hans á bifreiðinni, sem fólust m.a. í lengingu á palli hennar, sem sérstakan fyrningargrunn, enda var kostnaður vegna breytinganna talinn hluti af stofnverði
- Talið var að breytingar kæranda á bifreiðinni vörðuðu öflun hennar í skilningi 9. gr. reglugerðar nr. 192/1993 og yrði því að fara með virðisaukaskatt sem til féll vegna kostnaðar við breytingarnar eftir reglum um innskattsfrádrátt vegna öflunar sendibifreiða

YSÚ 305/2004

- Við ákvörðun frádráttarbærs bifreiðakostnaðar reiknaði kærandi, sem hafði með höndum búrekstur og skógrækt, með **fastri afskrift** bifreiðar
- Yfirsattanevnd benti á að umkrafinn frádráttur væri byggður á reglum ríkisskattstjóra um fasta afskrift bifreiðar sem bæði væri notuð í þágu atvinnurekstrar og til einkanota
- Þar sem bifreið kæranda var **eingöngu** notuð í þágu skógræktar kæranda en ekki höfð að neinu leyti til eigin nota hans var talið að gjaldfærsla bifreiðakostnaðar á fyrrgreindum grundvelli ætti ekki við í tilviki kæranda, enda yrði ekki annað séð en að telja mætti bifreið kæranda fyrnanlega eign

Upphaf fyrningar, sjá 34. gr. TSL

- Fyrning eignar hefst á því ári er hún er **fyrst** nýtt við öflun tekna, sbr. 34. gr. TSL er hljóðar svo:
 - Fyrningartími eigna hefst við byrjun þess rekstrarárs þegar þær eru **fyrst nýttar** við öflun tekna
- Ekki er skilyrði að eign afli tekna á því ári sem nýting hennar hefst. Eign sem keypt er 31. des. má því fyrna fullri árs fyrningu
- Skilyrði er þó að eignin hafi verið notuð við öflun tekna Leigubifreiðastjóri, sem fær bifreið afhenta 31. des., en fer ekki á vakt fyrr en eftir áramót getur því átt á hættu að vera synjað um fyrningu hennar
- **Notkunarkrafan gildir ekki um söluhagnaðarfyrningu, sjá 14. gr. TSL. Stafar það af því að ákvæðið vísar aðeins í 33. gr. TSL. Notkunarkrafan í 34 gr. TSL á því ekki við**

Sala á eign með hagnaði já það getur hann, þar sem ...

- K er að byggja sér verksmiðju. Þetta er 3 hæða hús og er fyrsta hæðin að vera tilbúin til notkunar
- Til að fjármagna nýbygginguna neyddist K til að selja gömlu verksmiðjubygginguna
- Vegna þessa innleysti K hagnað að fjárhæð 50 millj.
- Getur K fært niður byggingarkostnað nýju byggingarinnar enda þótt hún sé ekki tilbúinn til notkunar

Upphaf fyrningar – fyrst nýttar, sjá 7. tölul. 37. gr. TSL

- Keyptur eignarréttur að verðmætum hugverkum og auðkennum og aðrar eignir sem um er rætt í 4. tölul. 33. gr. má fyrna um 15–20% á ári
- Fyrning eigna samkvæmt þessum tölulið er **heimil í fyrsta skipti á því ári þegar eignanna er aflað eða lagt er í kostnað þeirra vegna**
- Þegar sýnt er fram á að **notkunartími** eigna samkvæmt þessum tölulið er skemmri en 5 ár er heimilt að fyrna þær á **notkunartíma**
- Orðið **notkunartími** er ekki skilgreint en ekki er óvarlegt að túlka það svo að átt sér við höfundaverndartímann

Ath. stöðvun starfsemi

- Gagnstætt almennum rekstrarkostnaði er gjaldfærsla fyrningar **skyldubundin**, sjá innganginn 1. mgr. 37. gr. TSL

Söguleg
skýring

- Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 29. gr. og 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. **skal** fyrning vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna eða eignarflokks sem hér segir:

- Ákveði fyrirtæki að stoppa rekstur sinn um ákveðinn tíma er því ekki sjálfgefið að unnt sé að hætta fyrningum

- Þekkasta dæmið um þetta er auðvitað hvalskipin. Þau hafa legið bundin við bryggju frá 1989 eða í um 25 ár

47. gr.
TSL

- Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi má víkja frá framangreindum reglum um fyrningarhlutföll og veitir ríkisskattstjóri heimild til slíkra frávika

Rekstrarhlé, sbr. YSÚ 54/2008

- Kærandi í máli þessu var hlutafélag sem hafði með höndum hvalveiðar í atvinnuskyni og síðar í vísindaskyni allt til ársins 1989 þegar slíkar veiðar lögðust af við Íslandsstrendur. Í málinu var deilt um gjaldfærðan kostnað og innskatt vegna viðhalds eigna, sem tengdust hvalveiðum og vinnslu hvalaafurða, þar á meðal hvalveiðiskipa og búnaðar til hvalveiða, í skattskilum kæranda fyrir rekstrarárin 2000-2004. Skattstjóri hafnaði frádráttarbærni þess kostnaðar og innskatts á þeim grundvelli að um væri að ræða kostnað vegna eigna sem ekki tengdust atvinnurekstri kæranda á greindum árum. Í úrskurði yfirskattanefndar var bent á að kærandi hefði stundað hvalveiðar í atvinnuskyni um árabil áður en bann við slíkum veiðum tók gildi hér á landi árið 1986 **og að engin ástæða væri til að draga í efa að félagið hefði haft réttmæta ástæðu til að ætla að hvalveiðar í atvinnuskyni kynnu að verða leyfðar að nýju hér við land innan skamms**. Yrði því ekki litið svo á að kærandi hefði hætt atvinnurekstri í venjulegum skilningi heldur hefðu atvik, sem hvorki yrði séð að hefðu verið á **valdi kæranda né leitt af aðstæðum í rekstri kæranda**, leitt til stöðvunar á greindum þætti í rekstri félagsins. Vegna þessara sérstöku aðstæðna hefði kærandi haft hagsmuni af viðhaldi þeirra eigna sem málið varðaði. Var fallist á með kæranda að hin umdeildu útgjöld teldust til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar. Þá var krafa kæranda um frádrátt innskatts vegna umrædds viðhaldskostnaðar tekin til greina og í því sambandi bent á að eignir sem um ræðir hefðu verið notaðar við starfsemi sem félli undir skattskyldusvið laga um virðisaukaskatt og ekki væri um það að ræða að eignirnar hefðu verið teknar til annarrar notkunar þar sem frádráttarrétti innskatts væri ekki til að dreifa

Lok fyrningar

- Fyrningu lýkur þegar kaupverð eignar hefur verið fyrnt niður í 0 kr.
- Ath. þó niðurlagsverð, sbr. 42. gr. Gildir um lausafé og mannvirki, sjá 1. og 2. tölul. 33. gr. TSL er hljóðar svo:
 - Eignir skv. 1. og 2. tölul. 33. gr. má aldrei fyrna meira en svo að ávallt standi eftir sem niðurlagsverð eignar 10% af stofnverði hennar, sbr. 2. mgr. 12. gr.
- Undantekning, sjá 35. gr. TSL. Ekki er heimilt að fyrna eign á því ári er nýtingu hennar lýkur vegna sölu eða af öðrum ástæðum svo sem ef eign verður ónothæf. Er þá heimilt að gjaldfæra mismuninn - **að fullu sem þýðir að krafan um niðurlagsverð á ekki við**

Lok fyrningar, sérstakar aðstæður

- Nýlega keypti útgerðarfyrirtæki nokkurt bátinn Skafta á 100 millj. Þetta er hundraðtonna bátur með ríkulegar aflaheimildir. Verðmæti 80 millj.
- Útgerðarmaðurinn hyggst þó ekki nýta bátinn sem slíkan heldur aðeins aflaheimildirnar
- Báturinn verður hins vegar úreltur. Fyrir það fæst aðeins 5 millj.
- Má gjaldfæra úreldinguna 15 millj. í skattskilunum við álagningu 2019? Hvað segir 35. gr. TSL

YSÚ 50/2018

- Ríkisskattstjóri synjaði beiðni kæranda, sem var einkahlutafélag, um frestun á skattlagningu söluhagnaðar vegna sölu fasteignar um tvenn áramót þar sem ríkisskattstjóri taldi að greind fasteign gæti ekki talist fyrnanleg eign, enda hefði kærandi aflað fasteignarinnar með sölu í huga en ekki til nota í rekstri sínum
- Þótt yfirskattanefnd féllist á með ríkisskattstjóra að tilgreiningar í ársreikningum kæranda bæru frekast með sér að fasteignin hefði verið byggð til endursölu þótti þó varhugavert að láta það atriði ráða úrslitum í málinu, m.a. þar sem skattskil kæranda báru **ekki** með sér að félagið hefði haft með höndum byggingu og sölu fasteigna
- Þar sem ekki þótti ástæða til að vefengja að bygging fasteignarinnar hefði verið gerð með það fyrir augum að nýta fasteignina til öflunar tekna í rekstri kæranda, þ.e. með útleigu, var krafa kæranda tekin til greina

YSÚ 180/2007

- Kærandi var einkahlutafélag og hafði með höndum rekstur og útleigu fasteigna. Kæruefni málsins var sú ákvörðun skattstjóra að heimila ekki sérstaka fyrningu fyrnanlegra eigna á móti tekjufærslu skattskylds söluhagnaðar vegna sölu kæranda á atvinnuhúsnæði á árinu 2002 sem kærandi hafði keypt á sama ári
- Voru forsendur skattstjóra þær að hin selda fasteign gæti ekki talist til fyrnanlegra eigna þar sem eignin hefði ekki verið notuð til öflunar tekna í atvinnurekstri kæranda, enda hefði kærandi afhent kaupanda fasteignina sama dag og kærandi hefði sjálfur fengið eignina afhenta frá seljanda
- Yfirskattanefnd benti á að með kaupum sínum á atvinnuhúsnæðinu hefði kærandi yfirtekið gildandi húsaleigusamning seljanda við leigutaka þótt ekki kæmi til þess að kærandi hefði leigutekjur af eigninni vegna eftirfarandi sölu félagsins á húsnæðinu til leigutakans og þar sem lögskiladagar vegna kaupa og sölu á eigninni féllu saman
- Að því athuguðu og að virtri starfsemi kæranda taldi yfirskattanefnd **ekki** ástæðu til að vefengja að kaup kæranda á húsnæðinu hefðu verið gerð með það fyrir augum að nýta húsnæðið til öflunar tekna í atvinnurekstri kæranda. Var því fallist á kröfu kæranda

Fyrningargrunnur

er það verðmæti sem **fyrningar reiknast af**

- Með fyrningargrunni er átt við kaupverð eða framleiðsluverð eignar, sbr. 36. gr. TSL
- Fyrningargrunnur er því jafnt og stofnverð, sjá 12. gr. TSL. Hér reynir því á sömu vandamál og við ákvörðun hagnaðar af sölu eigna
- Ákvæðið skilgreinir tvenns konar fyrningargrunna, þ.e. annars vegar kaupverð og hins vegar framleiðsluverð
- Ekki gleyma heldur verðbreytingarfærslunni til ársloka 2001. Með verðbreytingarfærslu er átt við endurmat stofnverðs skv. verðbreytingarstuðli kaupársins

36. gr. TSL nánar

- Verðmæti sem fyrning er reiknuð af hverju sinni telst fyrningargrunnur eigna
- **Stiglækkandi fyrning – reiknast af lækkandi fyrningarstofni**
 - Fyrningargrunnur eigna skv. 1. tölul. 33. gr. telst stofnverð þeirra, sbr. 2. mgr. 12. gr., **að frádregnum áður fengnum fyrningum.**
- **Línuleg fyrning – reiknast ávallt af sömu fyrningu**
 - Fyrningargrunnur eigna skv. 2.–5. tölul. 33. gr. telst stofnverð þeirra, sbr. 2. mgr. 12. gr.
- Fyrningargrunnur eigna, sem skattaðili hefur eignast fyrir lok reikningsársins 2001, og fengnar fyrningar þeirra ákvarðast í samræmi við endurmat stofnverðs við framtalsgerð á árinu 2002
 - Endurmat stofnverðs – hækkun skv. verðbreytingarstuðli

Stiglækkandi fyrning

Fyrningin reiknast af bókfærðu verði

Ár	2016	2017	2018	2019
Kaupverð	2.500.000	1.625.000	1.056.250	686.563
Fyrning ársins	875.000	568.750	369.688	240.297
Bókfært verð	1.625.000	1.056.250	686.563	446.266

Línuleg fyrning

Fyrningin reiknast af fyrningargrunni það er upphaflegu kaupverði eða framleiðsluverði

Ár	2016	2017	2018	2019
Kaupverð	5.000.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000
Fyrning ársins	300.000	300.000	300.000	300.000
Bókfært verð	4.700.000	4.400.000	4.100.000	3.800.000

Eyðslu fyrning, sjá 6. tölul. 37. gr. TSL

- **Eyðanleg** náttúruauðæfi **og** keyptan rétt til nýtingar þeirra skal fyrna miðað við **áætlaða heildarnýtingu og raunverulega nýtingu ár hvert.**
- Áætluð heildarnýting er háð samþykki ríkisskatt stjóra. Fyrir hann þarf því að leggja drög að heildar nýtingu og nýtingu ársins
- Heildarfjárhæð fyrningar samkvæmt þessum tölulið má aldrei verða hærri en fyrningargrunnur hins fyrnda að frádregnu verðmæti því sem eftir stendur að lokinni nýtingu

Fleirkaup: Flókið kerfi, sérstaklega þegar lausafé á í hlut

- Fyrna ber hverja eign sér. Kaupi/smíði fyrirtæki margar eignir saman verður því að skipta kaupverðinu á milli þeirra
- Við skiptinguna ber að ganga út frá markaðsverði einstakra eigna. Þetta er meginreglan
- Þegar fasteignir eiga í hlut fer þó um skiptinguna skv. ákvæði 26. gr. TSL. Skv. því ber að skipta kaupverðinu miðað við fasteignamat umræddra eigna á kaupári

Dæmi 1

- Fyrir nokkrum árum fékk X ókeypis lóð hjá bæjarfélaginu Y
- Var lóðin veitt fyrirtækinu gegn því að það reisti verksmiðju er skapa myndi störf fyrir 20 menn
- Verksmiðjan er núna til sölu á 150 millj. Bókfært verð versmiðjunnar er 100 millj. þannig að gangi salan eftir verður 50 millj. kr. hagnaður af sölunni
- Hvernig skattleggst hann miðað við að fasteignamat verksmiðjunnar sé 90 millj. og lóðarinnar 15 millj.

Þar sem ólíkar reglur gilda um skattlagningu eignanna verð ég að skipta söluverðinu skv. 26. gr. TSL. Hagnaður hússins skattleggst skv. 13. gr., sbr. 14. gr. TSL en skattlagning lóðarinnar fer eftir 15. gr. TSL. Ath. sérstaklega 3. mgr. ákvæðisins í því sambandi

Eign	Fasteignamat	Söluverð	Bókfært verð	Hagnaður
Fasteign	90.000.000	128.571.429	100.000.000	28.571.429
Lóð	15.000.000	21.428.571	0	21.428.571
Alls	105.000.000	150.000.000	100.000.000	50.000.000



[Mönnum utan atvinnurekstrar]1) er jafnan heimilt að telja helming söluverðs til skattskyldra tekna í stað söluhagnaðar skv. 2. mgr.

Dæmi 2

- Fyrir nokkrum árum keypti X 10 tonna bát með sóknarmarksleyfi fyrir 50 millj.
- Um síðir var þessu sóknarmarksleyfi breytt í aflahlutdeild. Í ár jafngildir þessi réttur 30 millj. í krónum talið.
- Öll þau ár sem báturinn hefur verið í eigu X hefur hann verið fyrntur miðað við upphaflega kaupverðið. Skv. því stendur hann í 20 millj.
- X ætlar nú að selja bátinn fyrir 5 millj. Hvernig ber að gera upp hagnað X af sölunni og hvernig skattleggst hann?

Skv. því er ekki 15 millj. kr. tap af
sölunni heldur hagnaður að fjárhæð
2.142.857 kr. Um skattlagninguna fer
skv. 13. gr., sbr. 14. gr. TSL

Eign	Upphafl. verð	Verð í dag	Söluverð	Bókf. verð	Hagnaður
Bátur	50.000.000	5.000.000	5.000.000	2.857.143	2.142.857
Kvóti	0	30.000.000	0	17.142.857	0
Alls	50.000.000	35.000.000	5.000.000	20.000.000	2.142.857

Fyrningarhlutföll

1. Srax fyrningar, sbr. 39. gr. TSL. Stofnverð eignar gjaldfært á því ári er eign er keypt. Fyrningarhlutfallið er því 100%
2. Almennar fyrningar, sjá 37. gr. TSL. Kaupverð eignar er gjaldfært á nokkrum árum, frá 4 árum til 100 ára.

Saldófyrning

Danir nota svona fyrirkomulag

- Allt lausafé er fyrnt saman um ca 30% á ári
- Fyrningarstofninn er því gerður upp eins og vörubirgðir:
 - ✓ eignir í upphafi árs +/-kaup og sala = fyrningarstofn í árslok
- Þegar fyrnt er skv. svona fyrirkomulagi getur fyrningarstofninn orðið neikvæður. Það þýðir tekjur og hefur atvinnurekandi nokkurn tíma til að kaup nýjar eignir til að jafna þær út

Straxfyrningar eignir og eignasmstæður. Hvað merkir það?

- Skytt er að eignfæra verðmæti sem stendur óeytt í árslok. Þetta gildir forstakslaust nema heimilt sé að víkja frá því í lögum. Sjá 39. gr. TSL er hljóðar svo:
- Þegar kostnaðarverð einstakra eigna eða eignasamstæðna **er undir 250.000 kr.** er heimilt að færa það að fullu til gjalda á því ári þegar þeirra er aflað

Nánar um 39. gr. TSL

- **Einstakar eignir.** Þegar margar eignir eru keyptar saman er viss tilhneigin til að líta á þær sem eina einstaka eign. Dæmi:
 - hótél kaupir 100 rúm fyrir $100 \times 100.000 = 10$ millj.
- **Eignasamstæður.** Hér er átt við tvær eða fleiri eignir sem tengja verður saman til að fullnýta þær. Dæmi:
 - tölva og prentari, skrifborð og stóll

YSÚ 636/1997

- Fjallað um heimild kæranda til að gjaldfæra á rekstrarreikningi kaup á tölvubúnaði með tilliti til ákvæða 41. gr. laga nr. 75/1981. Yfirkattanevnd véc að sjónarmiðum um skýringu ákvæðisins og taldi að meginsteftu til bera að taka mið af því hvort um kaup á **samkynja eignum** væri að ræða. Var talið að virða bæri kaup kæranda á tölvubúnaði **heildstætt** með tilliti til fyrrgreindrar gjaldfærsluheimildar. Bæri því að eignfæra tölvubúnaðinn og fyrna hann sem eignasamstæðu
- Með bréfi, dags. 24. júlí 1996, tilkynnti skattstjóri kæranda að hann hefði með vísan til 1. mgr. 95. gr. laga nr. 75/1981, gert breytingar á skattframtali hans. Hefði fyrningarskýrsla (RSK 4.01) meðfylgjandi skattframtali verið leiðrétt. **Eignirnar tölva og fylgihlutir, prentari og skjár og margmiðlunarpakki sem gjaldfærðar væru að fullu á rekstrarreikningi flokkuðust undir það að vera eignasamstæða** og væri því aðeins heimil fyrning skv. 4. tölul. 38. gr. áður nefndra laga að hámarki 20%

Almennar fyrningar, sjá 37. gr. TSL

Eign	Ákvæði	Lágmark	Hámark
Skip og skipsbúnaður	1. tölul. 37. gr.	10	20
Fólksbifr. aðrar en leigubifr.	1. tölul. 37. gr.	10	20
Löftför og fylgihutir þeirra	2. tölul. 37. gr.	10	20
Verksmiðjuvélar, iðnaðarvélar	3 tölul. 37. gr.	10	30
Skrifstofuáhöld og -tæki	a-liður 4. tölul. 37. gr.	20	35
Vélar og tæki til jarðvinnslu	b-liður 4. tölul. 37. gr.	20	35
Bifreiðar og önnur flutningatæki	b-liður 4. tölul. 37. gr.	20	35

Söluhagnaðarfyrning, sbr. 14. gr. TSL → sérstök fyrning

- Söluhagnaðarfyrning er ein tegund fyrningar. Ekki er því óeðlilegt að sömu kröfur séu gerðar til eignar sem keypt er til að söluhagnaðarfyrna, þar á meðal að nýting hennar við öflun tekna sé hafin, sbr. 34. gr. TSL og annarra fyrnanlegra eigna
- Á þetta hefur reynt í nokkrum málum og hafa þau fallið svo að þar sem 14. gr. TSL vísar ekki til 34. gr. TSL þurfi svo ekki að vera. Nægilegt er semsé að eignin sé fyrnanleg skv. 33. gr. TSL til að söluhagnaðarfyrning sé heimil
- Þannig er ekkert því til fyrirstöðu að fyrna eign í smíðum

Niðurfæranlegar eignir, sjá 32. gr. tekjuskattslaga

- **Almennur stofnkostnaður**
 - a) Stofnkostnaður, svo sem kostnaður við skráningu fyrirtækis og öflun atvinnurekstrarleyfa
- **Sérstakur stofnkostnaður**
 - b) Kostnaður við tilraunavinnslu, markaðsleit, rannsóknir og öflun einkaleyfis og vörumerkja

Niðurfærsla, strax gjaldfærsla eða 20% afskrift á ári

Tímafærsla niðurfærslu

Umræddar eignir **er heimilt** að færa niður á því ári sem þær myndast eða með jöfnum fjárhæðum á fimm árum

Niðurfærsla byggist á heimild gagnstætt fyrningum sem grundvallast á skyldu – hvað þýðir þetta?

Upphaf niðurfærslu

Niðurfærsla samkvæmt grein þessari er **heimil** (**ekki skylda, öfugt við fyrningu**) til frádráttar í fyrsta skipti á því ári þegar eignanna er aflað eða lagt er í kostnað þeirra vegna

Fullvirðisréttur

- Réttur til að framleiða ákveðið magn af mjólk og eða kjöti skv. lögum nr. 99/1993. Um skattlagninguna giltu áður
- Hliðstæðar reglur og um varanlegar aflaheimildir
 - Úthlutaður réttur myndar því ekki eign
 - Keyptur réttur taldst til eignar á kaupverði
- Sala á fullvirðisrétti fór áður eftir 15. gr., sbr. 3. mgr. 32. gr. TSL
- Hagnaður gat því verið 50% af söluverði
 - Þá var heimilt að fresta skattlagningu og keypti bóndi sér t.d. íbúð mátti hann færa niður kaupverð hennar um fjárhæð hagnaðarins

ÞESSU HEFUR NÚ VERIÐ BREYTT

- Sala á fullvirðisrétti telst nú að fullu (100%) til tekna
- Hins vegar er enn þá heimilt að fresta skattlagningu hagnaðarins um tvenn áramót og kaupi hlutaðeigandi aðra eign eða íbúðarhúsnæði innan þess tíma má vera niður stofnverð þess um hagnaðinn

Bústofnsbreyting - vandamál

- Eins og áður sagði ber að gera upp bústofnsaukningu og minnkun eins og vörunotkun
- Við breytingarnar er stuðst við skattmat ríkisskattstjóra. Það skattmat er sjaldnast í takt við raunveruleikan. Verðmæti einstakra gripa er þannig langtum lægra en markaðsverð
- Þetta skapar ákveðin vandamál þegar bóndi þarf að endurnýja bústofn sinn. Skattmatsverð bústofns A í árslok árið 1 er t.d. 720.000 kr. (100×7.200). Á árinu 2 tekur A þá ákvörðun á endurnýja bústofn sinn
- Í því skyni kaupir A 100 sérvaldar gimbrar á 1.500.000 kr. Í árslok árið 2 er skattmatsverð bústofnsins 660.000 kr. (100×6.600) Vegna þessa gjaldfærir A sem vörunotkun ($720.000 + 1.500.000 - 660.000 = 1.560.000$ kr.
- Áður fyrr var þessi gjaldfærsla óheimil. Árið 2001 var hins vegar gert samkomulag við RSK um gjaldfærslu kaupanna eins og fyrningu. Gjaldfærslan í ár er því $0,20 \times 1.500.000 = 300.000$

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra um bústofn til eignar í skattframtali 2012.

Eignamat í árslok.

Samkvæmt 2. tl. 73. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal telja búpening til eignar með verði er ríkisskattstjóri ákveður til eins árs í senn. Samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 213/2001, um skattalega meðferð á bústofnsbreytingu og kaupverði lífdýra í landbúnaði, skal færa bústofn allan í ársbyrjun á bústofnsskýrslu með því verði sem ríkisskattstjóri ákveður sbr. framangreint.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið eftirfarandi mat á búpeningi í árslok 2011, álagningarárið 2012, vegna bústofnsskýrslu fyrir það álagningarár:

	kr.
Mjólkurkúr	105.000
Holdakúr og naut	91.000
Kvígur, 1 1/2 árs og eldri	67.000
Geldneyti	48.000
Kálfar, yngri en 1/2 árs	12.000
Ær og sauðir	7.200
Hrútar	11.500
Gemlingar	6.400
Geitur	3.600
Hross á 14. vetri og eldri	17.000
Hross á 5. – 13. vetri	34.000
Fulltamin reiðhross á 5. – 13. vetri	130.000
Önnur nýtanleg reiðhross	65.000
Verðlaunahross á 5. – 13. vetri	180.000
Kynbótahestar á 5. – 13. vetri	260.000
Verðlaunaðir kynbótahestar á 5. – 13. vetri	360.000
Tryppi á 2. – 4. vetri	10.500
Fólöld	7.500
Hænsni, eldri en 6 mánaða	870
Varphænsni 6 mánaða og yngri	550
Kjúklíngar	200
Endur	760
Gæsir	1.520
Kalkúnar	2.200
Gyltur	34.000
Geltir	50.000
Grísir	7.500
Kanínur	2.000
Minkar:	
Karlidýr	6.200
Kvendýr	4.300
Hvolpar	0
Refir:	
Karlidýr og kvendýr	6.000
Hvolpar	0
Önnur ótilgreind dýr nýtt í rekstri	3.500

Reykjavík, 30. desember 2011.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra um bústofn til eignar í skattframtali 2013.

Eignamat í árslok.

Samkvæmt 2. tölul. 73. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal telja búpening til eignar með verði er ríkisskattstjóri ákveður til eins árs í senn. Samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 213/2001, um skattalega meðferð á bústofnsbreytingu og kaupverði lífdýra í landbúnaði, skal færa bústofn allan í ársbyrjun á bústofnsskýrslu með því verði sem ríkisskattstjóri ákveður sbr. framangreint.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið eftirfarandi mat á búpeningi í árslok 2012, álagningarárið 2013, vegna bústofnsskýrslu fyrir það álagningarár:

	kr.
Mjólkurkúr	108.000
Holdakúr og naut	94.000
Kvígur, 1 1/2 árs og eldri	69.000
Geldneyti	49.000
Kálfar, yngri en 1/2 árs	12.500
Ær og sauðir	7.400
Hrútar	11.800
Gemlingar	6.600
Geitur	3.700
Hross á 14. vetri og eldri	17.000
Hross á 5. – 13. vetri	34.000
Fulltamin reiðhross á 5. – 13. vetri	140.000
Önnur nýtanleg reiðhross	70.000
Verðlaunahross á 5. – 13. vetri	200.000
Kynbótahestar á 5. – 13. vetri	280.000
Verðlaunaðir kynbótahestar á 5. – 13. vetri	380.000
Tryppi á 2. – 4. vetri	11.000
Fólöld	8.000
Hænsni, eldri en 6 mánaða	870
Varphænsni 6 mánaða og yngri	550
Kjúklíngar	210
Endur	780
Gæsir	1.540
Kalkúnar	2.300
Gyltur	34.000
Geltir	50.000
Grísir	7.500
Kanínur	2.000
Minkar:	
Karlidýr	6.500
Kvendýr	4.500
Hvolpar	0
Refir:	
Karlidýr og kvendýr	6.000
Hvolpar	0
Önnur ótilgreind dýr nýtt í rekstri	3.500

Reykjavík, 17. desember 2012.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri.

B-deild - Útgáfud.: 31. desember 2012

Reglugerð
nr. 213/2001, um skattalega meðferð á bústofnsbreytingu og kaupverði
lífdýra í landbúnaði.*¹⁾

^{*1)}Sbr. reglugerð nr. 49/2008.

1. gr.

- (1) Breytingu á bústofni í landbúnaði skal meta til tekna eða gjalda sem hér segir:
- (2) Bústofn eins og hann var í ársbyrjun og bústofn í árslok skal færa á landbúnaðarskýrslu og reikna til verðs með sama verði og bústofninn er metinn til eignar í árslok samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra. Mismunurinn á heildarverði gripanna í ársbyrjun og árslok, bústofnsaukning eða bústofnsskerðing, færast til tekna eða gjalda eftir atvikum.
- (3) Kaupverð lífdýra má gjaldfæra að fullu á kaupári þegar kaupverð hvers einstaks lífdýrs er undir þeirri fjárhæð sem tilgreind er í [39. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.]¹⁾ Ef kaupverð á lífdýri er hærra en sú fjárhæð skal gjaldfæra kaupverðið með jöfnum fjárhæðum á fimm árum. Í þeim tilvikum skal gjaldfærsla á kaupári þó aldrei vera lægri en matsverð gripsins í árslok samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra. Gjaldfærslan í heild skal aldrei vera hærri en kaupverðið. Sé lífdýr selt eða það drepst innan fimm ára frá því að það var keypt skal færa til gjalda þann hluta kaupverðsins sem þá er ógjaldfærður.
- (4) Hafi gjaldfærsla á kaupverði lífdýrs verið dreift á fimm ár, sbr. [3. mgr.]¹⁾ þessarar greinar, skal eignfæra þann hluta kaupverðs sem ógjaldfærður er. [—]¹⁾

¹⁾Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 49/2008.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt^{*1)} með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við ákvörðun tekna og gjalda árið 2001 vegna álagningar opinberra gjalda á árinu 2002. Frá sama tíma fellur úr gildi 3. töluliður B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt.

^{*1)}Nú 121. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við framtal 2001 vegna tekna og eigna á árinu 2000 skal heimilt að meta bústofnsaukningu, bústofnsskerðingu og kaup á lífdýrum til tekna og gjalda samkvæmt reglugerð þessari í stað 3. töluliðar B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt.

Reglugerð nr. 213/2001, um skattalega meðferð á bústofnsbreytingu og kaupverði lífdýra í landbúnaði

Strax fyrning

1. gr.

- (1) Breytingu á bústofni í landbúnaði skal meta til tekna eða gjalda sem hér segir:
1. Bústofn eins og hann var í ársbyrjun og bústofn í árslok skal færa á landbúnaðar-skýrslu og reikna til verðs með sama verði og bústofninn er metinn til eignar í árslok samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra. Mismunurinn á heildarverði gripanna í ársbyrjun og árslok, bústofnsaukning eða bústofnsskerðing, færist til tekna eða gjalda eftir atvikum.
 2. Kaupverð lífdýra má gjaldfæra að fullu á kaupári þegar kaupverð hvers einstaks lífdýrs er undir þeirri fjárhæð sem tilgreind er í [39. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.] 1) Ef kaupverð á lífdýri er hærra en sú fjárhæð skal gjaldfæra kaupverðið með jöfnum fjárhæðum á fimm árum. Í þeim tilvikum skal gjaldfærsla á kaupári þó aldrei vera lægri en matsverð gripsins í árslok samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra. Gjaldfærslan í heild skal aldrei vera hærri en kaupverðið. Sé lífdýr selt eða það drepst innan fimm ára frá því að það var keypt skal færa til gjalda þann hluta kaupverðsins sem þá er ógjaldfærður.
 3. Hafi gjaldfærslu á kaupverði lífdýrs verið dreift á fimm ár, sbr. [3. mgr.] 1) þessarar greinar, skal eignfæra þann hluta kaupverðs sem ógjaldfærður er. [---]1)

Gjaldfærsla bústofnsbreytinga

- Lýtur semsé sömu reglum og fyrning varanlegra rekstrarfjármuna. **Er það heppilegt?**
 - Skiptir kannski ekki máli, - aðalatriðið er nefnilega að menn geti gjaldfært
- Ath. að reglugerðin tekur einungis til þeirra sem stunda landbúnað og því er spurning hvað gildi um aðra ...
 - Ef til vill er þetta þó ekki áhyggju efni þar sem gera má ráð fyrir að hugtakið landbúnaður sé túlkað rúmt

Ekki meira um þetta enda komið nóg

Takk fyrir

**Athugið að efni þessa fyrirlestur getur
haft 30% vægi á prófi**